


**GÖGN VARÐANDI KRÖFLUVIRKJUN  
AFHENT JÚLÍUSI SÓLNES**

**desember 1977 - janúar 1978  
vegna skýrslu iðnaðarráðherra  
til Alþingis um Kröfluvirkjun**

**GÖGN VARÐANDI KRÖFLUVIRKJUN  
AFHENT JÚLÍUSI SÓLNES**

**desember 1977 - janúar 1978  
vegna skýrslu iðnaðarráðherra  
til Alþingis um Kröfluvirkjun**

T e x t i



1. Rannsóknir til undirbúnings virkjunar í Námafjalli eða Kröflu.

1.1. Hver annaðist rannsóknir og hvenær þær voru unnar.

Fyrstu rannsóknir sem beindust að nýtingu jarðvarma við Námafjall hófust rétt fyrir 1950, en þá létt Raforkumálastjóri bora nokkrar grunnar borholur í Hverarönd í þeim tilgangi að kanna möguleika á brennisteinsvinnslu.

Allar jarðhitarannsóknir á Námafjalls og Kröflusvæðinu eftir 1955 hefur jarðhitadeild Orkustofnunar haft með höndum. Rannsóknir á jarðhitasvæðinu við Námafjall vegna kísilgúrvinnslu hófust um 1960 og boranir 1963. Alls hafa nú verið boraðar 10 (bor)holur í Bjarnarflagi vegna Kísiliðju og rafstöðvar í Bjarnarflagi.

Rannsóknir á Kröflusvæðinu hóf jarðhitadeild 1970. Að frumrannsókn svæðisins var unnið á árunum 1970 - 1974. Djúprannsókn hófst í Bjarnarflagi 1963, en í Kröflu 1974, þ.e.a.s. þegar byrjað er að bora á hvoru svæði fyrir sig.

Rannsókn jarðhitasvæða er í eðli sínu þannig að henni líkur aldrei (sjá fskj. 54). Fyrsti áfangi rannsóknar beinist að því að undirbúa ákvörðun um borun. Annar áfangi felur í sér mælingar á borholum og miðar að því að undirbúa ákvörðun um virkjun. Síðari áfangar fela í sér frekari mælingar á borholum og athugun á langtímahéginum jarðhitasvæðisins.

1.2. Rannsóknir og boranir við Námafjall fram til 1970.

Í tengslum við áform um byggingu Kísiliðju, er nýtti kísilgúr úr botni Mývatns, fóru fram rannsóknir og rannsóknarboranir í Bjarnarflagi í byrjun sjöunda áratugsins. Voru tvær rannsóknarholu boraðar á árunum 1963-1965. Árið 1965 voru gerðar nokkrar segulmælingar, þyngdarmælingar og jarðfræðiathuganir á svæðinu (fskj. 2). Árangur fyrstu rannsóknarholanna og þá sérstaklega mælt hitastig, vöktu umræðu um byggingu gufuaflstöðvar í Bjarnarflagi (sbr. fskj. 3, júní 1967).

Fyrsta vinnsluholan í Bjarnarflagi var boruð 1966 fyrir gufuveitu til Kísiliðjunnar. Á árunum 1968-1970 voru boraðar 6 vinnsluholur til viðbótar, sem fram til 1975 nægðu Kísiliðjunni, gufuafilstöð Laxárvirkjunar (3MW), sem reist var í Bjarnarflagi árið 1969 og Hitaveitu Reykjahlíðar, sem tekin var í notkun 1973. Árið 1975 var áttunda vinnsluholan boruð til þess að fullnægja gufubörfinni einkum vegna þess að ein holan (nr. 5) var orðin mjög afkvana. Boranir við Námafjall á árunum 1963-68 eru raktar í sérstakri skýrslu (fskj. 7).

### 1.3. Rannsóknir á Námafjalls-Kröflusvæðinu eftir 1970.

Á árinu 1970 hófust rannsóknir á Námafjalls-Kröflusvæðinu í samræmi við áætlun Orkustofnunar um rannsókn háhitavæða (fskj. 8). Heildarskýrsla um rannsóknir ársins 1970 var birt í júní, 1971 (fskj. 12). Í henni er ítarlegt yfirlit um jarðfræðilega byggingu Námafjalls-Kröflusvæðisins. Í henni kemur líka fram, að gassamsetning í gufuaugum í Kröflu bendir til tiltölulega hæsts hita í sprengigígum sunnan Vítis og í gilinu (Hveragil) suðvestan í Kröflu (bls. 53). Gæti hitastig reynst 245-285°C á 600-1200 m dýpi (bls. 57). Jarðeðlisfræðilegar athuganir (flugsegulmælingar og viðnámsmælingar) sýndu frávik við Námafjallssvæðið annars vegar og Kröflusvæðið hins vegar, sem gáfu nokkra vitneskju um stærð jarðhitavæðanna í láréttu stefnu. Fjöldi viðnámsmælinga við Kröflu var þó ónógur. Frekari viðnámsmælingar voru því gerðar sumarið 1971. Niðurstöður eru birtar á viðnámskorti (nr. 15 í ritskrá). Ekki var skrifuð sérstök skýrsla um þessar niðurstöður. Á árunum 1971-73 var unnið að jarðsveiflumælingum á Kröflusvæðinu. Niðurstöður frumúrvinnslu liggja fyrir í gagnasafni Orkustofnunar. Auk þess hefur verið bætt við jarðfræðikortlagningu Kröflusvæðisins.

Djúprannsókn með borunum hófst á Kröflusvæðinu árið 1974. Megintilgangurinn var að afla gagna til samanburðar við Námafjallssvæðið. Niðurstöðurnar skyldu síðan nota til þess að velja á milli hvort þessara svæða skyldi undirbúið fyrir byggingu gufuafilstöðvar. Til greina kom að bora eina holu með Gufubor (Dofra) niður á um 2000 metra dýpi. Niðurstaðan varð hins vegar sú að bora tvær holur niður á um 1100 metra dýpi. Til verksins var fenginn Wabco-bor (Glaumur).

Borun hófst í ágúst og lauk í byrjun desember 1974. Skýrsla um niðurstöður rannsóknarborananna var birt í febr. 1975 (fskj. 19). Voru niðurstöður skýrslunnar kynntar á sérstökum fundi á Hótel Loftleiðum 26. febrúar með fulltrúum Iðnaðarráðuneytis, Kröflu-nefndar og Náttúruverndarráðs. Fyrr í þeim mánuði hafði ráðgjafar-áðiljum Kröflunenfdar verið send frumdrög að skýrslunni.

Í inngangi skýrslunnar frá febrúar 1975 segir: "Tilgangur rannsóknarborananna var annars vegar sá að afla nægilegra upplýsinga um vinnslueiginleika Kröflusvæðisins fyrir samanburð við Námafjalls-svæðið. Hins vegar að reyna að afmarka væntanlegt vinnslusvæði. Talið var að tvær 1000 m djúpar holur í Kröflu hefðu hliðstætt upplýsingagildi og holurnar í Námafjalli. Við tillögur um borun tveggja rannsóknarholra var gert ráð fyrir þeim möguleika, að önnur holan gæti mistekist vegna hrungjarnra berglagra, óþéttanlegra vatns-æða á litlu dýpi eða vegna óhapps við borun. Eins var hætta á rennslí milli vatnsæða þar sem ekki var vitað fyrir um nauðsynlegt fóðringardýpi, en slíkt hefur stundum borið við í fyrstu holum, sem boraðar eru á áður ókunnu háhitasvæði. Eru dæmi um það frá Náma-fjalli, Reykjanesi og Nesjavöllum. Í reynd fór svo, að í holu 2 er innrennslí úr æðum rétt fyrir neðan fóðringarenda, sem heldur niðri dýpri æðum í holunni vegna niðurrennslis.

Í skýrslunni segir enn fremur: "Niðurstaða borana og annarra rannsókna á Kröflusvæðinu er sú, að það standi undir 50-60 MW gufu-virkjun og hugsamlegri stækkan síðar. Mælt er með því, að hafist verði handa um að bora vinnsluholur í Kröflu þegar sumarið 1975.

Kröflusvæðið er fast að tífalt stærra að flatarmáli en Námafjalls-svæðið og því líkur á, að það sé öruggara í vinnslu og standi undir verulegri stækkan síðar að því gefnu að vinnslueiginleikar beggja svæðanna séu líkir.

Lagt er til, að um  $10 \text{ km}^2$  svæði, sem nær yfir Kröflu og Leirhnúk verði fyrst í stað afmarkað sem vinnslusvæði.

Rannsóknarholurnar eru 2, hola 1 1138 m djúp og hola 2 1204 m djúp. Hæðarmunur á holunum er 70 m og stendur hola 2 hærra í 552 m hæð yfir sjó. Í holu 1 reyndist vera lítið af æðum. Hiti í henni var nálægt suðumarksfeli allt til botns og mældist hæstur 298°C. Í holu 2 var hins vegar mikið af æðum neðan 325 m. Tiltölulega kalt vatn (190°C) rennur niður eftir holunni úr æðum í 325-350 m dýpi og fæst því ekki rétt mynd af hitaástandi í bergi neðan þess dýpis, en þar ofan við er hitinn við suðumarksferilinn. Búast mætti við, að vinnsluholur, sem boraðar yrðu nærri holu 1, myndu ekki lenda í verulegum vatnsæðum ofan 1000 m dýpis, en ef borað yrði nærri holu 2 fengist líklega verulegt vatnsmagn úr vatnsæðum milli 700-1200 m. Ekki er ólíklegt að hitinn í jarðhitakerfinu fylgi suðumarksferlinum dýpra niður en rannsóknarholurnar ná, þannig að á 2000 m dýpi gæti orðið allt að 330°-340°C hiti. Meðalhiti á því vatni, sem kæmi inn í borholur yrði lægri, sem næmi því vatnsmagni, sem streymdi inn í holurnar ofar.

Vegna æða ofarlega í holu 2 og vegna hins háa hita þarf að fóðra vinnsluholur með steyptri fóðringu niður í a.m.k. 600 m.

Bein reynsla liggur ekki fyrir um eiginleika 300°C heits vatns með tilliti til útfellinga í holutoppi og skiljum. Því er lagt til, að fyrstu vinnsluholur verði boraðar á svæðinu í kringum holu 2 þar sem vænta má vatns með meðalhita undir 300°C. En ein reynsluhola verði boruð nálægt holu 1, þar sem vænta má vatns með hærri meðalhita en 300°C.

Efnainnihald í vatni og gufu í holum 1 og 2 í Kröflu er svipað og í vinnsluholunum í Námafjalli og má því styðjast við reynslu þar hvað varðar tæringu og aðra eiginleika vatnsins. Heildargasmagn er þó nokkru meira í Kröflu eða nálægt 1% í gufu við 6-10 ata þrýsting.

Við ákvörðun á vinnsluþrýstingi á gufuskiljum er vert að hafa í huga möguleika kísilútfellingar, sérstaklega vegna þess hve hár hiti hefur mælst í holu 1.

Lagt er til að affallsvatni verði veitt í uppistöðulón í Þríhyrningsdal í hálsinum vestan við Leirbotna, þar sem útfellingar yrðu við hæga kólnun og brennisteinsvetni ryki burt. Útfallið úr lóninu rynni síðar suður Hlíðardal að vesturjarðri Búrfellshrauns, og hyrfi

í hraunin.

Á grundvelli jarðgrunnsrannsókna er lagt til, að stöðin verði reist á hrauni innst í Hlíðardal. Þaðan eru um 500-1500 m að væntanlegum vinnsluholum".

Varðandi rannsókn Námafjalls- og Kröflusvæðisins á tímabilinu 1970-74 var í öllum aðalatriðum fylgt þeirri áætlun, sem kemur fram í skýrslu Orkustofnunar "Áætlun um rannsókn háhitasvæða" (fskj. 8, bls 4 í fskj. 19). Miðað við þessa áætlun má sjá á hvaða stigi rannsóknir voru í febrúar 1975 (fskj. 8, bls. 5 og myndir 3 til 5).

#### 1.4. Athuganir á hagkvæmni jarðgufuafilstöðva við Námafjall eða Kröflu.

Í júní, 1972 sendi Orkustofnun frá sér frumáætlun um jarðgufuafilstöð við Námafjall eða Kröflu, 8, 12 og 16 MW að stærð (fskj. 16). Á bls. 23 í þessari skýrslu er m.a. bent á að teljast verður óráðlegt að leggja í mjög dýra gufuaflsbirkjun, þar sem ekki er fengin nægileg reynsla hérlendis af jarðhitasvæðunum sjálfum. Gerð er tímaáætlun fyrir 8-16 MW jarðgufuafilstöð (bls. 36-37). Orörétt stendur: "Ljóst er, að ekki er hægt að taka ákvörðun um byggingu afilstöðvar, fyrr en nauðsynlegum undirbúningsrannsóknum er lokið. Á þetta sérstaklega við um Kröflusvæðið og er nauðsynlegt að minnst ein eða tvær reynsluholur séu boraðar og prófaðar. Einnig væri æskilegt, að gerðar væru tilraunir með efni þau, er helst koma til greina við smiði ýmissa vélahluta afilstöðvarinnar, sem miða að því að kanna áhrif gufunnar og þéttivatnsins með tilliti til tæringar, útfellingar og styrkleika".

Í september 1973 sendi Orkustofnun frá sér aðra frumáætlun um jarðgufuafilstöð við Námafjall eða Kröflu (fskj. 17). Í henni er borin saman hagkvæmni á 8, 12, 16 og 55 MW virkjun og er niðurstaðan sú, að stofnkostnaður sé verulega lærgi á hvert uppsett megawatt (MW) fyrir 55 MW virkjun en smærri virkjanir (8-16 MW). Á bls. 8 stendur: "Reiknað er með, að 15 borholur þyrfti fyrir 55 MW virkjun á hvoru svæðinu, sem kynni að verða fyrir valinu".

Þessi frumáætlun var gerð í beinu framhaldi af skýrslu Orkustofnunar "Jarðgufuaflstöð, frumáætlun um aflstöð með tilliti til virkjunar í Námafjalli eða Kröflu, júní 1972". Tæknileg atriði og forsendur fyrir kostnaðaráætlun byggjast á þeirri skýrslu (fskf. 16), en þess er þó sérstaklega getið, að verð á erlendu efni miðast við upplýsingar frá "Toshiba, Japan" og "GIE Franco Tosi, Ítalíu". Annars eru helstu niðurstöður á þessa leið.

"Jarðhitarannsókn á jarðhitasvæðinu við Kröflu er ekki enn lokið, en ef borun einnar eða tveggja rannsóknarhola þar gæfi jákvæðan árangur, má telja, að jarðhitasvæðin við Kröflu og Námafjall séu bæði jafn vel fallin til virkjunar. Vegna frárennslis er þó talið óráðlegt að staðsetja virkjun vestan Námfjalls. Umhverfisáhrif af völdum frárennslisvatns eru sennilega svipuð, hvort heldur virkjunin væri austan Námfjalls eða við Kröflu, þar sem frárennslisvatnið rennur í báðum tilfellum að jaðri Búrfellshrauns. Nokkur gufumökkur fylgir virkjun af þessari gerð, en hann er ekki talinn valda neinni mengun í umhverfinu, og yrði að meta út frá fagurfræðilegu sjónarmiði, hvor staðurinn væri hentugri vegna þessa, en svæðið við Kröflu er mun fjær byggð, sem kunnugt er.

Stofnkostnaður er áætlaður 394 Mkr, 464 Mkr, 555 Mkr og 1246 Mkr og árlegur reksturskostnaður 53 Mkr, 61 Mkr, 72 Mkr og 158 Mkr miðað við 8 MW, 12 MW, 16 MW og 55 MW stöðvarstærðir. Þetta svarar til þess, að stofnkostnaður á uppsett kw sé fyrir i MW stöðvarstærð kr. 49.000 fyrir 12 MW stöðvarstærð kr. 39.000, fyrir 16 MW stöðvarstærð kr. 35.000 og stofnkostnaður á uppsett kw fyrir 55 MW stöðvarstærð kr. 23.000.

Gerð hefur verið rekstrareftirlíking (á rafreikni) á samrekstri jarðgufustöðvar við önnur orkuver, er sendu raforku sína inn á sameiginlegt raforkukerfi. Þessi athugun gefur eftirtaldar niðurstöður um vœtanlega árleg orkuvinnslugetu jarðgufustöðvarinnar í slikum samrekstri:

8 Mw stöð	55 GWh/ári
12 " "	83 "
16 " "	110 "
55 " "	405 "

Miðað við þessar tölur um ársorkuvinnslu og niðurstöður áætlunarinnar um árlegan rekstrarkostnað yrði orkukostnaður við stöðvarvegg sem hér segir:

8 Mw stöð	0.96 kr/kWh
12 " "	0.73 "
16 " "	0.65 "
55 " "	0.39 "

Ofangreindar tölur miðast við gengi 1 US\$ = 87.00 kr og byggingavisitala 853 stig.

Niðurstöður þessara frumáætlana gáfu tilefni til áframhaldandi rannsókna á jarðhitasvæðunum og til þess að hefja tæknilegan undirbúning að hugsanlegri virkjun.

#### 1.5. Yfirlit um niðurstöður rannsókna.

Þar sem Kröflusvæðið var valið til virkjunar verður í þessum kafla eingöngu fjallað um framvindu rannsókna á því svæði.

##### 1.5.1. Vitneskja í febrúar 1975.

Á þessum tíma var lokið borun tveggja rannsóknarhola. Var önnur þeirra 1138 m djúp en hin 1204 m djúp. Hitastig í botni mældist 298 °C í holu KW-1 en 210°C í holu KW-2. Á bilin 300-1100 m dýpi í holu KW-2 mældist hitastig nálægt 190°C. Var það talið stafa af niðurrennslí úr vatnsæðum á rúmlega 300 m dýpi. Var því ályktað að mældur hiti í holunni gæfi ekki rétta mynd af hitaástandi í berggrunni.

8

Út frá hitamælingum í holu KW-1 var ályktað að hiti í berggrunni fylgdi suðumarksferli. Héldi þessi fylgni áfram niður á 2000 m dýpi yrði hitinn 330-340°C þar.

Heildarrennsli úr þessum rannsóknarholum var lítið. Úr holu KW-1 rann 14 kg/s við 6-7 ata mótpþýsting og svipað úr holu KW-2 við 4 ata mótpþýsting.

Efni í vatni og gas í gufu reyndist vera sambærilegt við það sem þekkt var í Námafjalli. Þó var gasinnihald í KW-1 tiltölulega hærra en á Námafjalli.

Vegna hins háa hita í holu KW-1 var mikið af kísil í borholuvökvanum. Gaf það tilefni til varkárni varðandi kísilútfellingar.

Á þessum tíma höfðu engar vinnsluholur verið boraðar og lágu því ekki fyrir upplýsingar um afl vinnsluhola á Kröflusvæði. Ekki lágu heldur fyrir upplýsingar um þrýsting, streymisgerð og streymisviðnám í jarðhitakerfinu.

#### 1.5.2. Vitneskja í desember 1977.

Á árunum 1975 og 1976 voru boraðar 9 vinnsluholur 1250-2200 m djúpar.

Mikill fjöldi mælinga og margbættar athuganir á þessum holum sem spann yfir mörg fræðisvið (jarðfræði, jarðefnafræði, jarðeðlisfræði) hafa leitt til þess að sett var fram jarðhitalegt líkan af svæðinu í janúar 1977. Sú þekkingaraukning sem orðið hefur á árinu 1977 hefur styrkt meginandrætti líkansins en einnig fyllt í eyður. Þessu líkani af jarðhitalegum eiginleikum svæðisins er lýst í Holubréfi nr. 7 (fskj. )

Slíkt líkan þar sem svo margbreytilegum, óskyldum og óháðum niðurstöðum er þjappað saman í eina einfalda mynd er nauðsynlegt fyrir mat á vinnslueiginleikum jarðhitasvæðisins.

Vinnsluboranir sýndu að Kröflusvæðið er flóknara að innri gerð en önnur þekkt jarðhitasvæði í heiminum. Líkanið gerir þessa flóknun mynd mun skiljanlegri. Fyrir hendi eru tvö jarðhitakerfi, efra kerfi ofan við 900-1100 m dýpi, 220°C heitt og neðra kerfi neðan við 1100-1500 m, 320-340°C heitt. Neðra kerfið er í suðu og hitastig þess með því hæsta sem mælst hefur á jarðhitasvæðum. Vegna hins háa hita er komið út fyrir þekkingarmörk jarðefnafræðilegra eiginleika jarðhitavökvans. Áður óþekktar útfellingar af járn- og kísilefnasamböndum hafa stíflað góðar gufuholur á skömmum tíma.

Í efra kerfinu er eingöngu 220°C heitt vatn. Þegar þetta vatn byrjar að sjóða, hvort heldur sem er í bergi eða holum, eiga sér stað kalkútfellingar sem gera nýtingu þess erfiða.

Afl hinna einstöku vinnsluhola er mjög mismunandi. Holur sem taka eingöngu vatn úr efra kerfi eru afllitlar og hafa lágan lokunarþrýsting. Gufuhlutfall er hátt úr borholum sem taka vökkva úr neðra kerfi. Sumar þessar holur voru mjög aflmiklar í upphafi en rennsli úr þeim hefur dvínað eða hatt vegna útfellinga.

Í neðra hitakerfinu er mikið magn óþéttanlegra gastegunda, mest kolsýra. Þetta mikla gasmagn hefur áhrif til hins verra á nýtingu gufunnar til raforkuframleiðslu.

Jarðlög, sem efra jarðhitakerfið er í eru aðalega móberg og hraunlög. Þessi jarðlagaskipan og vatnsæðar eru áþekk því sem gerist á öðrum jarðhitasvæðum íslenskum.

Berggerð í neðra kerfi er að mestu leyti inniskot. Vestast á núverandi borsvæði er mjög djúpt á efstu vatnsæðar (1700-1900 m) en austan til á svæðinu ná efstu æðar upp í 1100-1200 m dýpi. Þær upplýsingar sem liggja fyrir benda til að lekt (transmissivity) einstakra borhola sé frekar lítil (ca 10  $\text{m}^2/\text{dag}$ ).

1.6 Álit sérfróðra ráðgjafa um virkjunarframkvæmdir.

1.6.1 Álit Orkustofnunar.

Vinnuaðferðir Orkustofnunar í rannsóknu jarðhitasvæðisins við Kröflu hafa miðast við þá framkvæmdaröð sem lýst er í skýrslu Orkustofnunar "Aætlun um rannsókn háhitasvæða, ágúst 1969 (fsk 8).

Við gerð skýrslu um árangur rannsóknaborananna í Kröflu 1974, sem birt var í febrúar, 1975, var einnig gengið út frá því að framkvæmdaröð og tímasetning virkjunarframkvæmda yrði með þeim hætti sem lýst er í fsk 8.

Í byrjun mars, 1975 fékk Orkustofnun vitneskju um þau áform Kröflu-nefndar að byggja orkuverið samhliða borframkvæmdum. Kom þá fram af hálfu Orkustofnunar, að þetta væri mjög óvenjulegur og áhættusamur framkvæmdamáti. Var á þetta bent á fundi í iðnaðarráðuneytinu 3 mars 1975, síðar staðfest í bréfi til iðnaðarráðuneytisins dags. 14. mars 1975. (fsk. 5, kafli 2.5)

Þessi skoðun stofnunarinnar hefur síðan oft komið fram. Í bréfi Orkustofnunar til iðnaðarráðuneytis dags. 22. maí 1975 segir m.a.:

"Stofnuninni virðist auðsætt, að ef skera verður niður fé til Kröflu-framkvæmda frá því sem ráðgert var, sé óhjákvæmilegt að endurskoða alla tímaáætlun þeirra framkvæmda, bæði varðandi gufuöflunina og aðra hluta þeirra. Í þeirri endurskoðun þarf að samræma vinnsluborunina öðrum framkvæmdapáttum út frá þeirri staðreynd, að gufan er það sem allt mannvirkið byggist á og þarf því öflun hennar að njóta það mikils forgangs, að ekki sé verið að taka óeðlilega áhættu."

Álit Orkustofnunnar var þannig það að niðurstöður rannsóknarboranna gæfu tilefni til að hefjast handa um borun vinnsluhola. Hins vegar taldi Orkustofnun að áhætta væri tekin með því að hefja byggingu stöðvarinnar áður en upplýsingar lágu fyrir frá borun vinnsluhola.

Þegar umræður hófust um gerð aflvéla óskaði fulltrúi Orkustofnunar að taka þátt í þeim umræðum. Kom þá fram að Orkustofnun taldi ráðlegra að velja einþrýstitúrbínur í stað tvíþrýstitúrbína. Þetta álit stofnunarinnar var staðfest með bréfi til iðnaðarráðuneytisins dags. 1975-02-06 (fsk 4, kafli 2.5.)

Með bréfi dags. 5. mars, 1975 er Orkustofnun beðin að taka afstöðu til tillagna Verkfrskr. Sig. Thoroddsen um "hönnunarhitastig" og "hönnunarþrýsting". Svarbréf Orkustofnunar til Kröflunefndar er dags. 2. apríl 1975. Í því segir m.a.: (Fsk. 56).

"Samkvæmt skýrslu Orkustofnunar um rannsóknarboranir í Kröflu sl. ár kemur fram, að líklegur innrennslishiti í vinnsluholur á svæðinu verði á bilinu  $260^{\circ}\text{C}$  til  $310^{\circ}\text{C}$ , en innrennslishitinn fer eftir því dýpi, sem vatnsæðarnar liggja á. Hitastig blöndunar, sem kemur úr holunum, fer eftir því hvaða æðar verða aflmestar og á hvaða dýpi þær liggja. Á þessu stigi málsins, þ.e. áður en vinnsluholur eru boraðar, er ekki hægt að sjá fyrir, hvort verði meðalhitastig blöndunnar, en eins og fyrr segir ætti það að verða innan markanna  $260^{\circ}\text{C}$  og  $310^{\circ}\text{C}$ .

Hitastig innrennslisins í vinnsluholurnar gefur ekki beina vísbendingu um það, hver verði hagkvæmasti vinnsluþrýstingur og er ekki hægt að meta hann fyrr en holurnar hafa verið boraðar og reyndar. Samkvæmt bréfi Verkfr.st. Sig. Thoroddsen til Orkustofnunar dags. 05.03.75 er Orkustofnun beðin að taka afstöðu til tillagna þeirra um vinnsluþrýsting gufunnar, en þar kemur fram, að nauðsynlegt er að ákveða nú "hönnunarhitastig" og "hönnunarþrýsting" áður en holurnar hafa verið boraðar, vegna ákvörðunar um gerð túrbína".

Ennfremur segir í bréfinu:

"Þær forsendur um hitastig djúpvatns, sem Verkfr.st. Sig. Thoroddsen hefur valið  $270^{\circ}\text{C}$ , virðast því gerðar með varfærni og er varla hægt að velja betri forsendur á grundvelli þeirra upplýsinga sem nú liggja fyrir".

Þá segir enn í bréfinu:

"Varðandi inntaksþrýsting í lágþrýstihluta tvíþrýstitúrbínunnar ber að hafa í huga þau mörk hitastigs og þrýstings þar sem kísil-útfelling byrjar, en sem kunnugt er hækkar það hitastigsmark mjög ört með auknu hitastigi á innrennsli í holurnar, þótt óvissa í áætlun um hitastigsmark útfellingar liggi einnig í sýrustigi holuvatnsins".

Að lokum segir í bréfi Orkustofnunar:

"Sá þrýstingur í lágþrýstiinntaki, sem lagt er til að verði notaður þ.e. 2 ata sýnist okkur því vera í lægra lagi, en þrýstifall yfir lágþrýstiskilju og lágþrýstigufulagnir að inntaki túrbínu getur verið 0,5-1,0 ata þannig að þessi inntaksþrýstingur, þ.e. 2 ata, svarar til útfellingarmarks, ef innrennslishiti er ekki hærri en 270 °C.

Eins og áður segir, er ekki hægt á þessu stigi málsins að sjá fyrir hver verður meðalinnrennslishiti í borholu, en það væri óhagkvæmt að ákvarða inntaksþrýstinginn á lágþrýstihlutann of háan miðað við það innrennslishitastig, sem fæst, þar sem það myndi skerða afl túrbínunnar og auka á vandann við flutning holuvatns milli háþrýsti- og lágþrýstiskilju. Einnig kemur hér til, að borholur, sem kunna að verða afllitlar, gætu nýtt í lágþrýstikerfinu, en við þá notkun þarf þrýstingur í lágþrýstiskilju að aukast til þess að jafnvægi haldist í gufustreymi túrbínunnar."

Svo sem fram kemur í bréfi þessu var ekki hægt á þessu stigi málsins að segja til um meðalinnstreymishita í vinnsluholum. Einnig er í bréfinu bent á hættu kísilútfellinga í lágþrýstiskilju.

Eins og ofangreindar tilvitnanir bera með sér, hefur Orkustofnun áliðið tímasetningu ýmissa framkvæmdapáttta við Kröfluvirkjun óeðlilega. Gufuöflun er forsenda virkjunarinnar og aðrir framkvæmdapáttir hefðu átt að taka meira mið af stöðu hennar hverju sinni. Þetta er rakið nánar í kafla 2.

Sú vitneskja, sem þarf til að besta (optimize) legu stöðvarhúss, inntaksþrýsting á vélar og gerð gufuveitu lá ekki fyrir, þegar ákvörðun var tekin um tímasetningu framkvæmda og val á vélabúnaði. Bestun byggir að talsverðu leyti á staðsetningu borhola og vinnslu-eiginleikum þeirra (rennsli við mismunandi móþrýsting, gufuhluta í rennsli við mismunandi móþrýsting og útfellingar og tæringar-hættu). Engar upplýsingar af þessu tagi lágu fyrir, er nefnd ákvörðun var tekin að öðru leyti en því, að talin var hætta á kísilútfellingum, ef hitastig í vatnsæðum færi yfir um 300° (fskj. nr. 19, bls. 20).

14

### 1.6.2 Álit Kröflunefndar (samið af Júl.Sólnes; endurskoðað af Orkustofnun).

Haustið 1974 fóru fram viðræður Kröflunefndar við ráðgjafarverkfræðinga sína (sbr. gr. 2.3). Á fundum með ráðgjafarverkfræðingunum kom fram sú spurning, hvort hægt væri á grundvelli þeirra upplýsinga, sem nú lægju fyrir, þær væru að vísu ekki miklar, að skilgreina aflvélar fyrir fyrirhugaða virkjun í Kröflu eða í Námafjalli. T.d. að því verki væri lokið um 1. febrúar 1975. Fulltrúar bandarísku ráðgjafarverkfræðinganna urðu fyrir svörum, og töldu þeir, að innan 3-4 mánaða gætu þeir sett fram bráðabirgða-skilgreiningu á aflvélum og vinnsluferlum virkjunarinnar.

Ráðgjafar Kröflunefndar bentu á, að mikilvægustu upplýsingarnar, sem þeir þörfnuðust til þessa væru t.d. botnhiti í borholum, gasinnihald og efnasamsetning borholuvökva svo og þrýstingur. Á grundvelli slikra upplýsinga væri hægt að hanna eða skilgreina aflvélanar og jafnvel semja um smíði þeirra. Það eina, sem raunverulega gæti gerst væri, að aflgeta vélanna yrði aðeins minni eð jafnvel aðeins meiri eftir því, sem endanlegt ástand jarðhitasvæðisins samsvaraði hönnunarskilyrðunum.

Um þetta leyti voru hér á ferð verkfræðingar frá japanska fyrirtækinu Toshiba, sem sýnt hafði mikinn áhuga á fyrirhugaðri virkjun. Á fundi með ýmsum aðilum, sem haldinn var hjá Orkustofnun í nóvember 1974 kom fram, að þeir treystu sér til þess að skila fullkomnum lýsingum og tilboði i aðalaflvélar í fyrirhugaða virkjun í Námafjalli eða við Kröflu, með því að nota eftirfarandi upplýsingar, sem byggðust á upplýsingum frá Námafjalli, þ.e. þrýstingur í háþrýstiskiljum 7.73 ata, þrýstingur í lágþrýstiskiljum 1.97 ata og eimsvalaprýstingur svarandi til 4 mm Hg.

Ráðgjafarverkfræðingar Kröflunefndar töldu, að hægt væri að nota upplýsingarnar frá Námafjalli til þess að fá allgóða hugmynd um vantanlegar aflvélar. Var útboðsbréf þar að lútandi sent framleiðendum gufuhverfla í byrjun desember 1974. Var það hugmynd ráðgjafanna, að síðan væri hægt að gera nauðsynlegar smábreytingar á skilgreiningu aflvélanna eftir því, sem niðurstöður af rannsóknarborununum við Kröflu 1974 lægju fyrir. Kröflunefnd var afhent uppkast að skýrslu Orkustofnunar um rannsóknarboranir 1974 í byrjun febrúar 1975. Gengið var frá endanlegu vali á framleiðanda aflvélanna 7. febrúar 1975.

Fram til þess, að samningur var undirritaður um kaupin á aðalaflvélunum, 10. apríl 1975, fór fram athugun ráðgjafarverkfræðinganna á tæknilegri gerð og skilgreiningu aflvélanna byggt á hinum nýju upplýsingum um Kröflusvæðið og var endanlega gengið frá gerð aflvélanna.

Segja má að æskilegra hefði verið að hafa nákvæmari og fullkomnari upplýsingar um jarðitasvæðið við skilgreiningu á aðalaflvélunum. Sú vitneskja, sem þarf til að besta (optimize) legu stöðvarhúss, inntaksþrýsting á vélar og gerð gufuveitu byggir að talsverðu leyti á vinnslueiginleikum borhola (rennsli við mismunandi móþrýsting, gufuhluta í rennsli við mismunandi móþrýsting og útfellingar- og tæringarhættu). Engar upplýsingar af þessu tagi lágu fyrir, er ákvörðun um aflvélarnar var tekin að öðru leyti en því, að talin var hætta á kiliutfellingum, ef hitastig í vatnsæðum færi yfir um  $300^{\circ}\text{C}$ . (fskj. nr. 19, bls. 20). Voru Kröflunefndarmenn og ráðgjafar þeirra með, sammála um þessi atriði. Hins vegar var talið réttlætanlegt, að standa þannig að málum með tilliti til eftirfarandi.

- 1) Eins og kemur fram í Kafla 2, var það ótvíraður vilji Alþingis, að flýta Kröfluvirkjun. Virkjunarlögin eru samþykkt á Alþingi áður en rannsóknum var lokið.
- 2) Allar líkur bentu til þess, að auðvelt yrði að standa að gufuöfluninni, miðað við þá reynslu, sem fengist hafði í Námafjalli. Svo reyndist einnig verða í fyrstunni. Tvær fyrstu vinnsluholurnar í Kröflu reyndust mjög aflmiklar framan af.
- 3) Aflvélar þær, sem valdar hafa verið til Kröfluvirkjunar, eru mjög sveigjanlegar með tilliti, til breyttra eiginleika gufunnar. Þær hafa mjög vítt þrýstifallssvið og þola verulegar breytingar á hitastigi gufunnar. Í rauninni er það aðeins spurning um nokkra hundraðshluta í afminkun, sem gæti stafað af því, að hönnunarskilyrði þau, sem sett voru um gufuna eru illa uppfyllt. (sjá greinargerð um þetta atriði, sem saman er af verkfræðingunum Sigurði Sigfússyni, verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen h.f., og Guðmundi Björnssyni, Verkfræðistofu Guðmundar og Kristjáns h.f.)

1. Námaskarð. Skýrsla um mælingu afkasta gufuborholu í Námaskarði.  
Vermir s.f. / Mars 1964.
2. Námafjall. Jarðfræði og segulmælingar.  
Guðmundur Guðmundsson  
Stefán Árnórsson  
Sept. 1965
3. Álitsgerð um jarðgufuaflstöðvar með sérstöku tilliti til virkjunar við Námafjall.  
Sveinn S. Einarsson  
Júní 1967.
4. Interpretation of infrared imagery of Mývatn Area  
Lokesh Chadurvedi  
Guðmundur Pálason  
Des. 1967
5. Aflmæling á N-3, Námafjall  
Sveinbjörn Björnsson  
Júlí 1968
6. Skýrsla um ferð vegna gagnsetningar gufuvirkjunarinnar í Námaskarði.  
Mars 1969
7. Boranir við Námafjall 1963-1968  
Kristján Sæmundsson  
Júní 1969
8. Áætlun um rannsókn háhitasvæða  
Sveinbjörn Björnsson  
Ágúst 1969
9. Námafjall. Aflmæling - Borhola N-4 Námfjalli.  
Stefán Arnórsson  
Des. 1969
10. Álitsgerð um verð jarðgufu frá gufuveitu jarðvarmaveitna ríkisins í Námfjalli.  
Karl Ragnars  
April 1970
11. Framvinduskýrsla um rannsóknir á Námfjalls - Kröflusvæðinu og uppgjör á kostnaðarreikningi.  
Kristján Sæmundsson  
Jan. 1971

12. Námafjall-Krafla. Áfangaskýrsla um rannsóknir jarðhitasvæðanna.  
Guðmundur Guðmundsson  
Guðmundur Pálason  
Karl Grönvold  
Karl Ragnars  
Kristján Sæmundsson  
Stefán Arnórsson  
Júní 1971
13. Gufuafilstöð við Kröflu. Frumáætlun um stöðvarhús.  
VST Júní 1971
14. Gufuafilstöð við Kröflu. Vegur til Vitis. Frumáætlun.  
VST / Okt. 1971
15. Viðnámskort af Námafjalls-Kröflusvæðinu
16. Jarðgufuafilstöð. Frumáætlun um aflstöð með tilliti til virkjana í Námafjalli eða Kröflu.  
JHD OS, Verkfr.st. Guðm. og Kristjáns  
Júní 1972  
Sama til á ensku: Geothermal power Station .....
17. Jarðgufuafilstöð. Frumáætlun um 8 MW, 12 MW, 16 MW og 55 MW aflstöð með tilliti til virkjunar í Námafjalli eða Kröflu.  
OS JHD, Verkfr.st. Guðmundar og Kristjáns  
OS-JHD-7318 / Sept. 1973  
Sama til á ensku: A geothermal power Station ....
18. Álitsgerð um mengunarhættu vegna affallsvatn frá gufuvirkjun við Kröflu eða Hverarönd.  
Guttormur Sigbjarnarson  
Haukur Tómasson  
Jónas Eliasson  
Stefán Arnórsson  
OS-JHD-7427 / OS-RID-7421 / Nóv. 1974
19. Krafla. Skýrsla um niðurstöður rannsóknaborana 1974.  
Kristján Sæmundsson  
Stefán Arnórsson  
Karl Ragnars  
Hrefna Kristmannsdóttir  
Gestur Gislason
20. Áætlun um borun fimm vinnsluhola við Kröflu 1975.  
Endurnýjuð áætlun frá 16.1. 75.  
Karl Ragnars  
Stefán Sigurmundsson  
OS-JHD-7536 / Mai 1975
21. Krafla. Jarðög og ummyndun í borholum 1 og 2 í Kröflu.  
Hrefna Kristmannsdóttir  
OS-JHD-7542 / júní 1975

22. Kröfluveita. Skýrsla um meðferð affallsvatns frá Kröfluvirkjun. VST og Virkir h/f / Okt. 1975.
23. Kröfluveita. Skýrsla um forhönnun aðveitu Kröfluvirkjunar VST og Virkir h/f / Nóv. 1975
24. Krafla. Niðurstaða vinnsluborana 1975 - Horfur um gufuöflun Stefán Arnórsson  
Karl Ragnars  
Kristján Sæmundsson  
OS-JHD-7558 / Des. 1975
25. Greinargerð um framkvæmdir við Kröfluvirkjun í ljósi jarðskjálfta, sprunguhreyfinga og eldgosahættu. Guðmundur Pálason  
Kristján Sæmundsson  
Karl Ragnars  
Axel Björnsson  
Ingvar Birgir Friðleifsson  
OS-JHD-7604 / Jan. 1976
26. Vatnasvið Hlíðardalslækjar og affallsvatn frá Kröfluvirkjun Stefán Arnórsson ;  
Einar Gunnlaugsson  
OS-JHD-7602 / Jan. 1976
27. Kisill og brennisteinsvetni í affallsvatni frá gufuborholum Stefán Arnórsson  
OS-JHD-7601 / Jan. 1976
28. Öryggisbúnaður og framkvæmdaáætlun við boranir með Jötni í Kröflu 1976.  
Karl Ragnars  
OS-JHD-7614 / Febr. 1976
29. Rannsókn á umbrotum við Kröflu og sprungukerfi í Kelduhverfi. Sameiginleg rannsóknaráætlun.  
Norræna Eldfjallastöðin  
Orkustofnun  
Raunvisindastofnun  
Veðurstofa Íslands  
Mars 1976
30. Bygging fyrri áfanga Kröfluveitu 1976 (kápulaust, 2 s. og teikning) VST / Apríl 1976
31. Jarðhræringar við Kröflu. (Sérprentun úr Náttúrufræðingnum, 46. árg. Nr. 4, 1976)  
Axel Björnsson
32. Fram vinduskýrsla um breytingar á rennsli og efnainnihaldi í borholum 3 og 4 í Kröflu  
Gestur Gislason  
Stefán Arnórsson  
OS-JHD-7640 / Júní 1976.

33. Borholur 3, 4 og 5 í Kröflu.  
Borun, vatnsæðar, niðurstöður berggreininga.  
Hrefna Kristmannsdóttir  
Guðmundur Ómar Friðleifsson  
Einar Gunnlaugsson  
OS-JHD-7641 / Ág. 1976
34. Borholur 3, 4 og 5 í Kröflu.  
Viðauki - Lýsing jarðlaga.  
Hrefna Kristmannsdóttir  
OS-JHD-7641 / Ág. 1976
35. Hraunflóðavarnir við Kröfluvirkjun.  
OS-JHD-7645  
VST / Sept. 1976
36. Frárennsli Kröfluvirkjunar  
Jón Ingimarsson  
Jónas Eliasson  
Sven P. Sigurðsson
37. Krafla - Hola KJ-6  
Borun, jarðlög, vatnsæðar og ummyndun.  
Hrefna Kristmannsdóttir  
Margrét Kjartansdóttir  
Ásgrimur Guðmundsson  
Guðmundur Ó. Friðleifsson  
OS-JHD-7646 / Nót. 1976
38. Krafla - Hola 7  
Framvinduskýrsla um borun, jarðlög, vatnsæðar og ummyndun.  
Hrefna Kristmannsdóttir  
Ásgrimur Guðmundsson  
Guðmundur Ó. Friðleifsson  
Margrét Kjartansdóttir  
OS-JHD-7647 / Nót. 1976
39. Gosvakt við Kröflu  
Axel Björnsson  
OS-JHD-7650 / Nót. 1976
40. Kvika silfur og arsenik í háhitavatni við  
Námafjall og Kröflu  
Jón Ólafsson  
Hafrannsóknarstofnunin / Nót. 1976
41. Áhrif hraunkvikuinniskots á efnainnihald djúpvatns í Kröflu -  
frekari gufuöflun  
Stefán Arnórsson  
OS-JHD-7705 / Des. 1976
42. Kröfluvirkjun. Kostnaðaráætlun fyrir lúkningu fyrri áfanga  
gufuveitu í Kröflu og borunar fjögurra hola með Jötni árið 1977  
VST, Virki h/f og Orkustofnun  
OS-JHD-7712 / Febr. 1977

43. Krafla. Hola KJ-9  
Borun, skoltöp, jarðög og ummyndun.  
Hrefna Kristmannsdóttir  
Ásgrímur Guðmundsson  
Margrét Kjartansdóttir  
OS-JHD-7710 / Mars 1977
44. Krafla. Hola KG-10  
Borun, vatnsæðar, jarðög og ummyndun.  
Hrefna Kristmannsdóttir  
Ásgrímur Guðmundsson  
Margrét Kjartansdóttir  
Guðmundur Ómar Friðleifsson  
OS-JHD-7709 / Mars 1977
45. Krafla. Hola KJ-11  
Borun, vatnsæðar, jarðög og ummyndun.  
Hrefna Kristmannsdóttir  
Ásgrímur Guðmundsson  
Margrét Kjartansdóttir  
OS-JHD-7708 / Mars 1977
46. Kröfluveita. Veita fyrir affallsvatn.  
Forhönnun.  
VST og Virkir h/f April 1977
47. Krafla. Hola KG-8  
borun, vatnsæðar, þróustiprófun, lektarprófun, jarðög og ummyndun.  
Hrefna Kristmannsdóttir  
Ásgrímur Guðmundsson  
Margrét Kjartansdóttir  
Guðmundur Ómar Friðleifsson  
OS-JHD-7713 / April 1976
48. Hæðarmælingar við Kröflu 1976  
Gunnar Þorbergsson  
Ásgeir Gunnarsson  
April 1977
49. Gufuvinnsla við Kröflu.  
Gunnar Böðvarsson, Corvallis, Oregon, U.S.A.  
OS-JHD-7718 / Maí 1977
50. Krafla. Mælingar í borholum sept. 74 - apríl 77  
2 bindi  
Benedikt Steingrimsson  
OS-JHD-7720 / Júní 1977
51. Kyikasilfur og Arsenik við Námafjall og Kröflu  
Jón Ólafsson  
Hafrannsóknarstofnunin / Okt. 1977
52. Holubréf 1-7  
ristj. Valgarður Stefánsson

53. Investigation of corrosion and proposal for corrosion monitoring in the geothermal power station at Krafla. Ref. B 4228 No. 1 to 4.  
Korrosionscentralen ATV, Park Allé 345, DK 2600, Glostrup.
54. Rannsókn og nýting jarðhita  
Stefán Arnórsson  
OS JHD 7733 / Des. 1977
55. Áhrif eldgosa á Leirhnúkssprungunni og annarra umbrota á Kröflusvæði og vinnslueiginleikum jarðhitasvæðisins við Kröflu.  
Valgarður Stefánsson  
Nóv. 1977
56. Bréf OS til Kröflunefndar, Hönnunarforsendur um inntaksþrýsting gufu á aflvélar í Kröfluvirkjun.  
Karl Ragnars  
1975-04-02.

## 2.5. FRAMKVÆMDIR ORKUSTOFNUNAR

### 2.5.1. Skipulag.

Til glöggvunar er rétt að vekja athygli á verkaskiptingu þeirri, sem viðhöfð er innan Orkustofnunar varðandi framkvæmdirnar við Kröfluvirkjun.

Verkaskipting þessi er með þeim hætti, að rannsóknir sem hafa farið fram við Kröflu eru í höndum Jarðhitadeildar OS, þar á meðal rannsóknir sem gerðar eru á borholum meðan á borun stendur og eftir að henni lýkur. Má þar nefna sýnistöku til efnagreiningar á holuvökva og borsvarfi, hitamælingar, gasmælingar, aflmælingar og ýmsar fleiri reglubundnar mælingar á holum. Ennfremur gerir Jarðhitadeild, á grundvelli rannsókna á svæðinu, tillögur um staðsetningu borhola, dýpt þeirra og hversu djúpt þær skuli fóðra. Eftir að umbrot og eldgos hófust, hefur Jarðhitadeildin einnig rekið umfangsmiklar rannsóknir á þeim (sjá Fskj. 31 og 39, Katla 1) í þeim tilgangi að hafa á hverjum tíma bestu fáanlegar upplýsingar að styðjast við í tilögum sínum til framkvæmdaaðila og ráðuneytis.

Framkvæmdahliðin á þætti Orkustofnunar í byggingu jarðhitaorkuverins við Kröflu er í höndum Jarðvarmaveitna ríkisins. Þær ákveða staðsetningu og hönnun borhola að fengnum tillögum Jarðhitadeildar, láta bora holurnar og sjá um að hanna, smíða og setja upp gufuaðveitukerfi virkjunarinnar, þ.e. þau mannvirkir sem taka við borholuvökvanum við holuloka og skila gufu að inntakslokum við stöðvarhús. Í þessu kerfi eru leiðslur fyrir gufu og vatn, lokabúnaður, gufuskiljur, rakaskiljur ásamt stjórntæjum. Jarðvarmaveiturnar sjá einnig um hönnun og smíði þeirra mannvirkja sem ætlað er að taka við afgangsvatni virkjunarinnar og koma því fyrir á þann hátt að skaði ekki umhverfið.

Jarðvarmaveitur ríkisins er upphaflega nafn á þeirri starfssemi, sem ríkið tókst á hendur varðandi öflun jarðgufu handa Kísiliðjunni h.f., og sölu á gufu til verksmiðjunar. Þetta hlutverk tekur ríkið að sér með lögum um Kísiliðjuna, þar sem það er falið i önaðarráðherra,

en hann fól síðan Orkustofnun að framkvæma. Síðar féll öflun heita-vatns handa Þörungavinnslunni á Reykhólum og sala á því einnig í hlut Jarðvarmaveitnanna á sama hátt, þ.e. ríkið tekur ~~pætta~~<sup>e</sup> að sér með lögnum um Þörungavinnsluna og fær í hendur iðnaðarráðherra, sem síðan felur Orkustofnun framkvæmdina. Ennfremur hefur ráðherra falið Jarðvarmaveitunum sölu á gufu til rafstöðvar Laxárvirkjunar í Bjarnarflagi.

Jarðvarmaveiturnar hafa samið við ýmsa verktaka um einstaka þætti framkvæmdanna. Um borun vinnsluholanna sömdu þær við Jarðboranir ríkisins, sem eru verktakafyrirtæki í eigu ríkissjóðs er starfar að jarðborunum. Fyrirtæki þetta heyrir undir iðnaðarráðherra, sem hefur falið Orkustofnun rekstur þess. Þetta er eini verktakinn á þessu sviði hérlendis. Jarðboranir ríkisins eiga alla hérlenda jarðbora að undanskildum gufubornum Dofra, sem er sameign ríkisins og Reykjavíkurborgar undir sérstakri stjórn með fulltrúum beggja eigenda. Sú stjórn hefur samið við Jarðboranir ríkisins um rekstur Dofra, þannig að þær reka alla jarðbora á landinu.

Framkvæmdin <sup>n</sup> á verkþætti Orkustofnunar í Kröfluvirkjun er þannig í höndum Jarðvarmaveitna ríkisins, með Jarðhitadeild sem rannsóknar-aðila og ráðgjafa í jarðhitafræðilegum efnum, og Jarðboranir ríkisins sem borverktaka.

2.5.2. Boranir 1975.

Með bréfi dags. 22.jan. 1975 sendi Orkustofnun Iðnaðarráðuneytinu kostnaðaráætlun um borun fimm borhola í Kröflu (fskj....<sup>1</sup>) á árinu 1975. Vegna gengis- og verðbreytinga var þessi kostnaðaráætlun endurskoðuð í mars '75 og send ráðuneytinu með bréfi dags. 3.mars 1975 (fskj....<sup>2</sup>). Enn var kostnaðaráætlunin endurskoðuð í mai 1975 og send ráðuneytinu með bréfi dags. 14.mai 1975 (fskj....).

Um þetta leyti varð ljóst, að fjármagn til borframkvæmda á árinu 1975 yrði aðeins um 150 Mkr. Að beiðni iðnaðarráðuneytisins endurskoðaði Orkustofnun kostnaðaráætlánir sínar miðað við að boraðar yrðu 1, 3 eða 5 holur. Jafnframt sendi Orkustofnun iðnaðarráðuneytinu bréf dags. 22.mai 1975 (fskj....<sup>3</sup>), þar sem varað er við þeirri stefnu að draga úr borframkvæmdum samtímis því, að öðrum þáttum virkjunarframkvæmdanna er haldið áfram af fullum krafti. Í bréfinu segir m.a.:

"Nú virðist sem tiltækt fé til borana á sumri komandi verði 150 Mkr. Eins og sjá má á ofangreindri áætlun nægir það ekki til að ljúka einni holu vegna þess að af upphöfinni hafa þegar verið keypt fóður-rör o.f. í fimm holur. Til annara hluta Kröfluvirkjunar en gufu-öflunnar mun vera ráðgert að verja 600 Mkr. á yfirstandandi ári.

Í þessu sambandi vill Orkustofnun leyfa sér að vísa til bréfs síns til hins háa ráðuneytis, dags. 14.03.75, þar sem rædd var sú áhætta sem því óhjákvæmlega fylgir að hefja byggingu orkuvers og annara vinnslumannvirkja áður en vinnsluborunum er lokið og nægilegt gufumagn fengið upp á yfirborðið. Eins og þar kemur fram er vinnsluborunin í rauninni of seint á ferðinni miðað við tímaáætlun Kröflunefndar, miðað við það sem eðlilegt og æskilegt getur talist. Því hefur Orkustofnun áhyggjur af því, ef nú verður dregið úr vinnsluborunum frá því sem ráðgert var, sem getur leitt til að þessi áhætta verði meiri en áður.

Stofnuninni virðist auðsætt, að ef skera verður niður fé til Kröflu-framkvæmda frá því sem ráðgert var, sé óhjákvæmilegt að endurskoða alla tímaáætlun þeirra framkvæmda, bæði varðandi gufuöflunina og aðra hluta þeirra. Í þeirri endurskoðun þarf að samræma vinnslu-borunina öðrum framkvæmdapáttum út frá þeirri staðreynd, að gufan er það sem allt mannvirkið byggist á og þarf því öflun hennar að njóta það mikils forgangs að ekki sé verið að taka óeðlilega áhættu. Að mati Orkustofnunar er það hreynt neyðarúrræði að bora færri holur en fimm á næsta sumri, jafnvel þótt upprunalegri tímaáætlun seinki eitthvað af völdum niðurskurðar, vegna þess að í þeirri áætlun var þegar tekin áhætta varðandi gufuöflunina; meiri áhætta en tíðkast sumsstaðar erlendis við jarðgufuvirkjanir. Þessa áhættu má alls ekki auka.

Orkustofnun vill því leyfa sér að leggja til við hið háa ráðuneyti að það efni til fundar með fulltrúum hennar og Kröflunefndar um samræmda endurskoðun á tímaáætlun Kröfluframkvæmda, hið allra fyrsta."

Boranir hófust í júní með gufubor ríkis og Reykjavíkurborgar (Dorfa). Í júlí ákvað Iðnaðarráðuneytið að alls þrjár holur skyldu boraðar í Kröflu það árið. Borun þessara priggja hola, KG-3, KG-4, KG-5 lauk í októberlok. Nánari upplýsingar um einstakar borholur er að finna í töflu ..... (bls.....).

Um árangur borananna er fjallað í skýrslu OS JHD 7558 (fskj. 24. káfla 1)  
Þar segir m.a.:

"Þær upplýsingar um rennsli og hita hola og aðra vinnslueiginleika svæðisins, sem nú liggja fyrir, eru mun takmarkaðri en gert var ráð fyrir, ef upphafleg áætlun um borun 5 vinnsluhola hefði staðist.

Fullnægjandi upplýsingar liggja aðeins fyrir um eina holu. Það gufumagn, sem úr henni kemur við 10 ata þrýsting, dugir til 5-6 MW

26

raforkuframleiðslu. Nægileg gögn liggja enn ekki fyrir til þess að segja ákvæðið um meðalhitastig á því vatni, sem kemur inn í vinnsluholur.

Í ljós hefur komið, að öflugar æðar eru í flestum holunum ofan 1000 metra. Hitastig þeirra er nálægt  $250^{\circ}\text{C}$ . Á meira dýpi er hitastig hærra, eða um og yfir  $300^{\circ}\text{C}$ .

Niðurstöður sýna, að rennsli milli æða á sér stað í sumum holunum. Þetta millirennsla veldur tæknilegum erfiðleikum í borun og hefur áhrif á vinnslueiginleikum hola."

Enn fremur segir í skýrslunni:

"Ekki er víst, að afköst þeirrar einu holu, sem nú er tilbúin, samsvari meðalafköstum fyrstu 6-7 vinnsluholanna og getur hún hvort sem er lent ofan við eða neðan við meðalafköst þeirra vinnsluhola, sem eru óboraðar. Þannig er engin trygging fyrir því að það gufumagn verði tilbúið í árslok 1976, sem nauðsynlegt er fyrir 30 MW raforkuframleiðslu með örðrum rafali virkjunarinnar."

Miklar breytingar urðu á borholum KG-3 og KG-4 veturinn 1975-76. Skömmu fyrir eldgosið í Leirhnjúk 20.des. 1975 tók afl KG-3, sem hafði gefið góða raun í byrjun, að rýrna, og hélt svo áfram fram eftir ári 1976. Gasmagn í holunni jókst gífurlega í mars 1976, en nokkuð dró úr því aftur á næstu mánuðum, þótt það héldist áfram mun meira en það hafði upphaflega verið.

Borholu KG-4 tókst ekki að ljúka vegna millirennslis frá 1940 m dýpi og upp í að á 700 m dýpi. Þetta millirennsla orsakaði óvenjuháan þrýsting,  $90 \text{ kg/cm}^2$ , á toppbúnað holunnar. Í janúar 1976, skömmu eftir gosið í Leirhnjúk, sprengdi holan af sér <sup>o</sup> <sub>L</sub> toppbúnaðinn og myndaðist þá mikill gufuhver (sjá Fskj. ....). Um svipað leyti súrnaði vökvinn, sem frá holunni rann, mjög ( $\text{pH}=1.8$ ), en komst í eðlilegt horf eftir 4-6 mánuði. Geta má þess að vökví með  $\text{pH}=1.8$  er sterk sýra sem tærir járn (fóðurrör) á skömmum tíma.

Gufuhverin ver mjög virkur lengi vel og runnu frá honum um 150 l/sek af vatni en um haustið fór að draga af honum og í desember 1976 þorncið hann alveg. Hefur þá holan, sem undir honum var, væntanlega fallið saman og stíflast.

Borhola KG-5 var aðeins boruð í 1300 m dýpt af öryggisástæðum. Eftir reynsluna af KG-4 þótti rétt að bora ekki dýpra fyrr en öryggisútbúnaður hefði verið bættur.

Í heild má segja, að þrátt fyrir óhöpp hafi árangur borana árið 1975 ekki gefið tilefni til annars en bjartsýni um áframhaldandi gufuöflun í Kröflu. Jafnframt varð ljóst að borframkvæmdirnar voru tæknilega séð mun vandasamari en boranir á háhitasvæðum annars staðar höfðu reynst vera.

í nóvember 1975 sendi Orkustofnun bréf til Iðnaðarráðuneytisins (fskj. 7), þar sem gerð var grein fyrir boráætlun ársins 1976. Þar segir m.a.: "Fyrirhugað er að hefja boranir á árinu 1976 með Jötni strax og veður leyfir og eftir að borun á Laugalandi lýkur. Miðað við að borun geti hafist í mars er áætlað, að samtals 6-7 borholur verði fullbúnar í nóvember 1976".

í desember 1975 kom út skýrsla Orkustofnunar um niðurstöður vinnsluborana 1975 og horfur á gufuöflun (fskj. 24, kafli 1). Um boranir 1976 segir þar m.a.: "í áætlunum Orkustofnunar fyrir árið 1976 er gert ráð fyrir að ljúka frágangi á þeim tveim holum, sem ekki var lokið í ár og bora 3-4 vinnsluholur. Gert er ráð fyrir að þær geti orðið a.m.k. 2500 m djúpar og jarðborinn Jötunn verði fenginn til verksins. Samkvæmt áætluninni hefst borun um miðjan mars og lýkur í desember 1976".

Veturinn 1975-'76 var notaður til að móta öryggisreglur og vinnuaðferðir við hönnun og borun hola, og til að útvega öflugri öryggisbúnað á borinn. Var þetta gert í ljósi þeirrar reynslu, sem fengist hafði af borunum í Kröflu árið 1975, en þá hafði mælst hærri þrýstingur við holutopp á holu KG-4, um  $90 \text{ kg/cm}^2$ , en áður var vitað um á öðrum jarðhitasvæðum bæði hérlandis og erlendis. Rætt var um nauðsynlegt fóðringardýpi með það fyrir augum að koma í veg fyrir millirennslí eins og átti sér stað í holu KG-4. Jarðlagaskipan í þeirri holu gaf til kynna, að fóðrun niður á allt að 1000-1100 metra dýpi gæti reynst nauðsynleg til að hindra millirennslí. Í febrúar 1976 gaf Orkustofnun út skýrslu "Öryggisbúnaður og framkvæmdaáætlun við boranir með Jötni í Kröflu 1976" (fskj. 8).

í apríl 1976 skipaði orkumálastjóri 3 menn í nefnd til að taka ákvarðanir um boranir í Kröflu. Í skipunarbréfinu (fskj. 9) segir m.a.: "Mikil og vandasöm verk eru nú framundan í gufuöflun fyrir Kröflu-virkjun. Til að tryggja, eftir því sem hægt er, að þau verði unnin á sem bestan hátt, vil ég biðja ykkur að taka sæti í nefnd til að fjalla um og taka ákvarðanir um framkvæmdaatriði borananna. Þar á ég sérstaklega við staðsetningu borhola, holudýpi, fóðringar, o.s.frv. Verksvið nefndarinnar er þó ekki bundið við þessi atriði, heldur hver sem er önnur, sem upp kunna að koma varðandi gufuöflunina til yfirborðs, en við holutopp tekur gufuveitan hins vegar við gufunni.

í ákvörðunum sínum ber nefndinni jafnan að hafa það meginmarkmið í huga að afla á sem skjótastan hátt nothæfrar gufu til að virkjúnin geti farið í gang sem fyrst".

Ennfremur segir í bréfinu: "Eskilegt er, að nefndin komist að sam-eiginlegri niðurstöðu um þær ákvarðanir, sem taka þarf. Verði ágreiningur, sem nefndin ekki getur leyst, er til þess ætlast, að slíkum málum verði vísað til mín".

Hinn 7. maí 1976 sendi nefndin orkumálastjóra álitsgerð "Staðarval borhola í Kröflu 1976" (fskj. 10). Þar segir m.a.: "Okkur undirrituðum þykir að vandlega yfirveguðu máli skynsamlegt og eðlilegt að fyrsta holan verði boruð í Leirbotnum, þar sem svo mikill ávinningur er af því, ef vel tekst til."

Boranir hófust með Jötni 27. júní 1976 í Leirbotnun (KJ-6). Var þetta mun seinna en upphaflega var áætlað. Stafaði það af því að Jötunn var upptekinn við borun í Eyjafirði fyrir Hitaveitu Akureyrar. Vegna lánsútvegunar Hitaveitu Akureyrar erlendis þótti mikilvægt að borun við Laugaland væri ekki hætt á því stigi, sem þær voru á í mars-apríl 1976. Til þess að bæta að nokkru upp þessa töf var Dofri fenginn að Kröflu fyrir tilstuðlan Iðnaðarráðuneytisins í ágúst 1976, en upphaflega hafði aðeins verið reiknað með Jötni í Kröfluboranir 1976.

Þegar ákvörðun hafði verið tekin um að bora með tveimur borum á árinu 1976, þurfti að endurskoða framkvæmdaröð borverka. Hin endurskoðaða framkvæmdaáætlun kemur fram í greinargerð dags. 9. júlí 1976 (fskj. 11)

Alls voru boraðar á árinu 1976 6 holur, KJ-6, KJ-7, KG-8, KJ-9, KG-10 og KJ-11. Lauk borunum í desember 1976. Nánari upplýsingar um einstakar borholur er að finna í töflu 1 (bls. )

Eins og áður er um getið, var í ljósi reynslu af borunum 1975 hönnun holanna breytt þannig að sterkari lokar og dýpri fóðringar voru notaðar en árið áður. Jafnframt höfðu öryggistæki boranna verið bætt. Tílgangur þessara aðgerða var að koma í veg fyrir að óhöpp eins og urðu

með holu KG-4 gætu endurtekið sig. Tæknileg framkvæmd borananna tókst mjög vel, og verður ekki séð annað en búnaður holanna sé fullnægjandi til að mæta því á lagi sem á honum er.

Nokkru eftir að borun KJ-9 hófst varð sá atburður, hin 12. október 1976, að upp kom leirhver nálægt borstæðinu. Var borinn þá fluttur af því, þar eð ekki var ljóst í fyrstu hvað hér var að gerast eða hvert framhald yrði á atburðum. Var þá borun holu KJ-11 hafin. Síðar kom í ljós, að fóðring í holu KG-3, sem er skammt frá borstæði KJ-9 hafði slitnað í um það bil ~~100~~<sup>75</sup> m dýpi, líklega vegna jarðhræringa, með þeim afleiðingum að vatn og gufa úr KG-3 ruðdi sér leið út úr fóðringunni og upp á yfirborði og myndaði leirhverinn. Hola KG-3 var fyllt af sandi og hjaðnaði þá leirhverinn alveg. Eftir að borun KJ-11 lauk, var Jötun fluttur aftur á KJ-9. Borun hennar stóð fram í byrjun des. 1976, en varð ekki lokið. Var aðeins borað niður á 1100 m dýpi með 300 m hlífðarfóðringu. Gengið var þannig frá holunni að hægt yrði að dýpka hana síðar, en einnig var komið fyrir í henni raufuðu lausu fóðurröri þannig að hægt væri að láta hana blása.

Boranir 1976 gáfu miklar nýjar upplýsingar um vinnslueiginleika borsvæðisins: Tvö vatnskerfi eru til staðar, ofan við 900-1100 m og neðan við 1100-1500 m. Þessi tvö jarðhitakerfi hafa mjög mismunandi vinnslueiginleika, svo sem hita, efnasamsetningu, streymisgerð o.fl. Efra kerfið er aðeins  $220^{\circ}\text{C}$  heitt, og tiltölulega kalkríkt. Neðra kerfið er hins vegar  $320-340^{\circ}\text{C}$  heitt og er í suðu. Er hiti þess ~~og með heim hundum sem fundist hefur i~~ <sup>og með heim hundum sem fundist hefur i</sup> hærri en fundist hefur áður á jarðhitavæði hérlandis, <sup>ef með heimnum,</sup> því er mikil <sup>heimnum,</sup> magn af óþéttanlegum gastegundum, sem fylgja gufunni inn á vélar virkjunarinnar og draga úr nýtni stöðvarinnar. Einig eiga sér stað útfellingar af járn og kísilsamböndum í fóðurrörum.

Borholurnar taka vatn sitt annaðhvort úr efra kerfinu eða úr báðum kerfunum. Efrakerfisholurnar (KW-2, KG-8, KJ-9) hafa lítið afl sakir lágs innstreymishita, og í þeim hafa orðið miklar kalkútfellingar. Blönduðu holurnar (KW-1, KG-3, KJ-6, KJ-7, KG-10, KJ-11) hafa mismunandi og breytilega rennsliseiginleika. Aflmestrar þeirra hafa verið KG-3 (sem nú er lokað), KG-10 og KJ-11, en dregið hefur verulega úr afli þeirra með tíma.

Í lok borananna á árinu 1976 kom í ljós mikið járninnihald í frá-rennslisvatni frá KJ-6 og KJ-7. Var í fyrstu talið að hér væru um að ræða tæringu á fóðurrörum holanna. Komið var á fót samvinnu Orkustofnunar og Rannsóknarstofnunar iðnaðarins um rannsókn á þessu vandamáli, (fskj. 53, Kefla.) Niðurstaða þeirra rannsókna er m.a. sú að veruleg tæringarhætta sé ekki fyrir hendi við óbreyttar aðstæður. Hins vegar hefur síðar komið í ljós, að verulegar útfellingar af járnsamböndum eiga sér stað í fóðurrörum eins og áður er getið.

Árangur borananna í gufuöflun virðist í fyrstu <sup>t</sup> ~~e~~ vera viðunandi. Þannig reyndust holur KJ-7, KG-10 og KJ-11 vera mjög aflmiklar fyrst í stað, en holur KJ-6 og þó einkum KG-8 og KJ-9 aftur á móti afflitlar. En fljótlega fór að bera á aflminnkun þeirra fyrrnefndu. Holur KJ-7 og KG-10 misstu afl sitt að verulegu leyti á næstu mánuðum. Hola KJ-11 hélt hins vegar góðum afköstum, en nokkuð bar á því að hún væri óstöðug. Var það talið stafa af því að efra og neðra vatnskerfi jarðhitasvæðisins blönduðust saman í holunni, eins og reyndar í fleiri holum, og sökum mismunandi þrýstings kæfði efra vatnskerfið það neðra öðru hverju.

Árangurinn í gufuöflun varð þannig ekki eins góður og vonast hafði verið til. Iðnaðarráðuneytið óskaði í byrjun árs 1977 eftir skýringum og túlkun Orkustofnunar á þessum vanda. Orkustofnun svaraði með bréfi dags. 4. febrúar 1977, sem fer hér á eftir:

"Að beiðni hins háa ráðuneytis vill Orkustofnun skýra frá eftirfarandi atriðum þegar á þessu stigi málsins, enda þótt stofnunin hafi ekki að fullu metið árangur vinnsluborana við Kröflu 1976 eða mótað endanlega tillögur um með hverjum hætti þeim skuli haldið áfram.

1. Ljóst er nú þegar, að árangur vinnsluborana 1976 er lakari en vonir stóðu til, bæði varðandi magn tiltækjar gufu og gæði hennar (gasinnihald; tæringaráhrif á gufukerfi). Heildarniðurstöður borana liggja þó enn ekki fyrir, þar eð mælingum er ekki lokið á tveimur síðustu holunum sem boraðar voru.

2. Talið er fullvist að tæringaráhrif og gasinnihald gufunnar orsakist af eldsumbrotum við Kröflu. Hugsanlegt er einnig að eldsumbrotin hafi haft áhrif til rýrnunar á rennsli úr borholum.
3. Það kom fyrst í ljós við boranir 1976 að áhrif umbrotanna urðu svo viðtæk á fyrirhuguðu vinnslusvæði, sem raun ber vitni. Þetta vinnslusvæði er hins vegar aðeins hluti af jarðhitasvæðinu við Kröflu. Ekki er unnt að segja fyrir um hversu viðtæk eða varanleg áhrifin yrðu, enda ekki við sambærilega reynslu annars staðar að styðjast.
4. Um það verður ekki sagt að svo stöddu, hve stórt það svæði er, sem áhrif umbrotanna ná til; hvort þau nái til jarðhitasvæðisins alls eða þess hluta einungis, sem borað var í á síðasta sumri. Úr þessu verður ekki skorið nema með frekari borunum. Áhrifa þessara hefur ekki gætt við Námafjall, um það bil 7 km burtu.
5. Ekki er heldur unnt að segja um þessu stigi máls, hve lengi muni gæta þeirra áhrifa eldsumbrotanna á vinnslueiginleika, sem í ljós komu á þeim hluta jarðhitasvæðisins við Kröflu þar sem borað var 1976. Allar tölur um slikt sem fram hafa komið fjölmöldum undanfarið verða að skoðast sem persónulegt mat viðkomandi. Reynslan ein getur skorið úr um þetta atriði.
6. Við þessar aðstæður telur Orkustofnun rétt að gera eftirfarandi:
  - 6.1. Halda áfram nú á þessu ári vinnsluborunum í því skyni að afla meiri gufu handa Kröfluvirkjun. Verið er að athuga hvar ráðlegast sé að halda borunum áfram. Ýmsir kostir koma þar til álita og þarf að bera þá saman. Að því verður unnið nú á næstunni.
  - 6.2. Haldið áfram framkvæmdum við stöðvarhús og gufuveitu að því marki sem nauðsynlegt er til að geta komið stöðinni í gang með þeirri gufu sem nú er tiltæk.

Fyrst verði stöðin rekin í tilraunarestri meðan  
ýmis konar prófanir fara fram og byrjunarörðuleikar í  
sjálfum rekstrinum eru yfirunnir. Er þýðingarmikið að  
geta notað tímann í því skyni meðan unnið er að frekari  
gufuöflun, svo að ekki verði frátafir af þeim sökum þegar  
hún er fengin.

- 6.3. Ætla má að áhrif eldsumbrotanna verði fremur til að tefja  
gufuöflun fyrir Kröfluvirkjun og gera hana dýrari en að  
tefla henni í tvísýnu til frambúðar. Með hliðsjón af því  
er ástæða til að hafa áhyggjur af raforkuöflun á Norðurlandi  
veturinn 1977-78 sérstaklega. Engin leið er að segja fyrir  
um það, <sup>h</sup>ve mikið megi reiða sig á Kröflu þann vetur. Er  
því full ástæða til að hraða lokaáfanga Byggðalínu og Hval-  
fjarðarlinu svo fremi að unnt sé að ljúka þessum verkum  
á annað borð næsta haust, eða fyrri hluta næsta vetrar.  
Þyrfti sem fyrst að komast að endanlegri niðurstöðu um,  
hvort þetta er unnt og þá hvernig."

#### 2.5.4 BORANIR OG ENDURVINNSIA 1977.

Iðnaðarráðuneytið tók saman greinargerð um stöðu framkvæmda við Kröflu-virkjun og er hún dags. 7. febrúar 1977 (fskj. 12). Í henni segir m.a.:

"Við könnun á verkstöðu framkvæmda er augljóst að meginhluti kostnaðar fram að gangsetningu fyrri vélasamstæðu er vinnulaun um tveggja mánaða skeið, til að nýta árangur borana, sem lokið var á árinu 1976.

Viðbótarfjárfesting til nýtingar á fyrri vélasamstæðu til raforkuöflunar er fyrst og fremst tengd gufuöflun á árinu 1977 og allur árangur slikrar fjárfestingar skilar sér því í auknum afköstum fyrri vélasamstæðu til raforkusölu og þar með til nýtingar heildarfjárfestingar Kröfluvirkjunar. Á það skal bent, að hér er um brautryðjendastarf að ræða við virkjun háhitasvæða landsins, til raforkuframleiðslu. Sambærilegar aðstæður með tilliti til áhrifa gosvirkni hafa ekki komið fram annars staðar í heimnum.

Miðað við stöðu verksins og þá reynslu, sem nú þegar hefur fengist við þessa virkjun og hinn mikla orkuskort é Norðurlandi, svo og það fjármagn, sem nú þegar er búið að binda, væri óraunhæft að fresta framkvæmdum um óákveðinn tíma. Ennfremur gæti slikt haft í för með sér ófyrirséðar afleiðingar og gæti stöðvað um langa framtíð framkvæmdir til nýtingar á jarðgufu háhitasvæða landsins til orkuöflunar".

Í lok greinargerðarinnar er efnið dregið saman í þessar niðurstöður:

- "1. Haldið verði áfram nú á þessu ári vinnsluborunum til áframhaldandi gufuöflunar fyrir Kröfluvirkjun.
2. Haldið verði áfram framkvæmdum við stöðvarhús og gufuveitu að því marki, sem nauðsynlegt er til þess að geta tekið fyrri vélasamstæðu stöðvarinnar í notkun.
3. Lokið verði við lagningu háspennulinu frá Kröfluvirkjun til Akureyrar".

Um þetta leyti var það orðið ljóst, að jarðhitasvæðið við Kröflu var mun flóknara að uppbyggingu en áður hafði verið reiknað með. Nánari lýsing á því er að finna í Holubréfi nr. 7 (fskj. 52, kafla 1.)

Til undirbúnings tillögum að borunum 1977 gekkst Orkustofnun fyrir fundi, sem haldinn var á Nesjavöllum í Grafningi dagana 15.-16. febrúar 1977. Á þessum fundi voru fulltrúar Orkustofnunar, Kröflunefndar, verkfræðistofanna Virkis og VST, auk sérstakra ráðgjafa Orkustofnunar. Voru gufuöflunarmálin rædd þar á mjög breiðum grundvelli til að reyna að fá fram sem flest sjónarmið þar að lútandi.

Að loknum Nesjavallafundi samdi Orkustofnun greinargerð um stöðu mála og tillögur um boranir á árinu 1977. Með bréfi dags. 22. mars 1977 (fskj. 13) voru þessar tillögur sendar Iðnaðarráðuneytinu. Í þessu bréfi segir svo:

"Með bréfi þessu er ætlunin að gera hinu háa ráðuneyti grein fyrir tillögum Orkustofnunar um boranir fyrir Kröfluvirkjun sumarið 1977.

Eins og ráðuneytinu hefur áður verið skýrt frá (t.d. í bréfi 77 02 04) báru boranir 1976 ekki þann árangur, sem vonast var eftir, af ástæðum sem ekki eru að öllu leyti kunnar. Niðurstöður benda til 1-2 MW borárangurs á hverja holu á því svæði, sem borað var á 1976, og verður sá árangur að teljast lélegur. Að auki virðist vinnsluþrýstingur flestra borholanna vera of lágor fyrir háþrýstiþrep gufuhverflanna til raforkuframleiðslu með fullri nýtni.

Ályktun, sem Orkustofnun dregur af borárangrinum 1976 er sú, að boráangið 1976 sé ekki fullnægjandi sem vinnslusvæði fyrir Kröfluvirkjun, a.m.k. um nokkurt árabil. Til að standa undir 60-70 MW raforkuvinnslu þarf því að leita á nýju vinnslusvæði (eða svæðum).

Sú gufa, sem fékkst 1976 yrði að sjálfsögðu nýtt; fyrst í stað á bæði þrýstiþrep fyrra gufuhverfilsins; síðar meir e.t.v. einvörðungu á lágþrýstiþrep hverflanna.

Í framkvæmd Kröfluvirkjunar hefur verið lögð á það höfuðáhersla að koma virkjuninni sem fyrst í rekstur til að bæta úr raforkuástandinu á Norðurlandi. Nú hyllir undir að fyrri vélin fari í gang, en með miklum mun minni afkostum en vænst var, sem þar að auki leikur vafi á, hve mikil megi reiða sig á til frambúðar vegna óstöðugleika borholanna.

Þegar ljóst varð að valt er að reiða sig á afköst borhola frá 1976 og að leita þyrfti að nýju vinnslusvæði, sem tekur tíma, lagði Orkustofnun til við ráðuneytið í áðurgreindu bréfi frá 77 02 04 að kannað yrði til hlítar, hvort flýta mætti lagningu Hvalfjarðarlínu og syðsta hluta Byggðalínu þannig að Byggðalína næði fullri flutningsgetu í lok þessa árs, og að ákvörðun yrði tekin um að gera það, ef slik flýting reyndist möguleg. Nú virðast horfur á að þetta megi takast. Batnar þá mjög ástandið í rafmagnsmálum Norðurlands og ný viðhorf skapast varðandi Kröfluframkvæmdir.

Sú staðreynd að leita þarf að nýju vinnslusvæði fyrir Kröfluvirkjun gerir það nauðsynlegt að skipuleggja gufuöflunina framvegis á annan hátt en gert var meðan talið var, að vinnslusvæðið væri þegar fundið, enda gefur tilkoma fullrar flutningsgetu Byggðalínu jafnframt meira ráðrúm í því efni.

Nauðsynlegt er að gera sér grein fyrir því, hve mikið svigrúmið er án þess að vandræðaástand skapist að nýju þrátt fyrir fulla flutningsgetu Byggðalínu. Ber þá að hafa í huga að á þessu ári hefst lagning línu frá Kröflu til Austurlands.

Samkvæmt nýgerðri orkuspá fyrir landið allt verður Sigölduvirkjun fullnýtt að orku 1979 og Sigalda + Krafla báðar 1982. Kröfluvirkjun þarf því að geta skilað verulegum afköstum í lok árs 1979, sem táknað, að þá þarf að vera búið að vinna samsvarandi gufu og leiða hana til orkuværisins. Að reikna með meira svigrúmi í þessu efni er mjög óvarlegt að mati Orkustofnunar, og býður beinlinis heim hættunni á orkuskorti.

Undanfarnar vikur hefur það verið til ítarlegrar athugunar á Orkustofnun, hvar vænlegast sé að leita nýrra vinnslusvæða. Niðurstaða þessara athugana er sú, að það kom þrjú svæði til greina (sjá meðfylgjandi kort) :

1. Suðurhlíðar Kröflu (austur af virkjuninni)
2. Hvíthólasvæði (jaðar Kröfluöskjunnar til suðurs)
3. Námafjall

Öruggasti kosturinn af þessum þremur er talinn Námafjall, sem þó er engan veginn fullviss. Honum fylgir hins vegar miklu hærri flutnings-

kostnaður gufunnar til virkjunarinnar en frá hinum svæðunum.. Hvíthóla-svæðið er minna jarðhitasvæði en hin tvö eftir því sem best er vitað nú. Staðsetning þess er hins vegar heppileg, m.a. liggur það rétt við gufuleiðslu milli Námafjalls og Kröflu.

Reynt hefur verið að gera upp á milli svæðanna á grundvelli núverandi þekkingar á þeim. Hefur m.a. verið reynt að beita svonefndri EMV-ákvarðanagreiningu til að velja á milli suðurhlíðar Kröflu og Námafjalls sem vinnslusvæðis. (EMV = Expected Monetary Value). Með þeirri aðferð er tekið fullt tillit til mismunandi flutningskostnaðar. Fer þá útkoman eftir því, hver er líklegasti borárangur (MW/holu) á hvoru svæði um sig. Er niðurstaðan sú, að ekki sé fyrirfram efni til að meta líklegasta borárangur svo mismunandi á þessum tveim svæðum að þessi samanburðaraðferð geri upp á milli þeirra svo mark sé takandi á. Að sömu niðurstöðu hnígur almennt mat sérfraðinga stofnunarinnar á svæðunum. Áður en gert er upp á milli þeirra, þarf því að fást betri vitneskja um hvert um sig en nú liggur fyrir. Þeirrar vitneskju verður einungis aflað með borunum. Verður því að bora á öllum þremur svæðunum áður en valið er á milli þeirra.

Námafjall er það af þessum þremur hugsanlegum vinnslusvæðum, sem lengstan tíma tekur að virkja, vegna flutningsleiðslunnar. Til þess að hafa vaðið fyrir neðan sig, ber því að skipuleggja leit að vinnslusvæði, vinnsluborun og virkjun út frá þeirri forsendu, að Námafjall verði valið. Hin svæðin gefa rýmri tíma.

Sé nú gengið út frá því, að Námafjall verði valið og að leiðsla þaðan að Kröflu þurfi að geta byrjað gufuflutning í lok árs 1979 þarf að taka lokaákvörðun um lagningu hennar ári fyrr hið minnsta, þ.e. í lok 1978.

Af hagkvæmnisástæðum yrði slik leiðsla að vera gerð fyrir flutning á a.m.k. allri háþrystigufu á báðar vélarnar (48 MW). Vegna þess hve leiðslan er dýr (Nál. 1100 Mkr) er ekki ráðlegt að ákveða lagningu hennar endanlega nema fenginn sé upp á yfirborðið verulegur hluti þeirra gufu er flytja skal, og sýnist 30 MW í gufu vera hæfilegt í því tilliti. Þarf þá að vera búið að bora nægilega mikið við Námafjall fyrir árslok 1978 til þess að tryggja þetta, ef Námafjallssvæðið verður fyrir valinu. Til þess getur mætavel purft 7-8 holur.

Á yfirstandandi ári og því næsta þarf því að bora nægilega til að

1. Velja vinnslusvæðið
2. Hafa allt að 7-8 holur tiltækjar í lok 1978 á því svæði, sem valið verður til vinnslu.

Til að ná þessu þarf að leggja megináhersluna á eitt svæði, vinnslusvæðið, í borunum ársins 1978, sem táknar aftur, að vali vinnslusvæðis þarf að vera í meginindráttum lokið í árslok 1977. Við þetta þurfa boranir ársins í ár að miðast.

Reynt hefur verið að meta, hve miklar boranir þurfi til að velja vinnslusvæðið. Slikt mat er erfitt. Meiri boranir gefa að öðru jöfnu öruggari grundvöll undir valið, en sökum þess, hve dýrar þær eru, mega þær helst ekki vera langt umfram lágmarksþörf. Niðurstaðan er sú, að lágmarkið sé 4-5 holur. Hugsanlegt er að komast megi af með 4 ef árangur er mjög mismunandi eftir svæðum, en annars veitir ekki af 5.

Í samræmi við þetta leyfir Orkustofnun sér að leggja til við hið háaráðuneyti að

1. Boraðar verði allt að 5 holur samtals í suðurhlíðum Kröflu, á Hvítólasvæði og við Námafjall. Fimmtu holunni verði þó sleppt ef fært þykir (Borsvæði þessi sjást á meðfylgjandi korti).
2. Íðnaðarráðuneytið óski nú þegar heimildar Náttúruverndaráðs til borunar á þessum þrem svæðum.

Ráðgert er að borun hefjist í byrjun maí.

Um fjármál borframkvæmda við Kröflu 1977 mun Orkustofnun rita hinu háaráðuneyti sérstaklega. Það þarf að útvega verulegt fjármagn til viðbótar því sem nú er tiltækt, svo sem þar verður nánar rakið. Meginniðurstöðurnar varðandi fjármálin eru þessar:

	<u>Fjórar holur</u>	<u>Fimm holur</u>
Heildarkostnaður, Mkr.	528,9	619,6
Fjárbörf umfram tiltækt fjármagn, Mkr.	424,3	515,0 "

í samráði við Iðnaðarráðuneytið fékk Orkustofnun dr. Gunnar Böðvarsson, professor í Oregon í Bandaríkjum, hingað til lands til viðræðna um vandamál gufuöflunarinnar í Kröflu. Kom Gunnar hingað til lands í lok mars. Skilaði hann bráðabirgðaskýrslu í lok apríl, en fullnaðarskýrslu í maí 1977 (fskj. 49). í skýrslu Gunnars eru gerðar eftirfarandi tillögur:

"í styztu máli eru tillögur undirritaðs um næstu framkvæmdir á Kröflusvæði þessar.

(1) Virkjun efrakerfisvatns. Til þess að gangsetja virkjunina og koma afli hennar upp í virk 10 MW má nota um 18 kg/s af gufu við 8 ata úr holum 7 og 11 auk 10 til 12 kg/s af lágþrýstigufu úr efrakerfisvatni frá holum 8,9 og 10. Nægi rennsli þeirra ekki má bora eina eða fleiri holur í efra kerfi nálægt skiljustöðvarhúsi. Þetta ætti að geta tryggt rekstur jafnvel þótt einhver minnkun kæmi fram á holum 7 og 11.

(2) Endurrannsókn svæðis. Framkvæmdar verði þær rannsóknir, sem taldar eru í (6.2) og gaumgæfilega verði athugað, hvort ekki komi til greina að beita einnig titrings- og jarðspennuaðferðum, sem nefndar eru í (6.3)

(3) Aðgerðir á borholum. Full ástæða er til þess að gera tilraun til endurbóta á þeim holum, sem nú eru í sæmilegu ástandi á Leirbotnasvæði. Kemur til greina hreinsun, einhver endurfóðrun og jafnvel dýpkun, einkum á 6, 8 og 9. Hér verður þó að gæta fyllstu hagkvæmni.

(4) Endurhönnun borhola og tækjakaúp. í samræmi við það sem fram kemur í (7) er full ástæða að íhuga kaup á nýjum háþrýstdælum þannig að dýpka megi fóðrun niður í 1,2 til 1,6 km og bora niður á 2,5 til 3,0 km dýpi. Sömu dælur má einnig nota við tilraunir til rennslisörvunar með þrýstdælingu. Þær kæmu og að góðu haldi á öðrum jarðhitasvæðum á Íslandi. Hver dælusamstæða virðist ekki kosta meir en

um 1/3 til 1/2 af heildarkostnaði einnar 2 km djúprar vinnsluholu.

(5) Borun í suðurhlíðum Kröflufjalls. Í samræmi við tillögur, sem áður hafa verið ægðar fram, er lagt til að gerð verði ein könnunarholu á svæði, sem merkt er sunnan Kröflufjalls á F 15524. Af praktískum ástæðum verður að hanna þessa holu á sama hátt og núverandi holur.

(6) Djúpbорун á Leirbotnssvæði. Þegar tækjakostur og aðrar aðstæður leyfa er lagt til að gerð verði ein borun niður á 2,5 til 3,0 km dýpt í nágrenni holu 11. Þessa holu bæri að djúpfóðra og gera að öðru leyti þannig úr garði að beita megi Preparýstdælingu til rennslisörvunar."

Fleiri aðilar létu í ljós álit sitt á gufuöflunarmálum Kröfluvirkjunar um þetta leyti. Má þar m.a. nefna James T. Kuwada frá Rogers Engineering í Kaliforniu. Kom hann hingað til lands á vegum Kröflunefndar í mars 1977. Átti hann viðræður við aðila hjá Kröflunefnd, Iðnaðarráðuneytinu og Orkustofnun. Skilaði hann greinargerð um försína til Kröflunefndar (fskj. 14). Iðnaðarráðuneytið sendi Orkustofnun afrit af þessari greinargerð 14. apríl 1977 til athugunar.

Skýrslur Gunnars Böðvarssonar og James Kuwada komu til frekari umræðu í ferð Karls Ragns, Valgarðs Stefánssonar og Guðmundar Einarssonar til Bandaríkjanna 9.-15. maí 1977. Þeir þremenningarnir áttu viðræður við bæði Gunnar og Kuwada, og koma helstu atriði þeirra viðræðna fram á minnisblaði, dags. 16. maí 1977, sem samið var eftir þá ferð (fskj. 15....).

Iðnaðarráðuneytið sendi Orkustofnun bréf dags. 6. maí 1977 (fskj. 16.), þar sem það fellst á tillögur Orkustofnunar um boranir í suðurhlíðum Kröflu og við Hvítóhlaklif. Ráðuneytið tók hins vegar ekki afstöðu á því stigi málsins til tillögu um borun við Námafjall. Jafnframt óskaði ráðuneytið eftir tillögum frá Orkustofnun um "hvaða aðgerðir séu nauðsynlegar í sumar, ef það mark væri sett, að a.m.k. 10 MW afl

verði til ráðstöfunar frá Kröfluvirkjun fyrir m.k. vetrarálag."

Jarðborinn Jötunn var að starfi fyrir Hitaveitu Akureyrar fram í júní. Þar sem fjármál gufuðflunarinnar við Kröflu voru um þetta leyti mjög í óvissu taldi Orkustofnun sig ekki að eigin frumkvæði geta flutt borinn í Kröflu að loknum borunum fyrir Hitaveitu Akureyrar. Var þetta mál borið undir Iðnaðarráðuneytið, og með bréfi dags. 23. júní 1977 (fskj.!) taldi ráðuneytið rétt að flytja borinn í Kröflu, og var það gert í lok júní.

Með bréfi dags. 18. júlí 1977 (fskj. ....) sendi Orkustofnun Iðnaðarráðuneytinu nýjar tillögur um boranir og aðgerðir á eldri borholum í Kröflu. Þar sem allangt var liðið á árið voru fyrri tillögur frá 22. mars ekki raunhæfar lengur. Bréf Orkustofnunar fer hér á eftir:

"Með bréfi dags. 1977.03.22 sendi Orkustofnun hinu háa ráðuneyti tillögur sínar um boranir við Kröflu 1977.

Þær tillögur gerðu ráð fyrir borun á 5 holum á yfirstandandi ári á þremur borsvæðum.

Með bréfi frá 1977.05.06 félst ráðuneytið á borun á tveimur af þessum þremur svæðum.

Með bréfi frá 1977.06.23 óskaði ráðuneytið eftir að Jötunn yrði fluttur að Kröflu að lokinni borun á Laugalandi. Sú ósk hefur verið framkvæmd.

Enn hefur ekki leyststúr fjároflunarvandanum í sambandi við Kröfluboranir 1977. Nú er orðið það áliðið sumars að hæpið er að upphafleg áætlun sé framkvæmanleg héðan af. Enn fremur liggja nú fyrir meiri upplýsingar um rennsli í borholum frá 1976 en lágu fyrir þegar tillögurnar voru gerðar. Allar þessar viðbótarupplýsingar eru á þá lund að rennslið í holurnar er óstöðugra og minna en vænst var. Því telur Orkustofnun æskilegt að kanna nánar hvað valdið geti þessari hegðun borholanna frá 1976.

Bæði þessi atriði gefa að dómi Orkustofnunar tilefni til að breyta þeim tillögum um Kröfluboranir sem settar voru fram í áðurnefndu bréfi frá 1977.03.22. Fylgja hinum breyttu tillögur hjálagt. Meginatriði þeirra eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að boraðar verði tvær holur í ár í suðuhlíðum Kröflu, í stað fimm hola alls í suðurhlíðum Kröflu, á Hvíthólasvæði og við Námafjall.
2. Gerðar eru tillögur um aðgerðir á holum sem boraðar voru í fyrra.
3. Lagðar eru til, í ljósi reynslunnar frá því síðustu tillögur voru gerðar umfangsmeiri mælingar á yfirborði á jarðhitasvæðinu við Kröflu en áður var gert ráð fyrir. Mælingar þessar, sem eru einkum jarðeðlisfræðilegs eðlis, taka ekki einungis til borðsvæðisins frá 1976, heldur meginhluta jarðhitasvæðisins við Kröflu í heild. Þessar mælingar eru að hluta til þegar hafnar.

Tilgangur aðgerðanna í 2. og 3. lið er sá, að reyna að varpa ljósi á orsakir þess að borholurnar frá 1976 hegða sér á þann hátt sem raun ber vitni um, og bæta staðsetningar borhola í framtíðinni. Það er hugsanlegt að aðgerðirnar í 2. lið, þ.e. á borholunum frá í fyrra hafi það jafnframt í för með sér að afköst holanna aukist, a.m.k. um tíma. Á það ber hinsvegar að leggja áherslu, að með öllu er óvist að svo verði eða hve varanleg hugsanleg afkastaaukning verður ef hún verður einhver. En hvort heldur um slika aukningu verður að ræða eða ekki getur niðurstaðan samt gefið mikilvægar vísbindingar um orsakir hins lélega borárangurs 1976. Sú vitnekja getur komið að góðum notum síðar.

Kostnaðaráætlun um hinum breyttu borunartillögur fylgja einnig hér með. Samkvæmt þeim lækkar umframfjárbörf umfram fjárlög og framkvæmdaáætlun úr 683 Mkr í 629 Mkr við breytinguna, eins og nánar kemur fram á yfirlitinu.

Í bréfi ráðuneytisins frá 1977.05.06 er m.a. vikið að greinargerð Kuwada frá Rogers Engineering. Ennfremur hefur ráðuneytið síðan spurtst

munnlega fyrir um viðbrögð Orkustofnunar við skýrslu dr. Gunnars Böðvarssonar er hann samdi eftir heimsókn sína hingað á þessu vori. Báðar þessar skýrslur hafa verið teknar til rækilegrar umfjöllunar hjá Orkustofnun, og hefur verið tekið fullt tillit til þeirra við móttum þeirra breyttu tillagna sem hér liggja fyrir".

Iðnaðarráðuneytið ritaði Orkustofnun 27. júlí 1977 bréf (fskj. 19), þar sem henni er tilkynnt sú ákvörðun að útvegaðar verði 100 Mkr til að "kanna og endurvinna þær holur, sem gerðar hafa verið á Kröflusvæðinu". Bréf ráðuneytisins fer hér á eftir:

"Ráðuneytinu hefur borist bréf frá fjármálaráðuneytinu þar sem segir m.a. :

"Ráðuneytið skírskotar til samþykktar ríkisstjórnarinnar 19. þ.m., þar sem samþykkt var allt að 100 mkr. aukning á lánsfé til Orkustofnunar umfram lánsfjárætlun 1977 til að kanna og endurvinna borholur þær, sem gerðar hafa verið á Kröflusvæðinu. Vill ráðuneytið staðfesta, að ráðstafanir hafa verið gerðar til að þetta fjármagn verði til reiðu.

Í samræmi við umræður á nefndum ríkisstjórnarfundi og til undirbúnings frekari ákvörðunar um fjármagn til virkjunarframkvæmda við Kröflu, óskar ráðuneytið þess, að iðnaðarráðuneytið láti í té eftir-talin gögn:

Áætlun um þær framkvæmdir, sem ætlað er að vinna að á næsta ári. Þannig að séð verði hvening hagkvæmt er að ljúka framkvæmdum við Kröflu.

Þá var samþykkt í ríkisstjórninni á áðurnefndum fundi, að Orkustofnun sé óheimilt að ganga í nokkrar nýjar skuldbindingar fyrr en ríkisstjórnin hefur tekið beiðni iðnaðarráðuneytisins um fjármagn umfram lánsfjárætlun til athugunar að nýju. Fer ráðuneytið þess á leit að iðnaðarráðuneytið tilkynni Orkustofnun þessa ákvörðun til að tryggja virka framkvæmd hennar".

Ráðuneytið óskar hér með eftir því að Orkustofnun geri áætlanir um framkvæmdir á næsta ári.

Jafnframt ítrekar ráðuneytið að Orkustofnun er óheimilt að ganga í nokkrar nýjar skuldbindingar vegna framkvæmda við Kröflu þar til öðruvísi verður ákvæðið".

Um þetta leyti gekkst Iðnaðarráðuneytið fyrir stofnun samstarfsnefndar þriggja aðila, þ.e. Iðnaðarráðuneytisins, Kröflunefndar og Orkustofnunar um samræmingu framkvæmda í Kröflu (fskj. 20, 21, 22, 23). Í nefndinni eru: Páll Flygenring ráðuneytisstjóri, Einar Tjörvi Eliasson, Kröflunefnd og Karl Ragnars, Orkustofnun.

Jarðborinn Jötunn, sem eins og áður greinir hafði beðið í Kröflu síðan í lok júní, var nú fluttur að holu KJ-9. Hófst dýpkun hennar um mánaðamótin júlí-ágúst og lauk aðgerðum við holuna 24. ág. '77.

Þessu næst var Jötunn fluttur að holu KJ-7, þar sem hreinsaðar voru útfellingar og lagfærð skemmd á fóðurröri. Síðan vour holur KG-10 og KJ-11 hreinsaðar. Lauk þessum aðgerðum 10. október 1977.

Um árangur ofangreindra aðgerða er nánar fjallað í Holubréfum nr. 6 og 8 (fskj. 52, ~~Kapla~~ 1.)

Eina marktæka aukningin á gufu við aðgerðir sumarsins er aukningin á gufumagni úr holu KJ-9. Í vissum skilningi er þar komin ný hola, þar sem gamla holan var öll fóðruð af, og sú gufa, sem nú kemur úr holunni er öll úr nýboraða hluta holunnar.

Tímabundið hefur gufumagn úr holu KJ-7 og KG-10 aukist. Þessi gufuaukning varð þó skammvinn og er þegar dottin niður um 50% í holu KJ-7 og alveg horfin í KG-10.

Allt útlit er fyrir að hola KJ-11 sé enn óstöðugri eftir aðgerðina, en hún var fyrir hana. Frekari athuganir verða þó að skera nánar úr um hvort svo sé.

Þótt aðgerðir sumarsins hafi þannig ekki leitt til verulegar aukningar gufurennslis úr borholunum, hafa þær gefið verðmætar upplýsingar um útfellingar í holunum, bæði að því er varðar efnasamsetningu og útfellingahraða.

Hinn 28. júlí 1977 sendi Orkustofnun Iðnaðarráðuneytinu eftirfarandi bréf varðandi tillögur stofnunarinnar fyrir 1978:

"Svo sem hinu háa ráðuneyti er kunnugt liggur enn ekki fyrir endanleg afstaða stjórnvalda til tillagna Orkustofnunar um Kröfluframkvæmdir 1977. Af þeim sökum, og raumar fleiri ástæðum einnig, er mjög erfitt á þessu stigi málsins að móta að fullu tillögur um framkvæmdir 1978. Er þess tæplega að vænta að það verði unnt fyrr en með haustinu. Er stefnt að því af hálfu Orkustofnunar að leggja fram síkar tillögur í októbermánuði, þannig að þær geti komið með í meðferð fjárlagafrumvarps í ríkisstjórn og á Alþingi.

Til þess þó að skilja ekki eftir algera eyðu varðandi Kröfluframkvæmdir OS 1978 í því frumvarpi til fjárlaga og lánsfjáráætlun, sem nú mun vera í undirbúningi, þykir rétt að tilgreina nú þegar stærðarstig þeirrar fjárhæðar sem vænta má að farið verði fram á, þegar nánari tillögur hafa verið mótaðar.

Þess er vénst að þessi fjárhæð verði um það bil 1 Gkr (1000 Mkr).

Að baki þessari fjárhæð liggur sú hugmynd (1) að á næsta ári verði boraðar 5 holur við Kröflu, og (2) að borun á einu svæði, t.d. líf suðurhlíðum Kröflu, beri það góðan árangur að rétt þyki að leggja þaðan gufuveitu til stöðvarhússins, og (3) að fyrri áfangi þeirrar veitu af tveimur alls (háþrýstiáfanginn) verði framkvæmdur 1978.

Hér er gengið út frá því að fé fáist í ár til borunar tveggja nýrra hola, sem Orkustofnun hefur gert tillögu um.

Vakin skal sérstök athygli á því, að fáist það fé ekki verður að gera ráð fyrir að þær komi 1978, til viðbótar hinum 5. Hækkar fjár-

þörfin af þeim sökum um 230 Mkr (Viðbótarkostnaður á holu er lægri en meðalkostnaður á holu, þar eð ýmislegt í þessar tvær holur, svo sem fóðurrör, hefur þegar verið keypt.)

Mjög æskilegt verður að telja að þessar tvær holur verði boraðar í ár, en dragist ekki til 1978.

Að endingu skal tekið fram að allar ofangreindar fjárhæðir miðast við verölag í júlí 1977."

Hér má bæta við, að ekki hefur verið veitt neitt viðbótarf til nýrra borana í Kröflu á árinu 1977. Í reynd þýðir þetta að gufuöflunarfrankvæmdum, eins og þær voru lagðar til í bréfi Orkustofnunar frá 22. mars 1977, hefur verið frestað um a.m.k. eitt ár.

Með bréfi dag. 12.des. 1977 (fskj. 24.) sendi Orkustofnun Iðnaðarráðuneytinu tillögur sínar um boranir o.fl. til gufuöflunar á árinu 1978. Þar er lögð áhersla á það sjónarmið "að gufuöflunin er megin vandinn við Kröfluvirkjun og að lausn hans verður að hennar dómi að hafa algeran forgang umfram önnur verk tilheyrandi virkjuninni". Lagt er til að boraðar verði fjórar nýjar holur á árinu 1978.

Í eftirfarandi töflu er yfirlit um borholurnar við Kröflu og árangur þeirra með tilliti til gufuöflunar (miðað við des. 1977). Í hönnun Kröfluvirkjunar er gert ráð fyrir, að heildargufubörfin, miðað við 60 MW afl, sé 112 kg/sek af háþrystigufu og 36 kg/sek af lágþrystigufu. Í ofangreindu er innifalin þörf hverflanna, gufuþörf sogdæla fyrir eimsvala og áspéttningar, og óþéttanleg gós sem eru minni en 1% af háþrystigufunni.

#### Tafla

#### Yfirlit yfir borholur við Kröflu.

## YFIRLIT YFIR BORHOLUR VIB KRÖFLU

Beti	Bortaki	Hvenær boruð	Dýpt holu m	Gufumagn víð opnum		Gufumagn i 31/12 1976 kg/s		Gufumagn i júní 1977 kg/s		Gufumagn opnum eftir endurvinnu		Gufumagn í des '77 kg/s	
				Víð	Við 9 ata	Víð	Við 9 ata	Víð	Við 9 ata	Víð	Við 9 ata	Víð	Við 9 ata
<b>Athugasemdir</b>													
KW 1	Glaumur	ág.-okt.'74	1138	4.0	4.6								
KW 2	"	okt.-des.'74	1204	3.2									
KG 3	Dofri	júní-júlí'75	1670	11.0	17.1	lokud							
KG 4	"	juli-sept.'75	2004	-	-	-							
KG 5	"	sept.-okt.'75	1300	-	-	-							
KJ 6	Jötunn	júlí'76	2000	5.3	6.3	5.4							
KJ 7	"	ág.-sept.'76	2165	7.1	8.0	7.0	7.6	4.2					
KG 8	Dofri	ág.-sep.'76	1658	3.0		3.0							
KJ 9	Jötunn	okt.-des.'76	1101	3.0		ekki komin upp		3.0	ág.-sept.'77				
KG 10	Dofri	okt.-nóv.'76	2082	17.1	20.8	8.1	10.8	3.3	okt.'77				
KJ 11	Jötunn	okt.-nóv.'76	2217	12.7	16.1	ekki komin upp		11.1	okt.'77				
								14.0					

Rannsóknáthola.

Notuð til upphitunar á vinnubúum og stöðuvæhusi.

Rannsóknáthola.

Holán sandylilt 27. nóv. 1976.

Holán sprengið af sér holutopp í jan. 1976 en lokaðist í des. 1976.

Holán er skótk. Holán hefur aldrei blássð.

Röðring skemmd. Holán hreinsað og endurhófnað.

EKKI riðgert að nýta holuna vegna lágs hita.

Holán fóruð í 1100 m dýpi og óþykjuð í 1258 m dýpi.

Holán hefur stíflast aftur.

Eftir hreinsun er holan vökvaðari og óstóðugri en fyrrir aðgerð.

6.0

2.2 ata

3.0

2.2 ata

lokud

1977-01-09

KRÖFLUSKÝRSLA  
Kafli 2.5.1-2.5.4  
Fsk. 1-24  
SGS/gc

---

1. Áætlun um borun fimm vinnsluhola við Kröflu.

Sigurður Benediktsson  
Rögnvaldur Finnbogason  
Janúar 1975

2. Bréf OS til Iðnaðarráðuneytisins vegna endurskoðunar á kostnaðaráætlun frá janúar 1975.

Karl Ragnars  
1975-03-03

3. Bréf OS til Iðnaðarráðuneytisins, viðvörun við því að draga úr borframkvæmdum meðan óðrum þáttum virkjunarinnar er haldið áfram af fullum krafti.

Jakob Björnsson  
1975-05-22

4. Bréf OS til Kröflunefndar (afr. til Iðnaðarráðuneytisins), um val á túrbínum til Kröfluvirkjunar.

Karl Ragnars  
Guðmundur Pálason  
Jakob Björnsson  
1975-02-06

5. Bréf OS til Iðnaðarráðuneytisins, tímasetning einstakra framkvæmda við Kröfluvirkjun.

Jakob Björnsson  
1975-03-14

6. Greinargerð um gos í holu 4, Kröflu, meðan á borun stóð.

Karl Ragnars  
1975-09-14

7. Kostnaðaráætlun Kröfluveitu, Borholur og aðveitukerfi gufu, 1975, 1976, 1977 og 1978.

Karl Ragnars  
1975-11-25

8. Öryggisbúnaður og framkvæmdaáætlun við boranir með Jótni í Kröflu 1976.

Karl Ragnars

OS-JHD 7614 / Febrúar 1976

9. Skipunarbréf nefndar á Orkustofnun til áætlanatöku varðandi boranir í Kröflu 1976.

Jakob Björnsson

1976-04-23

10. Staðarval borhola í Kröflu 1976, (nefndarálit).

Karl Ragnars

Stefán Arnórsson

Sigurður Benediktsson

1976-05-07

11. Greinargerð um staðsetningu borhola í Kröflu 1976.

Valgarður Stefánsson

1976-07-09

12. Greinargerð til Iðnaðarráðherra um stöðu framkvæmda við Kröfluvirkjun, 7. feb. 1977.

Páll Flygentring

Árni Snævarr

Kristmundur Halldórsson

Guðmundur Einarsson

Jakob Björnsson

Guðmundur Pálason

Kristján Jónsson

Einar Tjörvi Eliasson

1977-02-07

13. Bréf OS til Iðnaðarráðuneytisins, tillögur um boranir fyrir Kröfluvirkjun 1977, greinargerð.

Jakob Björnsson

Guðmundur Pálason

1977-03-22

50

14. Trip report.

J.T. Kuwada

Marz 1977

15. Minnisblað vegna ferðar Guðmundar Einarssonar, Karls Ragnars og Valgarðs Stefánssonar til U.S.A. 9-15 mai 1977.

Valgarður Stefánsson

1977-05-16

16. Bréf Iðnaðarráðuneytissins til OS, fallist á tillögu OS um boranir í suðurhlíðum Kröflu og við Hvíthólahlíf o.fl.

Páll Flygenring

Kristmundur Halldórsson

1977-05-06

17. Bréf Iðnaðarráðuneytisins til OS, flutn. Jötuns frá Laugalandi í Eyjafirði til Kröflu 1977.

Kristmundur Halldórsson

1977-06-23

18. Bréf OS til Iðnaðarráðuneytisins, breyttar tillögur um Kröfluboranir 1977.

Jakob Björnsson

Guðmundur Pálsson

1977-07-18

19. Bréf Iðnaðarráðuneytisins til OS, Samp. ríkisstj. 19. júlí um allt að 100 Mkr. til könnunar og endurvinnslu borhola.

Páll Flygenring

Árni Þ. Árnason

1977-07-27

20. 2 bréf Iðnaðarráðuneytisins til OS, til Kröflumefndar, varðar nefndarskipan þriggja manna til að "samræma aðgerðir og taka ákvörðun um meiri-háttar framkvæmdir við Kröflu".

Gunnar Thoroddsen

Árni Þ. Árnason

1977-07-20

21. Bréf OS til Iðnaðrráðuneytisins, Varðar bréf hins háa ráðuneytis frá 1977-07-20 um nefndarskipan vegna Kröfluframkvæmda.  
Jakob Björnsson  
1977-08-22
22. Orðsending til Karls Ragnars frá Orkumálastjóra til skipunar K.R. í þriggja manna nefnd.  
Jakob Björnsson  
1977-08-02
23. Bréf Iðnaðarráðuneytisins til OS, þar sem ráðuneytið felur OS að undirbúa mannvirki til vinnslu jarðgufu.  
Magnús Kjartansson  
Árni Snævarr  
1974-06-21
24. Bréf OS til Iðnaðarráðuneytisins, varðar Kröfluboranir og gufuveituframkvæmdir á árinu 1978.  
Jakob Björnsson  
Guðmundur Pálason  
1977-12-12

2.5.5. Gufuveita.

52

2.5.5.1. ...ningur við ráðgjafarsamning við verkfræðistofurnar.

Með bréfi dags. 15.05.75 (fskj. nr. ...) til iðnaðarráðuneytisins leitaði Orkustofnun heimildar ráðuneytisins til að gera ráðgjafarsamning við verkfræðistofurnar Virki h.f. og Sig. Thoroddsen s.f. varðandi högnun gufuveitu frá borholum að stöðvarhúsi.

Í bréfinu segir m.a.:

"Samningur þessi kemur í sér, að ráðgjafarverkfraðingarnir taka að sér hönnun gufuveitu í Kröflu, og er atlast til, að hönnuninni verði lokíð í byrjun árs 1976, þannig að útbúð fari fram þá um veturninn og frumvændir geti hafist um sumarið 1976"

Með bréfi dags. 12.06.75 (fskj. nr. ....) heimilaði iðnaðarráðuneytið að Orkustofnun undirritaði samning við verkfræðistofurnar. Í bréfinu segir:

"Með vísun til bréfs Orkustofnunar, 15.05. s.l. heimilar ráðuneytið stofnuninni að undirrita samning milli stofnunariunnar annars vegar og Virkis h.f. og verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hins vegar, þess efnis að ráðgjafarverkfraðingarnir taka að sér hönnun gufuveitu í Kröflu."

Orkustofnun undirritaði 24.06.75 samning um hönnun Kröfluveitu við Virki h.f. og verkfræðistofu Sig. Thoroddsen s.f. (fskj. nr. ....). Samkvæmt samningnum skyldi Orkustofnun veitt eftirfarandi verkfræðiþjónusta sbr. formála í verksamningi.

1. "Fullnaðarhönnun gufuveitu frá borholum að stöðvarhúsi við Kröflu og veitu fyrir affallsvatn. Gufuveitan felur í sér tengingu við borholuloka, gufuskiljur við borholur, holuvatns- og gamalagnir, rágþrýstiskiljur og stöðvarhússkiljur og lagnir að suððvrahúsvegg.

Veitan fyrir affallsvatn miðast við flutning á holuvatni frá lágþrýstiskiljum í Þríhyrningardal, en jafnframt skal gerð könnun á því, hvort kælilón gæti verið staðsett annars staðar.

2. Frumáætlun um flutning á borholuvatni út af vatnasvæði Mývatns.

3. Frumáætlun um niðurdælingu affallsvatns um borholur."

I 2. grein samningsins er verkfræðipjónustan nánar skilgreind og skipt í fjóra höfuðþætti, þ.e. í

- A. Forhönnun
- B. Hönnun og gerð útboðsgagna
- C. Útboð, lokahönnun og eftirlit
- D. Aætlunar um meðferð borholuvatns.

Fylgiskjal með samningnum og hluti af honum er samningur um samvinnu milli verkfræðifyrtækjanna Virkis h.f. og Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen s.f. um hönnun Kröfaluveitu fyrir Orkustofnun.

Hönnunarstörf hófust þegar eftir undirritun samnings. Skiptist starfið í verkþætti samkvæmt fyrrnefndum verksamningi. Ljóst var, að tímamörk fyrir undirbúning og framkvæmt hönnunarsíðar voru orðin þróng, og var í upphafi stefnt að því, að útboðsgögn yrðu tilbúin um áramótin 1975/1976.

#### 2.5.5.2. Forhönnun.

Fyrsti verkþáttur hönnunarinnar var fólginn í gerð frumáætlunar, sem nefnd var forhönnun. Forhönnunar-skýrsla var afhent Orkustofnun með trúfi ráðgjafaraðila 21.11.75 (fskj. nr. ....).

54

I formála þessarar skýrslu segir orðrétt:

"Þessi skýrsla er frumáætlun til Orkustofnunar um Kröfluveitu, sem felur í sér gufu- og vatnsveitu að stöðvarhúsi Kröfluvirkjunar og veitu fyrir frárennslisvatn. Greint er frá gerð veitunnar og helztu hlutum hennar, hönnunarforsendum, greiningu í verkhluta, og sett er fram tímaáætlun um lok hönnunar, útvegun efnis og frammkvæmd verkhluta. Skýrslunni fylgja frumteikningar, er sýna á hvaða stigi hönnun veitunnar er við lok fyrsta þáttar hönnunarstarfssins."

Ennfremur segir:

"Þegar að fengnu bréfi Orkustofnunar 26 júní '75 var undirbúningur hafinn að hönnun Kröfluveitu. Á þeim tíma lá þó ekki fyrir, hvar borholum veitunnar yrði valinn staður að undanskilinni fyrstu vinnsluholunni, sem þá var langt komið að bora, en auk þess hafði borstæði næstu vinnsluholu verið valið. Hafizt var strax handa um að kanna verð og afgreiðslutíma á aðaleini til veitunnar svo sem stálplötum, stálpíum, lokum og dælum. Fyrir lá skýrsla Orkustofnunar um tilraunaboranir frá ieb. 1975 og einnig fengu rádgjafarverkfræðingar í hendur áætli Orkustofnunar um val borstæða fyrir 15 borholur í lok júlí 1975. Fyrstu niðurstöður mátti laga á heildarstreymi, hitastigi og efnasamsetningu gufu og vatns fengust úr fyrstu vinnsluholunni (holu 3) í ágúst-sept. 1975."

Ennfremur segir:

"Við undirskrift samnings um hönnun Kröfluveitu var gert ráð fyrir því, að öllu frárennslisvatni veitunnar yrði veitt í Þríhyringadal vestan stöðvarhúss Kröfluvirkjunar. Einnig var þá gert ráð fyrir því, að kanna þyrfti aðra möguleika um meðferð þessa frárennslisvatns. Við fórhönnun veitunnar hefur komið í ljós, að ónjákvæmilegt er að dæla um helmingi alls borholuvatns að lágþrýstishiljum veitunnar, ef veita skal öllu borholuvatni í Þríhyringadal.

Með tilliti til rekstrarþryggis, reksturskostnaðar og aukinnar hættu á utfellingum við dælingu Borholuvatnsins hafa ráðgjafarverkfræðingar lagt til, að öllu borholuvatni verði veitt í tilbúin lón í Hlíðardal austan og sunnan stöðvarhúss virkjunarinnar, en fjarlægð þeirra frá stöðvarhúsi er um 500 m. Borholuvatnið yrði sjálfrennandi þangað og dæling óþörf að lónum þessum.

Worki liggar fyrir leyfi fyrir þessari tilhögun né hefur endanleg ákvörðun verið tekin. Hefur óvissa um þetta atriði vældið töflum í hönnunarstærðinu, en í skýrslu þessari eru settir fram báðir valkostirnir um staðarval fyrir frárennslis- og kælilón, Þríhyrningadalur og Hlíðardalur. Má ákvörðun um þetta atriði alls ekki dragast öllu lengur. Gert er ráð fyrir því, að ljúka mætti byggingu Kröfluveitu fyrir áramót 1976/1977. Unnt er þó að fresta byggingu um helningsveitunnar, og sýnir tímaáætlun byggingu hennar í tveimur áföngum.

Fyrri áfangi verður bygging veitu frá neðra borsvæði, sem fullnægja myndi aflþörf annarrar aflvélar Kröflu-virkjunar. Þessum áfanga gæti lokið í október 1976. Síðari áfangi felur í sér byggingu veitu frá efra borsvæði, og er gerð grein fyrir því, hvernig unnt væri að ljúka henni í október 1977.

Gert hefur verið ráð fyrir því, að gerðar verði tilraunir og mælingar á háþrysti- og lágþrystiskiljum og framkvæmdar útfellingatilraunir í þeim og í tilheyrandi lögnum. Markmið tilraunanna er að treysta hönnunarforsendur v. tannar svo sem kostur er."

Í ágripi forhönnunarskýrslu er gerð grein fyrir helztu forsendum og niðurstöðum, og segir þar enn fremur:

56

"Forhönnun aðveitukerfis Kröflustöðvar gerir ráð fyrir 12 borholum samtals. Áætlað er, að meðalafköst hverrar borholu verði 40-50 kg/s og að innstreymishiti verði að meðaltali 270 °C. Þessi borholuafköst verða fullnægjandi fyrir aflvélar Kröfluvirkjunar við 2x30 MW álag, en forhönnun veitunnar gerir einnig ráð fyrir, að stofneðar anni þörf vélanna við hámarksálag, sem er 2x35 MW.

Fyrirhugað borsvæði greinist af landslagi og hæðarlegu í tvo hluta, efra og næðra borsvæði. Frá hvoru svæði fyrir sig er sjálfstætt aðveitukerfi að stöð, og nægir hvort um sig annarri aflvél virkjunarnar."

Á sama tíma og unnið var að gerð forhönnunar skyrslu var tekin saman stutt skýrsla um meðferð affallsvatns frá Kröfluvirkjun, og afhent Orkustofnun með bréfi dags. 20.10.75 (fskj. nr. ....). Einig var Orkustofnun rituð stutt greinargerð um meðferð affallsvatns frá Kröfluvirkjun, dags. 27.11.75 (fskj. nr.....)

Hönnunarstörf við Kröfluveitu mótuðust mjög af þeirri óvissu, sem frá ársbyrjun 1976 hefur verið um framkvæmdir við Kröfluvirkjun.

Að þessum tíma fengust ekki teknar ákvárdanir um að skuldbinda efniskaup fyrr en 29. mars 1976 og þá aðeins á litlum hluta nauðsynlegra efniskaupa til fyrri áfanga Kröfluveitu. Önnur kaup voru ekki heimiluð fyrr en 6. apríl og síðar. Enn var framhald framkvæmda tekið til endurskoðunar á tímabilinu 10. ágúst til 10. seðember 1976, en Orkustofnun skorti þá fjárveitingar til þess að mega undirrita verksamninga, sem biðu undirritunar allt þetta tímabil.

Óvissa um vinnsluborholur fyrir Kröfluveitu hefur einnig haft mikil áhrif á hönnunarstörf við veituna.

Vegna endurskoðunar á staðarvali borhola var fyrirkomulag gufuveitu tekið til endurskoðunar. Fyrirkomulagi hennar var síðan breytt mjög verulega til þess að frjálsari hendur fengjust um staðarval borhola, og stækkaði mögulegt vinnslusvæði Kröfluvirkjunar verulega við þessar breytingar. Endurhönnun veitunnar olli að sjálfsögðu aukinni vinnu og verulegum tófum við hönnunarstörfin. Boranir töfðust ennfremur verulega, en borun fyrstu holunnar sumarið 1976 hófst í lok júní. Hinn 16. ágúst 1976 lágu fyrir fyrstu gögnin um endurskoðað staðarval borhola. Var þá hafinn undirbúningur að vali pípuleiða og hönnun pípa á milli borhola og skiljustöðvar.

#### 2.5.2.3. Útboð vegna efniskaupa.

Fyrstu útboð efnispáttta til veitunnar fóru fram í árslok 1975 en hin síðustu í mars mánuði 1976.

Eru þá reyndar ekki talin minni háttar efniskaup vegna breytinga, sem síðar voru ákveðnar, en slik efniskaup fóru nær undantekningalaust fram á grundvelli tilboða, sem aflað var áður en kaup voru gerð og ætið gerð samkvæmt tillögum ráðgjafarverkfræðinga, að undangenginni verðkönnum.

Fyrirkomulag efnisútboða og kaupa var á þann hátt, að efnisútboð fóru öll fram á vegum Innkaupastofnunar ríkisins. Ráðgjafarverkfræðingar Orkustofnunar önnuðust gerð útboðsgagna. Öll aðalútboð voru opin og auglýst af Innkaupastofnun ríkisins. Er ráðgjafarverkfræðingar Orkustofnunar höfðu rannsakað tilboðin skiliðu þeir skriflegri umsögn til Orkustofnunar, þar sem gerð var tillaga um, hvaða tilboði skyldi tekið. Jafnframt fylgdu drög að kauploforðsbréfi (Letter of Intent). Í öllum tilfellum samþykkti Orkustofnun tillögu ráðgjafarverkfræðinga sínna.

58

Orkustofnun afgreiddi jafnan mjög iljótt ákvörðun sína um kaup til Innkaupastofnunar ríkisins, sem síðan aflaði í flestum tilfellum greiðsluloforðs fjármálaráðuneytisins (Promissory Note) og gekk því næst frá formlegri pöntun. Jafnframt var seljanda efnis eða umboðsaðila hans hér á landi afhent í tvíriti kauploforðsbréf Orkustofnunar til undirritunar og samþykktar af hálfu seljanda. Með fullundirrituðu kauploforðsbréfi af hálfu Orkustofnunar og seljanda ásamt greiðsluloforði fjármálaráðuneytis svo og formlegri og endanlegri pöntun Innkaupastofnunar ríkisins var talið, að fullnægjandi kaupsamningur væri kominn á.

Þess skal getið hér, að í þeim tilfellum, sem á það reyndi, að afgreiðslutöf yrði á efni af hálfu seljanda, var afgreiðslutími reiknaður frá útgáfudegi endanlegri pöntunar.

Fyrirkomulag á innkaupum og innflutningi á vegum Innkaupastofnunar ríkisins, sem lýst hefur verið, reyndist vera mjög seinvirkt og þungt í vöfum.

Orkustofnun og ráðgjafaverkfræðingar urðu að halda uppi stöðugu eftirliti með gangi og stöðu efniskaupa til þess að týggja sem bezt, að efniskaupin gengju eðlilega, en tæpast verður sagt, að það hafi tekist nægilega vel.

Verulegar tafir urðu á því að gengið væri frá nokkrum pöntunun ásamt samsvarandi greiðsluloforðum.

Nægir að neina eftirfarandi bréf rituð af ráðgjafaverkfræðingum Orkustofnunar dags.

15.03.76.

þar segir:

"Gengið var frá þöntunarbréfum (Letters of Intent) fyrir þessi efniskaup 27. febrúar og 3. mars s.l. og send framleiðendum til staðfestingar. Jafnframt voru afrit þeirra send Innkaupastofnun ríkisins til þess að sem fyrst yrði aflað tryggingabréfa frá viðkomandi ráðuneytum. Tekið var fram, að ganga yrði frá tryggingabréfum þegar í stað þar sem afgreiðslutímar myndu reiknaðir frá útgáfu þeirra.

Innkaupastofnun ríkisins hefur tjáð okkur í dag að umrædd tryggingabréf hafi ekki enn verið gefin út. Við viljum vekja athygli á því, að ekki má koma til frekari dráttar varðandi þetta atriði þar eð afgreiðslutímar þessa efnis voru miðaðir við að strax yrðu gefnar fullnægjandi tryggingar. Ekkert er hægt að segja um, hve mikil seinkun gæti orðið á afhendingu þessa efnis, ef til seinkunar verður látið koma á annað borð, þar sem eftirspurn á stáli fer nú vaxandi erlendis.

Afgreiðslutími sá, sem tryggður var við ofangreindar pantanir, var fullnægjandi með tilliti til fyrirhugaðra framkvæmda á þessu ári en þó mjög naumur. Allar tafir í afgreiðslu þessa efnis munu því valda seinkun á lyggingu veitunnar.

Okkur þykir einnig rétt að leggja áherzlu á, að dráttur af umræddu tagi ómerkir að verulegu leyti þann eftirrekstur, sem hafður hefur verið uppi við framleiðendur af okkur fyrir hönd Orkustofnunar til þess að tryggja framgang verksins á þessu ári. Slikt hefur enn fremur slæm áhrif á umboðsmenn framleiðenda og hugsanlega verktaka og getur dregið mjög úr áhuga þeirra við frekari útboð vegna Kröfluveitu.

Við væntum þess, að Orkustofnun beiti sér fyrir því að ekki komi til frekari tafa við þessi sem önnur efniskaup og/eða samninga vegna fyrri áfanga Kröfluveitu."

60

Sem dæmi um þessar tafir skulu tekna fyrstu efnispantanir samkvæmt eftirfarandi yfirliti.

Nr. pönt	Umsügn verkfri.	Lett of Inst.	Prom. Note	Formleg pöntun	Töf dagar.
29000	27/2 '76	27/2 '76	26/3 '76	29/3 '76	30
29001	27/2 '76	27/2 '76	26/3 '76	6/4 '76	38
29002	27/2 '76	3/3 '76	6/4 '76	6/4 '76	38
29003	10/3 '76	10/3 '76	21/4 '76	23/4 '76	10
29004	23/2 '76	10/3 '76	L/C	21/4 '76	57
29005	22/3 '76	22/3 '76	21/4 '76	21/4 '76	58
29006	9/3 '76	22/3 '76	CAD <sup>1)</sup>	21/4 '76	43
29007	9/3 '76	22/3 '76	CAD	21/4 '76	43
29008	26/3 '76	14/4 '76	21/4 '76	21/4 '76	26
29009	29/4 '76	29/4 '76	30/4 '76	30/4 '76	1
29010	4/6 '76	4/6 '76	CAD	14/6 '76	10
29011	19/5 '76	24/5 '76	L/C <sup>2)</sup>	6/7 '76	48
29012	3/6 '76	10/6 '76	L/C	6/7 '76	33
29013	10/6 '76	10/6 '76	CAD	6/7 '76	26
29014	18/6 '76	18/6 '76	6/7 '76	6/7 '76	18
29015	2/7 '76	7/7 '76	22/7 '76	22/7 '76	20 <sup>3)</sup>
29016	16/7 '76	16/7 '76	22/7 '76	22/7 '76	0

1) CAD: greitt við móitöku skjala.

2) L/C: opnuð bankaábyrgð við pöntun

3) Þessi töf lengdist í 42 daga vegna samninga I.R. um greiðsluskilmála.

Í töflunni eru talin innkaup alls. aðalefnis. Önnur efniskaup samkvæmt hærri pöntunarnúmerum voru allt minniháttar innkaup vegna breytinga, sem gerðar voru á hönnun og viðbætar við fyrri kaup, og voru upphæðir þeirra yfirleitt lágar.

61

aflan að ofan gefur yfirlit yfir, hvernig upphaf fniskaupa varð. Frá dagsetningu umsagnar ráðgjafar-erkfræðinga og frá að dagsetningu endanlegrar þöntunar iðu frá 1 degu og allt upp í 58 daga.

uk þeirra tafa, sem urðu við að ganga frá kaupskjölum rðu stundum verulegar tafir á afgreiðslu innlutningsskjala, einkum fyrir þrjár mikilvægar santanir, nr. 29011, 29014 og 29015, og lágu þær vikum saman í vörugeymslum á Húsavík, þegar vinna itti úr þeim á virkjunarstað.

Jmræddar tafir á efniskaupum og afgreiðslu efnis ollu miklu raski á framkvæmdaáætlunum á virkjunarstað og erfiðleikum við að skipuleggja verk. Þessar tafir áttu nokkurn þátt í, að verkhlutar pípu-uppsetningarverktaka fluttust frá sumartíma til vetrartíma haustið 1976.

Til frekiri áréttiingar á framangreindum töfum skal hér birt bréf ráðgjafaverkfraðinga dags. 02.10.76, til Orkustofnunar, en í því bréfi kemur einnig fram, að fjárskortur Orkustofnunar er þá farinn að hafa alvarleg áhrif á geng framkvæmda við gufuveituna.

I bréfinu segir:

"Við yfirstandandi frumkvæmdir við Kröfluveitu hefur undanfarið komið í ljós, að verktaki hafi ekki lokið ýmsum verkþáttum á samningsbundnum skiljatíma og samkvæmt samþykktum tímaáætlunum. Hafa talsverðan tafir orðið nú þegar.

Umraðdur dráttur á skilum verktaka hefur orðið þrátt fyrir ákvæði í verksamningi um féviti, sem ætlað er að veita verkláku aðhald og tryggja eins og kostur er, að verk- og tímaáætlanir standist.

Eftirrekstur eftirlitsverkfræðinga hefur þannig borið takmarkaðan árangur. Hefur aðstaða þeirra verið erfið sökum þess, að nokkuð mun hafa borið á vanskilum Orkustofnunnar við verktaka. Viðbrögð verktaka við eftirrekstri hafa því verið þau, að þar sem Orkustofnun hafi ekki staðið fyllilega við skuldbindingar sínar samkvæmt verksamningi beri þeim heldur ekki að standa fyllilega við sínar skuldbindingar.

Nokkur dæmi eru þess ennþremur, að örussendingar hafi legið á Húsavík og ekki fengizt þar afgreiddar sökum þess, að staðið hafi á greiðslum og tollafreiðslu. Á sama tíma tefjast tilteknir verkþættir vegna vöntunar á þessu efni.

Það eru eindregin tilmæli undirritaðra, að úr umraðdum vanskilum og greiðslutregðu verði bætt til fyrsta og þess gætt eftir megni, að til þeirra komi ekki framvegis. Að öðrum kosti má vænta þess, að af hljótist alvarlegar afleiðingar varðandi tíma- og verkjætlani vo og kostnað við mannvirkjagerð."

63

\* yárritstöflu, sem hér fer á eftir, er skrá yfir öll kaup aðalefnis svo og viðbótarefnis. Er þar greint frá útboðs- og opnunardegri tilboða, fjölda þeirra, lægsta tilboði og miðmun á næsta tilboði fyrir ofan, hvaða tilboði var tekið og hvers vegna, tilgreindur seljandi, dagsetning á umsögn ráðgjafarverkfræðinga, kostnaðarverð og athugasemdum, ef einhverjar eru.

Umsagnir ráðgjafarverkfræðinga fylgja allar,  
fylgiskjöl nr. .....

Pöntun nr.	29000	29000	29001	29002	29003	29004
Útbóð nr.	N-011	N-011	N-011	N-011	N-011	64
IR nr.	2117/76	2117/76	2117/76	2117/76	2117/76	2117/76
Heiti	Pípur	Bótnar	Beygjur	Plötur	Minnkanir	Lokar
Opnun tilbóða	27.1.76	27.1.76	27.1.76	27.1.76	27.1.76	Té
Fjöldi tilbóða	23	10	14	16	10	7
Lægsta tilbóð	DM 450.348,69	DM 18.540	Dkr 289.217,37	DM 66.585	Hfl 37.783.71	Dkr 1.209,-
Næstæ tilbóð	9% hærra	9,9% hærra	5,4% hærra í b	3,9% hærra	um 10%	22% hærra
Samp. tilbóð	Lægsta	Lægsta	Lægsta	Lægsta	Lægsta	Lægsta
Seljandi	Ferrostaal	Ferrostaal	S.C. Sören-	Ferrostaal	Tubus Buizen-	P.E. Ehrhar-
Umsögn verkfr. dags.	27/2.76	27/2.76	sen. A/S	27/2.76 og	händel	23/2.76
Kostnaðarverð	37.264.332.-		10.165.854.-	27/3.76	10/3.76	10/3.76
Athugasemd			7.183.539.-	2/3.76	2.835.222.-	38.105.385,-
						Lægri tilb:
						bárust en
						fullnægðu
						kröfum

Pöntun nr.	29005	29006	29007	29008	29008 viðbót
Útbos nr. " IR-Nr.	N-031 2118/76	N-032 2118/76	N-032 2118/76	N-032 2118/76	Tilboð
Heiti Opnun tilboða Fjöldi tilboða	Mælibúnaður 28/1 '76 1 og 2 eftir atriðum.	Aflstrengeir 28/1 '76 12	Ljósabúnaður 28/1 '76 7	Stýristrengeir 28/1 '76 10	Stýristrengeir okt. '76 1
Lægsta tilboð	Bfr. 902.170.-	DM 20.588,67	Skr. 13.605.-	DM 67.038.91	DM 47.408.23
Næsta tilboð Samp. tilboð Seljandi	48%-1100% Lægsta Fabricorn	15.497.77. 2,6% hærra Lægsta F.W. Hempel	12,4% hærra Lægsta Järnkonst AB	- -	Kabelwerke
Umsögn verkfr. Kostnaðarverð kr.	22/3 '76 4.701.741.-	9/3 '76 3.060.941.-	9/3 '76 637.653.-	Friedr. Ehlers 26/3 '76 5.643.298.-	Friedr. Ehlers okt 1976 4.030.748.-
Athugasemd	Viðbóta kaup gerð v/breyt. að undangengnu tilboði	Breyting varð á magni skv. endanlegum efnislista	Ekkert tilboð fullnægði kröfum að óllu leyti. Einungis einn aðili gat við nánari könnun endanl. efnisl.	Viðbótpöntun vegna breytinga. Kaup gerð að undangengnu tilboði	Verð er tilgr. skv. fullnægt kröfum.

65

Pöntun nr.	29009	29010	29011	29011	29012
Útbóð nr. " IR-nr	n-012	N-011 2.117/76	N-021	N-021	N-033
Heiti	Álkápa	Boltar pakk.	Stjórnlokur	Öryggislokur	Stjórntafla
Opnum tilboða Fjöldi tilboða Lægsta tilboð	22/3 '76 6 BFR 1.321.758	27/1 '76 15 og 10 Hfl 15.883.80	15/2 '76 4 DM 134.130.-	15/2 '76 3 Dkr. 94.360.-	17/3 '76 5 Dkr 500.100 + 10.540.-
Næsta tilboð Samþ. tilb. Sæjandi Umsögn verkfr. Kostnaðarverð kr.	1,21% hærra Lægsta S.A. Síðul 6/5 '76 9.085.427.-	5,1% hærra Lægsta Vær. Leetun 4/6 '76 1.745.172.-	34% hærra Lægsta P.E. Ehrhardt 19/5 '76 9.021.359.-	38% hærra Lægsta P.E. Ehrhardt 19/5 '76 3.150.640.-	11-12% hærra Lægsta P.E. Ehrhardt 3/6 '76 19.400.822.-
Athugasemd	Athugasemdir Breytingar urðu á röð bjóðenda v/ biðtima og pakkningar keyptar hjá sama aðila v/ hagræðis og lægrar upphæðar sjá umsögn				
	Með viðbót v/ breytinga.				

Gy

Pöntun nr.	29013	29014	29014	29015 (27452)	29016
Útboð nr.	n-012	N-013	N-013	N-021	N-013
" IR nr.					
Heiti	Einangrun	Söðlar	Rúllur	Sprengi- diskur	panar
Önnun tilboða	22/3 '76	8/4 '76	8/4 '76	15/2 '76	8/4 '76
Fjöldi tilboða	7	4	4	4	6
Lægsta tilboð	Nkr. 170.572.-	DM 66.652.76	DM 111.806.54	\$ 20.910.41	£ 37.417.-
Næsta tilboð	19% hærra	um 20% hærra	um 53% hærra	64% hærra	26% hærra
Samp. tilboð	Lægsta -	Lægsta	Lægsta	DM 114.098.-	
Seljandi:	Elken-Rock- wool	HYDRA V- þýskaland	HYDRA V- þýskaland	HYDRA V- þýskaland	HYDRA V- þýskaland
Umsögn verkfri.	10/6 '76	18/6 '76	18/6 '76	2/7 '76	16/7 '76
Kostnaðarverð kr.	11.335.902.-	5.549.890.-	9.353.817.-	4.201.659.-	9.736.115.-
Athugassend				+ 300.000.-	
					Viðbót samkv. umsögn 14/9 '77
					fullnægði ekki eftir tilboði
					kröfu um afgr.tíma \$ 1.130.80. Aætl. Endanlegt magn kosntaðarverð minna, enn í kr. 300.000.- útboði.

## VIDBÚTARKAUP

Pöntun. nr.	29017	29018	29019	29020	29021
Verðkönnum/Tilboð	Tilboð 9/6 16/7 '76	Tilboð 14/7 '76	Tilboð	Tilboð	Tilboð
Heiti	Minnkanir	Beygjur	þrýstirofar	Nálarlokar	þrýstireglar
Lægsta tilboð	Hf1. 11.382.44	DM 14853,80	\$ 354,59	\$ 452.94	£ 31.-
Seljandi	Innkaup h.f./ Tubuc	Íscl h.f./ Ferrost.	Custom Camp. Portes	Fischer & Portes	Moore Prod co.
Umsogn verkfr.	20/7 '76	20/7 '76	28/6 '76	28/6 '76	28/7 '76
Kostnaðarverð kr.	926.011.-	1.239.149.-	87.608.-	115.203.-	11.807.-
Athugasemd	Viðbót v/ breytinga. Leitað til- boða lægst- bjóðenda í fyrra útboði.	Viðbót v/ breytinga. Leitað til- boða lægst- bjóðenda í fyrra útboði.			

## VIÐBÓTARKAUP.

Pöntun nr.	29022	29022	29023	29026	29030
Verðkönnum/Tilboð Heiti	Tilboð Plaströr	Tilboð Plaströr	Tilboð Merkja- stengir	Tilboð merkjaloft	Tilboð
Lægsta tilboð Seljandi Umsögn	Kr. 161.820.- Kéj-jalundur 28/6 '76	Kr. 177.545.- Reykjalundur 1/11 '76	Bfr. 25.220.- Fabricom 14/9 '76	Dkr. 4.190.50 P.E.Ehrhardt 9/11 '76	Tengi og Pípur fyrir loftkerfi. Dkr. 79.585.25 P.E.Ehrhardt 18/3 '77
Kostnaðarverð kr.	161.820.-	177.545.-	159.762.-	149.001.-	Aæti. 3.255.000.-
Athugæsemu					

Pöntur, nr.	29030	29027	29038	29039	29044
Verðkönnum/tíboð Heiti Lægsta tíboð Seljardi	Verðkönnum þrýstiminck. Kr. 24.393.-	Verðkönnum Rafliðar Bygginingavörur. 161. t. 1.000.	Verðkönnum Stýribúr. F.E. Ehrhardt	Tíboð Marknafar R.S. Þorpon- ents.	Tíboð Marknafar R.S. Þorpon- ents.
Umsögn Kostnaðarv. kr.	Aæti. 24.393.-	16/7 '77 Aæti. 95.140.-	25/7 '77 Aæti. 500.000.-	6/10 '77 Aæti. 70.000.-	
Atvægassemd.					Keypt vegna galla á mótt. markrafum.

71

## VIDBÓTARKAUP.

Pöntun nr.	29045	-	-	-
Verðkönnun/tilboð Heiti Verð Seljandi	Tilboð Mælivír DM 1.025.- Degussa Hanau	Tilboð Alklæðning Skr. 26.934.- Kröflunefnd	Verðkönnun 8 Flansar Ø 600 Fzl. 3.168.- Innkaup h.f.	Verðkönnun Fjölmaðir Pantað Goerz Electro GmbH 22/11 '77 Aætl.
Umsögn Kostnaðarv. kr.	31/10 '77 Aætl. 125.000.-	758.782.-	766.000.-	50.000.-
Athugasemd				
			Efni pantað frá Kröflu- nefnd af sÖmu gerð og efni í hús byggð á vegum Kröflunefndar	Viðhætt vegna breytinga.

Förtnum nr.	-	-	-	-	-	-
Verðkönnum, tilboð Heiti	Verðkönnum Linnangrun skilijust.	Verðkönnum Strigi	Verðkönnum Málning	Tilboð Rafreglar	Tilboð Áriðill	
Lægsta tilboð Seljandi	Pantað Steinull h.f.	Pantað Ellingstei. h.f.	Pantað Málning h.f.	DM. 11.575.- Hartman & Brown	Kr. 640.000.- Rafecindaiðja s.f.	
Umsögn	16/11 '77 289.600	16/11 '77 18.400.-	16/11 '77 117.400.-	6/12 '77 Kætl.	6/12 '77 €40.000.-	
Kostnaðarverð kr.						
Athugasemd						

2.5.2.4. Útboð vegna framkvæmda.

73

Útboð vegna verkframkvæmda hófust snemma árs 1976, og voru fyrstu tilboð opnuð 22.03.76, og voru það tilboð í skiljusmíði. Helstu verk, sem boðin voru út, voru þessi: Skiljusmíði, uppsetning pípa og gufuskilja, rafagnir, steypuefnisvinnu og smíði og uppsetning lokahúss. Byggingarvinna var ekki boðin út. Þótti rétt að hafa þann hátt á ráðstöfun þessara verka, enda væri þar með vinnufriður tryggður og auk þess ekki tími til útboðs, en Orkustofnun hafði átt mikil viðskipti við byggingarfyrirtækið Sniðil h.f. í Mývatns sveit og fordæmi um einingarverð lágu fyrir í samningum Kröflunefndar við Miðfell h.f. Var því samið við Sniðil h.f. um allra byggingarvinnu og að mestu á grundvelli einingarverðar, en um sum verk var samið sem reikningsviði.

Aðalsamningur um byggingarvinnu var undirritaður 27.07.76, og var verk samkvæmt honum tekið út 09.01.77.

Orkustofnun sá sjálf um jörövinnu og vörubílaakstur og fékk til þess heimamenn í tímavinnugrundvelli. Eftirlit með þeim framkvæmdum var í hendi eftirlits ráðgjafarverkfræðinga.

Eins og áður sagði voru opnuð tilboð í skiljusmíði 22.03.76 (fskj. ....) samið 27.07.76 og verk tekið út 18.01.77, en var í raun lokið nokkru fyrr.

Tilboð í rafagnir voru opnuð 31.08.76 (fskj. ....), þöntunarbréf undirritað 10.09.76.

Tilboð í smíði og uppsetningu lokahúss voru opnuð í október 1976. Samið var sérstaklega um smíði á stálgrind á fóstu verði en um uppsetningu hennar á tímavinnugrundvelli (fskj....).

Tilboð í uppsetningu á pípum og skiljum voru opnuð 26.07.76, (fskj. ....). Samningur var undirritaður 10.09.77, og hófst verkið umsvifalítið.

74

Vegna þeirra tafa, sem orðnar voru, vegna óvissu um tengingar borhola, sem tafði hönnu i vegna fjárskorts OS, sem tafði samningsundirskrift um einn mánuð og vegna efnisskorts var svo komið, að verktími færðist að mestu af sumartíma yfir á vetrartíma.

Ollu þessar aðstæður miklum töfum og aukakostnaði. Upphaflega átti verktaki að skila verkinu fyrir áramót, en vegna tafa á undirskrift samnings seinkaði áætluðum verklokum fram í febrúar 1977. Vegna vetrarættæðna og gosóróa tafði st verktaki, og var verkið ekki tekið út fyrr en 5.-7. júlí 1977. Verulegur kostnaðarauki hefur orðið af því að vinna verkið á þessum árstíma, og nema þær hækkanir, sem um hefir samist til verktaka vegna sérstakra aðstæðum, um 49,4 Mkr. Þess er þó að gæta, að unifalið í þessari upphæð er kostnaður og vinnutap verktaka vegna gosóróa, en verktaki þurfti margslinnis að flytja allan mannskap af svæðinu um lengri eða skemmtiri tíma af þeim ástæðum, og einnig varð verktaki fyrir töfum í upphafi verks vegna efnisskorts, vegna talið á fnið útvegun, en gerð hefur verið grein fyrir þeim töfum hér að framan.

I september '77 var ákveðið að leggja safnæð að holu 9, og var ákveðið að leita eftir tilboði frá fyrrverandi uppsetningarverktaka, sem hafði reyndustum mönum að að skipa. Tilboðið, dags. 30.09.77 (1. kj. ....) var metið meðstætt af ráðgjöfum, og var samningur undirritaður 21.10.77. Verkið var tekið út 06.12.77.

Einnig var ákveðið að einangra skiljur í skilju stöð, og gaf sami verktaki tilboð í það verk. Tilboðið var metið af ráðgjöfum og talið óaðgengilegt. Samið var við aðra aðila á tímavinnugrundvelli og er því verki lokið.

Yfirlit yfir samninga eru í eftirfarandi tölu, og er þar að finna samningsupphæðir, greiðslur fyrir aukaverk, verðbætur o.fl.

## KRÖFLUVEITA

Heiti samn.	Steypuefnir vinnsla	Byggingar- og jarðvinna	Försteyptir stöplar	byggingavinna við safnudan of
Verktaki	Sniðill h.f.	Sniðill h.f.	Sniðill h.f.	Sniðill h.f.
Samningsform	Útboð	Samið án útb.	Samið án útb.	Tímarv.grundv.
Dagsetn. samn.	júní 1976	júlí 1976	nóv. 1976	nóv. 1976
Samningsupphæð	3.850.000	41.867.000	18.485.450	
Samþ. til greiðsins				
Samningur	3.688.850	50.413.743	18.395.800	41.628.753
Aukaverk		2.978.290		
Verðbætur		3.309.835	2.210.569	
Fréði frádrag		- 2.790.913		- 1.367.136
Samtals	3.688.850	53.310.555	20.606.369	40.261.617
Athugasemd	Lokið	Lokið	Lokið	Lokið

6.12. '77.

76

## KRÚFLUVEITA

Heiti samn.	Uppsetning þípna og skilja	Skiljusmiði	Stálgrindar mið	Raflagnir
Verktaki	Stjörnu-Stál	Stálsmiðjan	Héðinn	Samraf
Samningsforn	Útboð	Útboð	Útboð	Útboð
Dagsetn. samn.	9. ágúst 1976	júlí 1976	okt. 1976	sept. 1976
Samningsupphæð	74.450.929	22.928.000	2.177.600	12.485.242
Samþ. til greiðslu				
Samningur	71.276.495	22.928.000	2.109.752	8.716.088
Söluskattur		5.008.709		843.404
Aukaverk	24.947.776			11.239.864
Verðbætur	8.409.235	2.115.541		2.545.206
Verðhækkanir				
v. vetrar	49.802.805			1.188.689
Fæði frádrag	- 8.224.000			- 1.058.750
Samtals	146.212.311	30.052.250	2.109.752	23.474.501
Athugasemd	Lokið	Lokið	Lokið	Frestað að hluta
		Ath. Tveir lægstbjóðendir það ógu tilboð sín til baka. Þriðji lægst- bjóðandi full- nægði ekki kröfum um að- stöðu og mann- afla. Samið var við : jórða lægstbjóðanda.		

6.12.1977

77

## KRÖFLUVEITA

Heiti samn.	Suðueftirl.	Hönnun og eitirlit	Lögn safn-æðar að EJ-9	Einangrun í skilju-stöð.
Verktaki	Ranns.st. iðn VIRKIR,VST		Stjörnu-Stál h.f.	Stjörnu-Stál h.f.
Samningsform	tímapvinna	tímapvinna	Samið á grundv. tilboðs	tímapvinna
Dagsetn. samnings Samningsupphæð			25.000.-	
Samþ. til greiðslu	6.394.073.-	136.306.588	16.700.000	Öppgert
Athugasemd			Lokið 6/1. '77.	Lokið

#### 2.5.2.5. Framkvæmdalýsing.

Fyrri hluta árs 1976 var eins og fyrr hefur verið sagt mikil óvissa um framhald framkvæmda við gufuveitu fyrir Kröfluvirkjun. Á þessu tímabili lék vafi á, hvort eina vinnsluborholan (hóla nr. 3), sem fullgerð hafði verið 1975, yrði virkjunarhæf.

Staðarval borhola var endurskoðað fyrri hluta árs 1976. Eins og fyrr er getið var hönnun gufuveitunnar breytt á þann veg, að frjálsari hendur fengjast um staðarval borholanna, og mögulegt vinnslusvæði stækkaði verulega frá fyrri áformum.

Vegna hinnar breyttu hönnunar gátu framkvæmdir við skiljustöð og aðveituæðar frá þeirri skiljustöð að stöðvarhúsi Kröfluvirkjunar hafist í júlí 1976. Tókst að ljúka þeim verkþáttum að mestu um áramótin 1976/1977, en upphaflegar verkáætlani miðuðu við þau verklok svo og að lagðir yrðu allt að 1800 m af safnæðum frá skiljustöð að borholum.

I apríl 1976 var áætlað, að boranir hæfust í júní 1976, og yrði fyrstu hóluinni lokið um 1. ágúst.

I reynd varð þeit um að borun hófst í júlí (KJ-6), og lauk borun þeirrar holu í ágúst 1976.

Gögn um staðarval fyrstu borhola lágu að öðru leyti fyrst fyrir 16. ágúst 1976. Var þá ákveðið að bora holur KJ-7, og KG-8, en KJ-6 var þá í borun. Auk þess var þá ákveðið að höggbora á borstað, þar sem síðar var borið holan KG-10. Litið var þá á virkjun KG-8 sem varamöguleika vegna mikillar fjarlagðar frá skiljustöð, ef aðrar holur boraðar 1976 mistækjast.

A þessu stigi var ákveðið, að rúðgjafarverkfraðingar hönnuðu safnæð 6, tvær til fjórðar safnæðar frá neðra borsvæði (hugsanlegar holur KG-5, sem ekki var fullboruð frá 1975, KJ-7 og hugsanlega ein til tvær holur aðrar á því svæði) og ein til tvær safnæðar frá efra borsvæði (holur KG-8 og KG-10). Ákvarðanir um að leggja þessar lagnir yrði hins vegar ekki hægt að taka fyrr en umræddar holur hefðu sýnt, að þær væru virkjunarhæfar.

Í sept. 1976 var lokið mælingum á landi á pípuleiðum safnæða að KJ-6, KJ-7 og holu á neðra borsvæði, sem síðar hlaut heitið KJ-9.

Í lok september var áfórmáð að tengja holurnar KJ-6, KJ-9 og KG-5 á neðra borsvæði, KG-8 og KG-10 á efra borsvæði og í tilgreindri röð, svo fremi að þær reyndust vera virkjunarhæfar. Jafnframt var gerð verkáætlun, sem miðaði við verklok í lok janúar 1977. Um miðjan sept. '76 hófust uppsetningaverk pípuverktakans, en þá hafði verkþyrjun hans dregið um einn mánuð.

Veðurfar á virkjunarstað reyndist vera hagstætt til framkvæmda til loka októbermánaðar, en þá breyttist það mjög til hins verra. Ær talið, að frá nóvemberþyrjun hafi ríkt vetrarveðráttu með frostum og talsverðum snjóum.

Framkvæmdir við jarðvinnu og undirstöður fyrir safnæðar hófust í nóvember 1976, og voru þá engar breytingar fyrirhugaðar á áformum um tengingar hola, en borholan KJ-6 hafði þá blásið frá því í byrjun septembermánaðar, og var hún talin virkjunarhæf.

Þar sem ljóst var fyrr um haustið 1976 að framkvæmdir við safnæðar hlytu að færast fram á veturinn 1976 að minnstu kosti, var hönnun safnæðaundirstaða hagað á þann veg að hægt yrði að steypa stöplu innan húss í fjöldaframleiðslu.

80

Yrði þar með steyping þeirra óháð veðurfari og verk-magn utan húss verulega minnkum. Úll júrðvinna ásamt útsetningu stöpla og steypingu festla hlaut hins vegar að verða útivinna.

I nóvember var talið vera orðið ljóst, að hola KG-8 yrði ekki virkjunarhæf, sökum lítils afls. Voru þar með frekari áform um gerð safnæðar frá henni felld niður.

I síðari hluta nóv. 1976 kom enn í ljós, að ekki var unnt að fullgera holu KG-5 þar sem hlykkur reyndist vera í holunni í 46 m dýpi, og komst borinn þar með ekki niður í holuna. Féll þessi hola þar með úr skaftinu. Eftir stóðu þá sem hugsanlegar vinnsluholur holurnar KJ-7, KJ-9, KG-10 og KJ-11 auk holu KJ-6. Var á þessu stigi áfórmáð að haga framkvæmdum við safnæðarnar í eftirfarandi framkvæmdaröð: KJ-6, KJ-7, KJ-9, KG-10 og KJ-11, en ákvarðanir teknar eftir því sem virkjunarhæfni kæmi í ljós.

Vinnsluholan KG-10 fór í blástur í byrjun desember 1976. Reyndist hún vera mjög öflug fyrst í stað Um miðjan desember 1976 voru uppi hugmyndir um bráðabirgðalögn að holunni KG-10, en vegnu vetrar-ríkis á staðnum og einkum uppi á efra borsvæðinu voru á þessum tíma talin mjög mikil vandkvæði á að framkvæma jarð- og steypuvinnu á þeirri leið svo að forsvaranlegt væri.

I árslok 1976 var áætlað, að aflstöðin þyrfti að fá gufu til hreinsunar 22. febrúar 1977 og til aflprófunar 20. mars 1977. Voru framkvæmdaáætlanir fyrir gufuveituna á sama tíma miðaðar við, að safnæð 6 yrði gufuheld um 15. janúar 1977, og safnæð 7 yrði gufuheld upp úr miðjum mars, ef hafizt yrði hunda um lögn safnæðar frá henni.

Upp úr miðjum janúar var komið í ljós, að afköst holunnar KG-10 voru orðin mjög lítil, og voru skömmu síðar öll áform um tengingu hennar að svo stöddu lögð til hliðar, enda ekki hafnar framkvæmdir sérstaklega fyrir hana.

I byrjun febrúar 1977 var borholu KJ-11 hleypt í blástur. Reyndist hún vera talsvert öflug og fljótlega talin virkjunarhæf enda þótt hún sýndi óvenjuleg merki um óstöðugleika. Var fljótlega ákveðið að hefja framkvæmdir við safnæð að henni.

A tímabilinu frá ársbyrjun til apríl-loka 1977 voru oft miklir erfiðleikar við framkvæmdir utan húss vegna vetrarveðra og snjóalaga. Við það bættust enn fremur miklar truflanir af völdum gosóróa, og kom fyrir, að öllum mannafla á virkjunarstað væri fyrirskipað að fara burt af staðnum svo og að þeim væri meinaður aðgangur að honum aftur.

Um mánaðamótin apríl-mai var staðan sú, að tengdar voru borholurnar KJ-6, KJ-7 og KJ-11. Var áætlað að byrja að velta gufu niður að afstöðinni 30. apríl 1977, en því var frestað til 15. maí 1977, þar sem frágangi í stöðinni var ekki lokið og stöðin ekki tilbúin að taka við fyrstu gufunni,

Hinn 1. maí 1977 höfst sv yfirvinnubann hjá öllum verktökum við framkvæmdir í Kröflu. Varð þetta til þess, að allar framkvæmdir á þessum tíma tófðust og voru þá gerðar samræmdir áætlanir á vegum bæði Kröflunefndar og Orkustofnunar, að frá lokum yfirvinnubanns eða verkfalli, ef til þess kæmi, gæti raforkuframleiðsla hafizt eftir 32-33 daga. Breyttist þessi tímaáætlun mjög lítið enda þótt nokkrum framkvæmdum hafi verið haldi uppi á þessu tímabili og þar til kjara samningar náðust í lok júní-mánaðar 1977.

82

Prófun á gufuveitu og á aflstöðinni var lokið að svo stöddu 15. ágúst 1977. Reyndist unnt að láta aðra aflvél virkjunarinnar snúast og komst hún á tilætlaðan yfirhraða, sem var eitt af prófunaratriðum við vélina. EKKI reyndist unnt að framkvæma aflprófanir á vélinni, því gufu skorti. Á þessum tíma var til ráðstölunar gufa frá holu KJ-11, en afköst holanna KJ-6 og KJ-7 höfðu dvínað mjög og megnuðu ekki að halda uppi sama gufuþrýstingi og hola KJ-11.

Að loknum fyrrnefndun prófunum var frestað öllum frekari framkvæmdum við gufuveituna. Fyrir lá, að gufumagn var ekki nægilegt til þess að framleiða raforku í aflstöðinni. Unnið var þó að ýmsum frágangsverkum við gufuveituna svo og að tilteknum lagfæringum, sem í ljós kom við prófanir á gufuveitunni, að æskilegt eða nauðsynlegt væri að framkvæma til þess að tryggja rekstur veitunnar.

Í júlílok hófust aðgerðir við að endurbæta vinnsluhoturnar KJ-9, KJ-7, KG-10 og KJ-11. Árangur þesara aðgerða er rakinn annars staðar, en í stuttu málji náðist að auka mjög afl holunnar KJ-9 og gera við holuna KJ-7 þannig að upphaflegt afl náðist aftur. Ennfremur náðist aftur holan KG-10 í upphaflegt afl, en árangur í holu KJ-11 liggur enn ekki íyrir.

Þessi árangur leiddi til þeirrar ákvörðunar að tengja holuna KJ-9 og er þeirri framkvæmd nú lokið. Ákveðið var hins vegar að bíða átekta fyrst um sinn með að tengja holuna KG-10. Upp úr miðjum nóvember 1977 var komið í ljós, að afl holunnar var fallið og holan því ekki virkjunarhæf.

Enn heldur hola KJ-7 virkjanlegum afköstum, og er gufuveitan nú rekln í tilraunaskyni með gúfu frá báðum holum, KJ-7 og KJ-9. Beðið er átekta um árangur af aðgerð á holu KJ-11.

Staða gufuveituframkvæmda er nú sú, að lokið er  
að mestu nauðsynlegum prófunum veitunnar, og er  
hún því tilbúin til rekstrar með fárra daga fyrir-  
vara sbr. greinargerð um prófanir á gufuveitu  
Kröfluvirkjunar, des. 1977. (fskj.....).

3 Ahrif eldsumbrota og annarra náttrúruhamfara á framkvæmdir við Kröflu.3.1 Umbrot á Kröflusvæði.

Haustið 1973 og vorið 1974 voru settir upp 3 smáskjálftamælar á Norðausturlandi. Mælarnir eru á Skinnastað í Axarfirði, á Grímsstöðum á Hólsfjöllum og á Húsavík. Í júlí 1975 var bætt við mæli í Reynihlíð, vegna þess að menn höfðu grun um, að óvenjulegur órói væri á Kröflusvæðinu. Þegar leið á árið 1975 kom í ljós að skjálftavirkni var í reynd óvenju mikil á þessu svæði og var þá bætt við tveimur smáskjálftamælum í viðbót, öðrum við vinnubúðirnar í Kröflu og hinum í Gæsadal. Þessir mælar voru settir í gang í október og nóvember 1975.

Óróinn á Kröflusvæðinu náði hámarki 20. desember, 1975, en þá um morguninn braust út eldgos við Leirhnjúk. Hraungosið var lítið og stóð skamma stund en breyttist síðan í gufu og leirgos, sem hélst fram til áramóta.

Samfara þessu gosi hófst mikil skjálftahrina. Byrjaði hún í Kröflu-öskjunni, en færðist síðan eftir sprungusveimnum til norðurs. Stærstu skjálftarnir urðu í Kelduhverfi og Axarfirði. Stórir skjálftar urðu á þessum sólum bæði 25. og 26. des. Ullu þeir miklu tjóni á Kópaskeri og víðar.

Á kröflusvæðinu náði þessi skjálftahrina hámarki um miðjan janúar 1976 en minnkaði síðan jafnt og þétt í febrúar og mars. Var fjöldi skjálfta á tímabilinu mars-júní um 20 skjálftar á dag á mæli í Reynihlíð. Í júlí byrjaði skjálftavirknin að aukast og hélst svo fram í september. Jafn framt var ört landris á svæðinu er nam um 7 mm/dag þar sem það var mest nálægt Leirhnjúki. Um mánaðarmótin sept.-okt. varð svo skyndilegt landsig á Kröflusvæði, og minnkaði þá skjálftavirknin. Hófst nú tímabil endurtekinna landrisa og skyndilegra landsiga og fylgdu þessum atburðum breytingar í skjálftavirkni á nokkuð reglubundinn hátt. Þessi skyndilegu landsig hafa nú orðið átta sinnum. Þrisvar sinnum hefur kvika brotist upp á yfirborð en það var auk gossins 20.des., 1975, 27.apríl, 1977 og 8.sept., 1977.

Þessir atburðir hafa verið túlkaðir á eftirfarandi hátt:

Kvika leitar neðan úr mólti jarðar og safnast saman í hólfí á 3-7 km dýpi undir Kröfluóskjunni. Við það eykst þrýstingur í skorpunni og landi lyftist. Skyndilegt sig á sér stað þegar kvikan berst út í sprungubeltið, sem nær að sunnan frá Sellandafjalli um Námafjall og Leirhnjúk norður í Axarfjörð. Frumorsakir þessara jarðhræringa er landrekið en við það myndast sprungurnar, sem kvikan leitar eftir.

Rétt er að geta þess, að þó eiginleg eldgos hafi einungis orðið brisvar sinnum eru allir atburðirnir mjög svipaðir í eðli sínu. Einnig ber að benda á að það magn af kviku sem hefur komið upp á yfirborð er mjög lítill hluti af því magni af kviku sem hefur verið á ferðinni hverju sinni.

Þann 19. janúar 1976 rituðu 4 jarðvísindamenn við Raunvísindastofnun háskólans iðnaðarráðherra bréf, þar sem þeir gera grein fyrir hættuástandi því, sem skapast hefur á Kröflusvæðinu vegna þeirra umbrota, sem þar eiga sér stað (fskj.: ). Í niðurlagi bréfsins segir m.a. svo:

"Jarðskjálftahrinan, sem hófst 20. desember 1975 samtímis smágosi við Leirhnjúk, stendur enn og er mjög sambærileg jarðskjálftahrinum, sem fóru á undan gosinu í Sveinaðjá 1875 og fylgdi Mývatnseldum 1724-1729. Í Mývatnseldum liðu rúm tvö ár frá fyrstu byrjun gossins í Leirhnjúk, þar til mikið hraunrennsli hófst.

Langvarandi jarðskjálftahrinur eða snarpir jarðskjálftakippir hafa ekki orðið á Mývatnssvæðinu, svo vitað sé, nema sem undanfari eldgosa og samtímis þeim. Hins vegar er vitað um mikla jarðskjálfta í Axarfirði og Kelduhverfi á liðnum áratugum og öldum, þótt ekki hafi gosið þar á sögulegum tíma.

Í ljósi þessara staðreynda verður að telja verulegar líkur á því, að gos taki sig upp aftur á Mývatnssvæðinu. Líklegast er að slikt framhald eldsumbrota yrði á gossprungunni, sem liggur um Leirhnjúk suður í Bjarnarflag

86

Við teljum því óráðlegt að halda áfram framkvæmdum við Kröfluvirkjun öðrum en þeim, sem stuðla að verndun þeirra mannvirkja, sem þegar hefur verið fjárfest í, meðan jarðskjálftahrinan, sem hófst 20. desember 1975, stendur yfir."

Í janúarmánuði sendi Orkustofnun einnig frá sér greinargerð um álit stofnunarinnar á þessum atburðum. Nánar er greint frá þessu í kafla 3.3.

3.2. Áhrif umbrota á framkvæmdir Kröflunefndar. (samið af Júl. Sólnes; yfirlæstur af Orkustofnun)

Kröflunefnd kom saman til fundar þann 21. desember til þess að ræða ástandið, en formaður nefndarinnar, Jón G. Sólnes og Ragnar Arnalds höfðu flogið yfir eldstöðvarnar í Leirhnjúk deginum áður. Kom fram, að eldgosið væri í rénum og mannvirkjunum við (~~þó~~) Kröflu væri ekki bein hætta búin í bili. Nefndarmenn höfðu áhyggjur af framvindu mála, þar sem gengizt hefur verið undir miklar skuldbindingar í sambandi við efniskaup til virkjunarinnar og byggingarframkvæmdirnar við Kröflu eru á því stigi, að stöðvarhúsið hefur ekki náð endanlegum styrkleika. M.a. hefur enn ekki tekist að steypa ásteypulag ofan á þakplöturnar, sem tryggir burðarþol þaksins. Má varlega áætla, að verðmæti fjárskuldbindinga vegna Kröfluvirkjunar hafi þannig numið u.p.b. 2 milljörðum króna um áramótin 1975/76.

Þann 22. janúar 1976 kom Kröflunefnd saman til fundar á Akureyri til þess að ræða framkvæmdirnar. Formaður nefndarinnar skýrði frá því, að iðnaðarráðherra hefði verið gerð grein fyrir því að framkvæmdir væru hafnar á ný við byggingu stöðvarhúss virkjunarinnar. Þessar framkvæmdir væru í eðli sínu þannig, að þær hefðu einungis styrkingu stöðvarhússins í för með sér, en húsið eins og áður er komið fram, væri aðeins hálfbyggt og skorti mikið á, að það hefði náð fullu burðarþoli sínu. Hins vegar væru 4-5 mánuðir þar til vélbúnaður virkjunarinnar tæki að berast til landsins og gæfist þannig umhugsunartími áður en niðursætning véla þarf að hefjast.

Á fundinum var lögð fram tillaga að greinargerð Kröflunefndar til iðnaðarráðuneytisins með tilliti til áframhalds virkjunarframkvæmdanna. Greinargerðin var samþykkt samhljóða og undirritað af öllum nefndarmönnum (~~þó~~). Var hún send iðnaðarráðuneytinu 26. janúar.

Í greinargerðinni segir svo í lokaályktun:

"Ganga verður út frá eftirfarandi grundvallarforsendum:

1. Sú höfuðforsenda, er réði því, að hafist var handa um Kröfluvirkjun gildir enn í dag, þ.e.a.s. rafmagnssvælti Norðurlands.
2. Eðli háhitasvæða landsins og hætta á jarðumbrotum þar voru kunn, þegar í upphafi framkvæmdanna. Hönnun virkjunarinnar og staðarvali var hagað samkvæmt því.
3. Framanskráðir atburðir hafa sannað hæfni stöðvarhússins til þess að standast jarðskjálfta, og er þak hússins þó ófrágengið. Engin ástæða er til þess að efast um, að það standist einnig áætlað öskufall.
4. Líkindi á eldsumbrotum eru að mati vísindamanna talsverð, þótt flestum komi saman um, að helzt sé þeirra að vænta úr sprungusveimnum, er liggur frá Bjarnarflagi og norður um Leirhnjúk.
5. Margir jarðvisindamenn telja, að Kíslíðjan og Bjarnarflagsfyrirtækin séu í bráðri hættu vegna eldsumbrota en Kröfluvirkjun, samanber grein Sveinbjörns Björnssonar, jarðeðlisfræðings, í Þjóðviljanum sunnudaginn 18. janúar 1976.
6. Guðmundur Sigvaldason, jarðfræðingur, telur hættu vegna jarðskjálfta meiri en hættu af völdum jarðelda á Kröflusvæðinu, Skoðun hans er mikilvæg, þar eð hann er eldfjallafræðingur með reynslu í hagnýtingu svipaðra jarðhitasvæða í Suður-Ameríku á vegum Sameinuðu þjóðanna.
7. Að dómi flestra, er til þekkja, eru íbúðaskálar Kröfluvirkjunar mjög hæfir til að standast áhrif jarðskjálfta án þess að valda skaða á fólk.

Með hliðsjón af framanskráðu teljum við óhjákvæmilegt að halda áfram framkvæmdum til að tryggja öryggi þeirra mannvirkja á svæðinu, sem þegar hefur verið fjárfest í svo skiptir hundruðum milljóna.

Teljum við eðlilegt, að framkvæmdunum verði skipt í two meginþætti:

- a) Styrking stöðvarhússins með ásteypu þaks, byggingu gólfra og undirstöðu véla, klæðningu þaks og veggja svo sem gert er ráð fyrir í byggingaráætlun. Til þess að auðvelda þetta verk þarf að setja upp stöðvarhúsþranann.
- b) Ef aðstæður leyfa yrðu vélar settar niður að vori. Mætti breyta því í hvaða röð slikt yrði framkvæmt með hliðsjón af ástandinu hverju sinni. Talsverðar varúðarráðstafanir yrði að gera til tryggingar öryggi starfsfólks og vélbúnaðar gegn jarðskjálftavirkni.

Hið allra fyrsta þyrfti að setja upp sérstaka hallamæla og koma upp aðstöðu til stöðugrar efnagreiningar jarðgufu á Kröflusvæðinu. Að áliti jarðvisindamanna myndi slikt fyrirkomulag reynast þýðingarmikið viðvörunarkerfi, er sýndi skjótt allar breytingar, sem yrðu á jarðumrotunum.

Náið samstarf er nauðsynlegt milli framkvæmdaaðila Kröfluvirkjunar, þ.e.a.s. Orkustofnunar, Rafmagnsveitna ríkisins og Kröflunefndar, um varúðarráðstafanir og starfstilhögun í ljósi þessara erfiðu aðstæðna.

Akureyri, 22. janúar 1976."

Kröflunefnd lét gera athugun á þeirri áhættu, sem stafaði af jarðhræringum á svæðinu og hvaða áhrif slikar jarðhræringar gætu haft á byggingu stöðvarhússins og niðursetningu vélbúnaðar. Í greinargerð um jarðskjálftaáhættuna, dagsett 26. mars 1976 ~~þfskj.~~ kemur fram, að jarðskjálftaáhættan er talin minni en menn höfðu ætlað. Einkum virðist ekki vera teljandi vandamál því samfara að halda áfram byggingarvinnu, þ.e. steypuvinnu, þótt jarðskjálftavirkni haldi áfram.

í stórum dráttum urðu engar stórvægilegar breytingar á framkvæmda-  
áætlunum Kröflunefndar vegna eldgossins. Það var það lán í óláni,  
að eldgosið kom á þeim tíma, sem það hafði minnst truflandi áhrif  
á framkvæmdirnar. Þegar fór að liða fram á vorið 1976 fór skjálfta-  
virknin minnkandi. Hófst niðursetning aðalaflvéla í júní 1976 eins  
og ráð var fyrir gert.

### 3.3. Ahrif umbrota á framkvæmdir Orkustofnunar.

Orkustofnun sendi frá sér greinargerð í janúar 1976 um "Framkvæmdir við Kröfluvirkjun í ljósi jarðskjálfta, sprunguhreyfinga og eldgos-hættu" (fskj. <sup>25. Kopali</sup> ~~10~~). Í greinargerðinni segir m.a.:

- # Þar sem fyrri tíma eldgos á Námafjalls- og Kröflusvæðinu hafa nokkrum sinnum a.m.k. fylgst að, er hætta á, að gos geti brotist út á Námafjallssvæðinu og þá líklegast á sömu slóðum og gaus í Mývatnseldum. Það myndi hafa alvarlegar afleiðingar fyrir Kíslíðjuna og mannvirkini í Bjarnarflagi, en byggðinni í Reykjahlíð og Vogum væri minni hætta búin, nema mikið hraunmagn kæmi upp.

lauslega má áætla, að á s.l. 10 000 árum hafi komið upp  $2-2.5 \text{ km}^3$  af hrauni á Kröflusvæðinu. Meira en helmingur þessa magns hefur komið í 3 stórum gosum, fyrir á að giska 9000 og 2000 árum og síðast Mývatns-eldum. Vegna þess hve stutt er liðið frá Mývatnseldum og vegna þess hve hraunmagn þá var mikið, verður að telja frekar ólíklegt að jafnstórt hraun komi upp þar nú. Af því leiðir að hætta fyrir byggðina í Reykjahlíð vegna hraunrennslis frá Kröflusvæðinu verður að teljast lítil. Varnargarðar, sem beindu hugsanlegu hraunrennslu frá Leirhnjúkssvæði niður í Hlíðardal um Hvítáklif gætu hér veitt aukið öryggi."

Enn fremur segir svo í greinargerðinni:

"Erfitt er að meta áhrif jarðskjálfta á borholur. Hugsanlegt er, að breytingar á holum 2,3 og 4 við Kröflu megi rekja til jarðskjálfta, en líklegra er þó talið að gosið í Leirhnjúk hafi ráðið þar mestu um. Allar holur við Kröflu og Námafjall eru austan við þann hluta brotbeltisins, sem nú er virkur, en eins og áður er getið, er ekki útilokat, að sprunguhreyfingar færist austur á virkjunarsvæðið og skapi þar hættuástand.

Ólíklegt er, að lögn gufuleiðsla frá borholum að stöðvarhúsi þurfi að tefjast þótt einhver skjálftavirkni verði á svæðinu. Álita verður, að leiðslunum sjálfum sé lítil hætta búin í jarðskjálftum vegna þess sveigjanleika, sem er í sliku mannvirki.

Kröflunefnd hefur fengið sérfraðilegt álit um áhrif skjálfta á stöðvarhúsið. Kemur þar fram, að húsinu er lítil hætta búin í skjálftum, sem ná allt að styrkleika 7 á Richterkvarða, þegar húsið hefur verið styrkt að fullu. Má telja mjög ólíklegt, að svo sterkir skjálftar verði á þessum stað í gosbeltinu og ætti því hætta fyrir starfsfólk þar að vera hverfandi, þegar styrkingu hússins er lokið. Nauðsynlegt er að einnig verði gerð athugun á aðstæðum í Kíslíðjunni og er þess vänst, að stjórn hennar eða almannavarnarnefnd Mývatnssveitar láti slika úttekt fara fram. Einnig er nauðsynlegt að Kröflunefnd láti meta áhrif skjálfta og smávægilegra hallabreytinga á nákvæmnisvinnu eins og t.d. niðursetningu véla í stöðvarhúsi.

ÁSTAND OG HORFUR MED GUFUVINNSLU Í LJÓSI NÝLEGRA UMBROTA  
Á KRÖFLUSVÆÐI

Forsendur fyrir öflun jarðgufu til Kröfluvirkjunar eru nokkuð breyttar nú, frá því sem var, þegar skýrsla Orkustofnunar "Krafla - niðurstaða vinnsluborana 1975, horfur um gufuöflun" kom út í desember s.l..

Þegar eldgosið varð 20. des. s.l. kom fljótt í ljós minnkun á rennsli úr holu 3 og einnig féll þrýstingur í holu 2, en hún hafði staðið lokað undir þrýstingi. Þessi rennslisminnkun í holu 3, sem um áramótin var orðin um 40%, var talin stafa af leir- og gufugosinu, sem varð í Leirhnjúk í lok hraungossins. Rennsli úr holu 3 er enn um 40% minna en upphaflegt rennsli, sem hafði verið óbreytt í 3 mánuði áður en gos hófst. Gufugosinu í Leirhnjúk er hins vegar nú að mestu lokið.

Hola 4 braut af sér holuloka í byrjun janúar og blés eftir það óbeisluð. Magnið úr holunni var mun meira en áður hefur komið úr borholu hér á landi. Þótt erfitt sé að gera sér grein fyrir, hve mikið magnið var, má giska á, að það hafi verið 200 kg/sek, en það svarar til u.p.b. 15 MW raforkuframleiðslu. Þetta er í rauninni fyrsta vísbending um það, hve holur á þessu jarðhitasvæði geta verið afilmiklar og er það mjög þýðingarmikil vitneskja. Hins vegar varð fljótlega ljóst eftir að holan braut af sér holulokana, að hún yrði ekki notuð sem vinnsluhola.

Þann 27. jan. s.l. minnkaði gos í holunni skyndilega og hefur hún líklega hrunið saman neðan við 600 mafóðringuna. Hefur nú myndast kringum holuna víður hver, sem er fullur af vatni. Goskraftur og hávaði er að mestu horfinn, en mikla gufu leggur frá hvernum. Á þessu stigi málsins er ekki hægt að sjá fyrir hver verða endalok holunnar, en allt bendir til að hún muni ekki valda þeim slæmu umhverfis-áhrifum, sem óttast var.

Í ljósi þeirrar reynslu, sem fengist hefur af borun á jarðhitasvæðinu við Kröflu, og viðbragða holanna við þeim umbrotum, sem verið hafa á svæðinu, er nú ljóst, að tæknilegir erfiðleikar við að bora þarna eru meiri en ætlað ver. Þess vegna er nú gert ráð fyrir, að fyrstu holurnar, sem boraðar verða á þessu ári, verði grynnri en áður var ætlað. Hins vegar verður haldið opnum þeim möguleika að dýpka þær síðar, ef nauðsyn krefur. Með þessu móti verður fengin betri mynd af vinnslueiginleikum svæðisins, áður en dýpri boranir eru framkvæmdar, ef þær reynast nauðsynlegar. Þessi ráðstöfun leiðir af sér, að boranir geta tekið eitthvað lengri tíma en ella, en gerir væntanlega gufuöflunina tryggari.

#### HVERNIG Á AÐ STANDA AÐ ÁFRAMHALDANDI FRAMKVÆMDUM VIÐ KRÖFLUVIRJKUN?

Það er ljóst af því, sem að framan er sagt, að hætta á eldgosi á Kröflu- og Námafjallssvæðunum verður að teljast meiri um þessar mundir

94

en hún var talin fyrir nokkrum mánuðum. Ástæðan fyrir þessu á Kröflusvæðinu er fyrst og fremst skjálftavirknin síðustu vikur, hraungosið 20. des. s.l. og sú staðreynd, að hér er um megineldstöð að ræða. Erfitt er hins vegar að meta hversu líklegt megi telja, að eldgos brjótist út á næstunni, og ef það skeður, hvar það komi, og hverju tjóni það muni valda. Leirhnjúkssprungan verður þó að teljast einna líklegastur gosstaður. Fylgst er vandlega með skjálftavirkni á Kröflu- og Námafjallssvæðunum, en af jarðskjálftunum er helst að vænta vísbendingar um gos í aðsigi. Þó verður að varast að draga mjög ákveðnar ályktanir af jarðskjálftunum einum, því að jarðskjalftar hér á landi eru algengir án þess að þeim fylgi gos.

Framkvæmdum við Kröfluvirkjun má skipta í two aðal þætti, ef frá er skilin lögð raflínu. Þeir eru annars vegar gufuöflun (boranir) og bygging gufuveitu, hins vegar stöðvarhús og vélar. Er rétt að ræða þessa þætti hvorn fyrir sig.

Gufuöflunin er forsenda þess, að vélar geti byrjað að framleiða raforku. Frá upphafi hefur framkvæmdum við Kröflu verið hagað þannig, að þessir tveir aðalverkpættir, gufuöflunin og bygging stöðvarhúss með vélum, færðu fram samtímis. Með þessu er tekin talsverð áhætta, því að gufuöflunin er óviss þar til boranir hafa farið fram. Á þetta hefur Orkustofnun oft bent, nú síðast í skýrslu um niðurstöður vinnsluborana 1975, sem kom út í desember s.l., nokkru áður en gosið varð. Nú sem stendur verður að telja gufuöflunina í enn meiri óvissu.

Sjálfsagt virðist að reyna, eftir því sem aðstæður leyfa, að halda fyrri áætlunum um boranir. Það verður þó að gera með fullri aðgát. Kanna þarf hvaða frekari varúðarráðstöfunum verði við komið til að tryggja áhöfn og tækjabúnað borsins gegn hugsanlegum jarðskjálftum. Þetta mál er nú í athugun hjá Orkustofnun og verður nánari greinar-gerð um það saman síðar. Ekki var fyrirhugað að boranir hafust á ný fyrr en í mars þannig að hér er enn nokkur tímí til stefnu.

Framkvæmdir við stöðvarhúsið og vélar eru á vegum Kröflunefndar. Telja má sjálfsagðan hlut að halda áfram með stöðvarhúsi að því

marki að gera það eins hæft og verða má til að þola þá jarðskjálfta, sem kunna að koma. Meira álitamál er, hversu hratt sé skynsamlegt að vinna að smíði á vélaundirstöðum og þar á eftir niðursetningu yéla. Koma þar mörg atriði til álitá. Fyrst ber að sjálfsögðu að nefna, hvort unnt sé að tryggja öryggi þeirra, er að framkvæmdum vinna. Þar næst þarf að hyggja að því, hvort hætta geti verið á að jarðskjálftar geti eyðilagt mannvirki eins og vélaundirstöður meðan þær eru í smíðum og hafa ekki náð endanlegum styrkleika (sem vafalaust er nægur til að standast jarðskjálfta). Ef slík hætta er umtalsverð gætu orðið meiri tafir við að fjarlægja skemmda mannvirkjahluta en af því að biða eftir að úr skjálftunum dragi, og kostnaður að sjálfsögðu verulega meiri. Samskonar mat þarf að fara fram varðandi vélasamstæðurnar sjálfar meðan á niðursetningu stendur og eftir að þær eru frágengnar, svo og varðandi kæliturna, útivirki og annan stöðvararbúnað. Mat á þessu liggur á verksviði Kröflunefndar. Áður er að því vikið, að Orkustofnun telur gufuleiðslunum litla hættu búna af jarðskjálftum.

Við ákvörðun á því hvort rétt sé að breyta upprunalegri framkvæmda-áætlun við byggingu stöðvarhúss vegna náttúruumbrotanna eða ekki þarf einnig að taka afstöðu til þess hvaða áhrif aukin óvissa um gufuöflun skuli hafa á þá ákvörðun, ef nokkur. Líkurnar á því að stöðin kuni að standa gufulaus eða gufulítill, ef upprunalegri áætlun er haldið, verða nú að teljast meiri en áður, svo sem fyrr segir. Jafnframt er ljóst af framansögðu, að mannvirki öll eru lögð í vissa hættu meðan jarðskjálftar standa yfir og goshætta þeim samfara. Það er ekki alveg hið sama að leggja stöðvarmannvirki í hættu til að geta sem fyrst farið að framleiða raforku og svo hitt að leggja þau í þessa hættu meðan beðið er eftir gufu. Á móti kemur, að verði stöðvarhúsframkvæmdum seinkað getur svo farið að gufan verði tiltæk áður en þeim lýkur. Þetta tvennt verður að meta og vega áður en ákvörðun er endanlega tekin um tilhögun stöðvarhús-framkvæmda við þær aðstæður, sem nú ríkja á Kröflusvæðinu. Er nauðsýnlegt að framkvæmdaáætlun sé sveigjanleg svo hægt verði að mæta sér-hverjum óvæntum aðstæðum á skynsamlegan hátt.

96

Að lokum skal þess getið, að á vegum Orkustofnunar fara fram allumfangsmiklar rannsóknir til að fylgjast sem best með goshættu á Kröflu- og Námafjallssvæðunum. Fylgst verður með sprunguhreyfingum og breytingum á jarðhitasvæðunum. Þá hafa verið gerðar ráðstafanir til að fá vikulegar skýrslur um jarðskjálfta, í stað mánaðarlegra áður. Ætti þetta að auðvelda raunhæft mat á goshættu á hverjum tíma."

Í framhaldi af þessu hóf Orkustofnun umfangsmikla rannsóknarstarfsemi og eftirlit með Kröflumegineldstöðinni (sjá fsk. <sup>39</sup> <sup>Kat.</sup>) (gos-vakt við Kröflu)). Verk þetta var unnið í náinni samvinni við Raunvisindastofnun Háskólags, Norrænu Eldfjallastöðina og Veðurstofu Íslands. Með þessum rannsóknum fékkst góð þekking á eldfjalla- legum eiginleikum svæðisins - jafn vel svo mikil að hægt var í sumum tilfellum að segja fyrir um hvenær næstu umbrota var að vænta. Sílikar upplýsingar eru ómetanlegar út frá öryggissjónarmiðum.

Þau umbrot sem verið hafa í gangi á Kröflusvæðinu síðan í desember 1975 hafa einkum haft þau áhrif á aðgerðir Orkustofnunar að skerpa öryggiskröfur við boranir og aðrar framkvæmdir á svæðinu. Varðandi boranir við Kröflu til gufuöflunar hefur Orkustofnun jafnan verið þeirrar skoðunar að halda beri áfram borunum, þótt hægt yrði á öðrum framkvæmdum. Þetta kemur m.a. fram í tillögum stofnunarinnar fyrir einstök ár, eins og nánar er rakið í kafla 2.5.2-2.5.4. Gufuöflunin er forsenda allrar virkjunarinnar. Þó viss hætta væri að holur skemmdust vegna umbrotanna, var gufuöflunin talin það mikilvægur þáttur virkjunarframkvæmdanna, að réttlætanlegt væri að taka þessa áhættu. Eftir að fyrstu umbrotahrinunni lauk í febr.-mars 1976 er ekki vitað til að borholur á Kröflusvæðinu hafi skemmst vegna umbrota.

### 3.4 Ahrif umbrota á vinnslueiginleika jarðhitasvæðisins í Kröflu

Hugtakið vinnslueiginleikar jarðhitasvæðis er notað til þess að lýsa þeim eiginleikum, sem taldir eru skipta máli við nýtingu jarðhitasvæðis. Gufuöflun og möguleikar á virkjun eru beint háð þessum eiginleikum. Nauðsynlegt er að þekkja þessa eiginleika til þess að hægt sé að taka skynsamlega ákvörðun um nýtingu jarðhitasvæðis.

Vinnslueiginleikar jarðhitasvæðis felur í sér margar þætti og samspil þeirra innbyrðis. Þau atriði, sem einkum eru höfð til viðmiðunar, þegar reynt er að ákvarða vinnslueiginleika eru t.d.:

- Hitastig í jarðhitakerfi
- Prýstingur í jarðhitakerfi
- Varmainnihald Jarðhitavökva
- Efni uppleyst í jarðhitavökva
- Gas samfara jarðhitavökva
- Streymisgerð í jarðhitageymi
- Streymisviðnám í jarðhitakerfi

Þá skiptir það einnig miklu fyrir vinnslueiginleika svæðisins, hvernig samspil ofangreindra þátta er. Má þar til nefna hvernig uppleyst efni bregðast við breyttum prýstindi eða hita - hvort t.d. myndast útfellingar í bergi eða holum. Einnig má nefna það atriði, hvort breyttur prýstingur skapar suðs i berginu eða að streymiseiginleikar breytist á annan hátt.

A síðastliðnu ári hefur komið í ljós að jarðhitasvæðið við Kröflu er allflókið að uppbyggingu. Í holubréfi nr. 7 hefur stuttlega verið lýst helstu einkennum svæðisins.

98

4  
3.1.1 Efnafræðilegar breytingar

Ahrifamestu afleiðingar umbrota og kvikurennslis á Kröflusvæðinu eru breytingar á efnasamsetningu jarðhitavökvars, sem kemur úr borholum. Þessar breytingar eru svo skyndilegar í tíma og svo stórkostlegar að magni að þær eru ekki skýranlegar jarðefnafræðilega nema sem áhrif kvikurennslis í jarðhitakerfunum eða innan áhrifasvæðis þeirra. Sjá skýrslu OS JHD 7640. (Fskj. 32. Kefla 1)

Þær beytingar sem fram hafa komið eru breytingar á gasmagni úr borholum, beytingar á sýrustigi affallsvatns, breytingar á súlfati og kvikasilfri í borholuvökva. Allar þessar breytingar eru á einn eða annan hátt tengdar umbrotum og kvíkuhlærum.

4  
3.1.2 Prýstingsbreytingar

Það sem af er árinu 1977 hefur kvika tvísvar brotist upp á yfirborð. Var það 27.apríl og 8.september. Í bæði skiptin varð prýstingsaukning í efra jarðhitakerfinu við Kröflu.

Telja má fullvist að prýstingsbreytingar hafi orðið í efra kerfinu í Kröflu við eldgosið í desember 1975. Aðeins óbeinar athuganir eru því til staðfestingar.

Prýstingur á jarðhitasvæðinu í Námafjalli er nú mun hærri en fyrir umbrotin 1975.

4  
3.1.3 Sprungumyndanir

Samfara öllum umbrotum á Kröflusvæðinu hefur verið viss hreyfing á gömlum sprungum, og nýjar sprungur myndast. Jarðhitalega séð eru sprungumyndanirnar til góðs, vegna þess að þá brotnar bergið og jarðhitavökvinna á greiðari leið um bergið. Glöggt má sjá þetta núna í Bjarnarflagi. Vegna sprungumyndana þar hefur gufustreymi til yfirborðs aukist svo stórklega að til verulegra vandræða horfir.

Á Kröflusvæðinu hefur ekki orðið vart við áhrif sprungumyndunar á rennslideiginleika jarðhitasvæðisins, en í Námafjalli hefur sprungumyndun og umbrot bæði aukið rennsli úr borholu en einnig dregið úr rennsli.

#### 3.2.4 Áhrif umbrota á borholur

Umbrotin á Kröflusvæðinu hafa skemmt fóðurrör í nokkrum holum. Hafa fóðurrör bæði bagnað (KG-5) en einnig farið sundur (KG-3). Í Námafjalli hafa umbrotin haft þau áhrif að rennsli hefur hatt úr sumum holum (hola 6 og 7) en einnig hefur þar komið fram rennslisaukning samfara umbrotum. Áhrif umbrota geta þannig bæði haft örванди áhrif á rennsli, en einnig valdið miklum skaða.

#### 3.2.5 Óbein áhrif umbrota

Vitneskja um suðu í bergi í neðra kerfi í Kröflu fékkst með vissu seinni hluta árs 1976. Sú spurning hefur því oft komið til umræðu hvort umbrotin á scæðinu hafi hleypt jarðhitakerfinu í suðu. Þar sem mælingum á árinu 1974 og 1975 var ekki beinlinis beint að því að athuga gufurennslu í jarðhitageymi, liggja ekki fyrir nóg marktæk gögn til að skera úr um þetta atriði. Hins vegar má með athugunum á mæligögnum frá þessum tíma álykta um líkur fyrir því að þetta hafi gerst. Niðurstaða þeirra athugana er sú að mjög sennilegt er að tveggja fasa streymi hafi einnig verið í bergeninu á árunum 1974 og 1975. Með öðrum orðum, að umbrotin hafi ekki hleypt jarðhitakerfinu í suðu. Hins vegar hefur suða að öllum líkindum aukist við gasaukninguna.

Marktækustu breytingarnar á vinnslueiginleikum Kröflusvæðis eru breytingar á efnasamsetningu jarðhitvökvans. Ber þar mest á auknu magni af  $\text{CO}_2$ . Þar sem  $\text{CO}_2$  þéttist ekki í vélabúnaði virkjunarnar er það mikill ókostur að magn þessarar loftegundar sé hátt. Hvort aukið magn af  $\text{CO}_2$  hefur áhrif á útfellingar kalks í neðra kerfinu er ekki ljóst ennþá. Breytingar á efnainnihaldi jarðhita-

100

vökvans eru neikvæðar fyrir nýtingu til raforkuframleiðslu.

Að lokum skal bent á að umbrotin á Kröflusvæðinu hafa haft áhrif í þá átt að tefja fyrir rannsóknum á vinnslueiginleikum svæðisins. Liggja til þess tvær ástæður. Önnur er sú, að þar sem miklar breytingar hafa verið fyrir hendi hefur þurft lengri tíma en ella að fá fram hve mikill hluti mældra stærða er af völdum umbrota og hve mikill hluti er ótruflaður eiginleiki jarðhitakerfisins. Hin ástæðan er sú að jafnframt rannsóknum á jarðhitasvæðinu við Kröflu hafa breytingar í borholum verið notaðar til að fylgjast með eldvirkni á Kröflusvæðinu. Viss tími fer því óhjákvæmilega til þessarar starfsemi.

4

### 3.2.6 Samandregnar niðurstöður

Umbrotin á Kröflusvæðinu hafa haft áhrif á vinnslueiginleika jarðhitasvæðisins við Kröflu. Sakir hins flókna samspils einstakra þátta er ekki einfalt mál að draga ályktun um heildar áhrif umbrotanna á vinnslueiginleika svæðisins. Að svo miklu leyti sem hægt er að meta þessar breytingar á vinnslueiginleikum svæðisins eru breytingarnar til illa. Önnur neikvæð áhrif umbrota á Kröflusvæði eru þau að borholur hafa skemmt vegna hreifinga lands.

Ef litið er á hvaða breytinga sé sennilegt að vænta í framtíðinni má nefna eftirfarandi:

- Meðan umbrot standa yfir á Kröflusvæði má alltaf vænta þess að borholur skemmtist á einn eða annan hátt.
- Þó magn  $\text{CO}_2$  aukist en meira á svæðinu, verða jarðefnafræðilegir vinnslueiginleikar <sup>a</sup>verla verri en nú er. Aukið magn af  $\text{CO}_2$  mun draga úr nýtni Kröfluvirkjunnar.
- Ef breyting verður á sýrustigi eitthvað í líkindum við það sem gerðist í holu KG-4 í febrúar-mars 1976 má búast við að fóðurrör skemmtist vegna tæringar.

- Rennsli kviku neðanjarðar í eða mjög nálægt jarðhitakerfinu í Kröflu er að öllum líkendum hættulegra fyrir jarðhitakerfið og vinnslueiginleika þess en eldgos og rennsli kviku á yfirborði jarðar.

Nánar er fjallað um áhrif umbrotanna í greinargerð dags 1977-11-28  
(Fskj. 55, Kappa 1)



F y l g i s k j ñ l



1977-01-09

KRÖFLUSKÝRSLA  
Kafli 2.5.1-2.5.4  
Fsk. 1-24  
SGS/gc

105

1. Áætlun um borun fimm vinnsluhola við Kröflu.

Sigurður Benediktsson  
Rögnvaldur Finnbogason  
Janúar 1975

2. Bréf OS til Iðnaðarráðuneytisins vegna endurskoðunar á kostnaðaráætlun frá janúar 1975.

Karl Ragnars  
1975-03-03

3. Bréf OS til Iðnaðarráðuneytisins, viðvörun við því að draga úr borframkvæmdum meðan öðrum þáttum virkjunarinnar er haldið áfram af fullum krafti.

Jakob Björnsson  
1975-05-22

4. Bréf OS til Kröflunefndar (afr. til Iðnaðarráðuneytisins), um val á túrbínum til Kröfluvirkjunar.

Karl Ragnars  
Guðmundur Pálason  
Jakob Björnsson  
1975-02-06

5. Bréf OS til Iðnaðarráðuneytisins, tímasetning einstakra framkvæmda við Kröfluvirkjun.

Jakob Björnsson  
1975-03-14

6. Greinargerð um gos í holu 4, Kröflu, meðan á borun stóð.

Karl Ragnars  
1975-09-14

7. Kostnaðaráætlun Kröfluveitu, Borholur og aðveitukerfi gufu, 1975, 1976, 1977 og 1978.

Karl Ragnars  
1975-11-25

8. Öryggisbúnaður og framkvæmdaáætlun við boranir með Jötni í Kröflu 1976.

Karl Ragnars

OS-JHD 7614 / Febrúar 1976

9. Skipunarbréf nefndar á Orkustofnun til áætlanatöku varðandi boranir í Kröflu 1976.

Jakob Björnsson

1976-04-23

10. Staðarval borhola í Kröflu 1976, (nefðarálit).

Karl Ragnars

Stefán Arnórsson

Sigurður Benediktsson

1976-05-07

11. Greinargerð um staðsetningu borhola í Kröflu 1976.

Valgarður Stefánsson

1976-07-09

12. Greinargerð til Iðnaðarráðherra um stöðu framkvæmda við Kröfluvirkjun, 7. feb. 1977.

Páll Flygenring

Árni Snævarr

Kristmundur Halldórsson

Guðmundur Einarsson

Jakob Björnsson

Guðmundur Pálason

Kristján Jónsson

Einar Tjörvi Eliasson

1977-02-07

13. Bréf OS til Iðnaðarráðuneytisins, tillögur um boranir fyrir Kröfluvirkjun 1977, greinargerð.

Jakob Björnsson

Guðmundur Pálason

1977-03-22

14. Trip report.

J.T. Kuwada

Marz 1977

15. Minnisblað vegna ferðar Guðmundar Einarssonar, Karls Ragnars og Valgarðs Stefánssonar til U.S.A. 9-15 maí 1977.

Valgarður Stefánsson

1977-05-16

16. Bréf Iðnaðarráðuneytissins til OS, fallist á tillögu OS um boranir í suðurhlíðum Kröflu og við Hvíthólahlíf o.fl.

Páll Flygenring

Kristmundur Halldórsson

1977-05-06

17. Bréf Iðnaðarráðuneytisins til OS, flutn. Jötuns frá Laugalandi í Eyjafirði til Kröflu 1977.

Kristmundur Halldórsson

1977-06-23

18. Bréf OS til Iðnaðarráðuneytisins, breyttar tillögur um Kröfluboranir 1977.

Jakob Björnsson

Guðmundur Pálmasson

1977-07-18

19. Bréf Iðnaðarráðuneytisins til OS, Samþ. ríkisstj. 19. júlí um allt að 100 Mkr. til könnunar og endurvinnslu borhola.

Páll Flygenring

Árni Þ. Árnason

1977-07-27

20. 2 bréf Iðnaðarráðuneytisins til OS, til Kröflunefndar, varðar nefndarskipan þriggja manna til að "samræma aðgerðir og taka ákvörðun um meiri-háttar framkvæmdir við Kröflu".

Gunnar Thoroddsen

Árni Þ. Árnason

1977-07-20

108

21. Bréf OS til Iðnaðrráðuneytisins, Varðar bréf hins háa ráðuneytis frá 1977-07-20 um nefndarskipan vegna Kröfluframkvæmda.

Jakob Björnsson

1977-08-22

22. Orðsending til Karls Ragnars frá Orkumálastjóra til skipunar K.R. í þriggja manna nefnd.

Jakob Björnsson

1977-08-02

23. Bréf Iðnaðarráðuneytisins til OS, þar sem ráðuneytið felur OS að undirbúa mannvirkni til vinnslu jarðgufu.

Magnús Kjartansson

Árni Snævarr

1974-06-21

24. Bréf OS til Iðnaðarráðuneytisins, varðar Kröfluboranir og gufuveituframkvæmdir á árinu 1978.

Jakob Björnsson

Guðmundur Pálason

1977-12-12

109

## Jarðhitadeild

Iðnaðarráðuneytið  
Arnarhvoli  
Reykjavík.

KR/sv

22. jan. 1975.

Hjálagt sendist ráðuneytinu kostnaðaráætlun um borun fimm borhola í Kröflu árið 1975 vegna virkjunar gufuafla þar. Gert er ráð fyrir að Gufubor verði fluttur norður landleiðina og suður aftur að verki loknu og eru flutningarnir innifaldir í áætluninni.

Gert er ráð fyrir, að kostnaður verksins verði 21 Mkr og er þá reiknað með 15% ófyrirséðum kostnaði, en það þykir eðlilegt vegna þess hve mikil óvissa er yfirleitt í framkvæmd borverka.

I þessari áætlun er hinsvegar ekki gert ráð fyrir vinnubúðum, en að undangenginni athugun virðist hagstæðasta tilboð í þar vera frá Húseiningum á Siglufirði og er þá miðað við 30 manna vinnubúðir. Tilboð í vinnubúðirnar og kostnaðaráætlun til að fullbúa þar er að upphæð 22 Mkr. Það er mjög brýnt að samningar um smíði vinnubúðanna séu gerðir mjög fljóttlega til þess að þar geti verið tilbúnar þegar boranir hefjast í vor, en við undirskrift samnings þarf að greiða inn á verkið 5 Mkr. Dreifing kostnaðar samkvæmt kostnaðaráætluninni er áætluð:

jan.	5 Mkr.	júlí	24 Mkr.
febr.		ágúst	19 -
marz	62,5 -	sept.	19 -
apr.	10,8 -	okt.	19 -
maí	13,5 -	nóv.	22,4 -
júní	42,8 -	des.	

Virðingarfyllst,

## Janahitsaeld

Iðnaðarráðuneytið  
Arnarhvöli  
Reykjavík

KR/sv

3. mars 1975

Vísad er til brefs til ráðuneytisins dags. 22.01.75, en þar er gerð grein fyrir kostnaðarátlun borana við Kröflu sumarið 1975, og áætlaður kostnaður við verkið 216 Mkr.

Vegna breytinga á gengi krónunnar og kostnaðarhakkana þess vegna, höfum við endurskoðað áætlunina, en geggi-breyting gagnvart þýsku marki frá 19.11.74 til 28.02.75 er 39% hákkun á verði marksins, en 19.11.74 voru fóðurrör til verksins þöntuð og eru þau mestur hluti erlends efnis.

Þá reiknum við með að aðkeypt þjónusta hækki um 10% vegna efnahagsráðstafana.

Með þessum forsendum verður endurskoðuð kostnaðarátlun fyrir verkið 252,6 Mkr.

Þá viljum við enn fremur ítreka, að þessi áætlun innifelur ekki vinnubúðir fyrir starfsfólk borsins, en í fyrrri áætlun var gert ráð fyrir að þær kostuðu 22 Mkr. Þenn hefur engin ákvörðun verið tekin um uppsetningu þeirra, né heldur hvernig þeim þætti verksins verði ráðstafað og er mjög brýnt, að það verði zert sem allra fyrst.

Dreifing kostnaðar samkvæmt kostnaðarátluninni er nú áætluð:

marz 93 Mkr	júlí 25 Mkr
apríl 12 "	ágúst 20 "
máí 15 "	sept. 20 "
júní 50 "	okt. 20 "
	nóv. 19,6 "
	des.

Samtals: 274,6 Mkr.

Virðingarfyllst,

///

Iðnaðarráðuneytið  
ARNARHVOLI

JB/sq

22.05.75

Borun við Kröflu 1975

Að gefnu tilefni hefur Orkustofnun endurskoðað kostnaðarátlun borana við Kröflu nú í sumar með tilliti til þess, að boraðar 1, 3 eða 5 holur. Endurskoðunin fyrir 5 holur er samhljóða kostnaðarátlun sem hinu háa ráðuneyti var send 05.05.75.

Vérulegur hluti kostnaðar við borun á 5 holum hefur nú þegar verið skuldbundinn. Má þar nefna fóðurrör fyrir 100 Mkr, borkrónur fyrir 7,5 Mkr. o.fl. Auk þess kemur svo, að ýmiss kostnaður er fastur, óháður holufjölda, svo sem flutningur borsins norður að Kröflu og til baka, sem áætlast kosta 12,3 Mkr.

Kostnaðarátlun fyrir að bora eina, þrjár eða fimm holur nú í sumar, og skipting þess kostnaðar á mánuði er sem hér segir. Eru þá þegar áfallnar skuldbindingar meðtaldir (í maitölunni).

Árft.	Skipting á mánuði, Mkr.				
	Mai	Júní	Júlí	Ág.	Sept. Okt.
Ein hola	172,5	105	52,5	15,0	
Þrjár holur	219,5	105	45,3	34,6	34,6
* Fimm holur	268,8	105	47,0	31,7	35,6
				21,6	27,9

Hingað til hefur ávallt verið gert ráð fyrir því að boraðar yrðu fimm holur við Kröflu í sumar, og því hafa þegar verið keypt fóðurrör í samræmi með það. Nauðsynlegt var að panta og kaupa fóðurrörin með góðum fyrirvara, vegna langa afgreiðslutíma, til þess að borun tefðist ekki vegna skorts á fóðurrörum. Skipulagning á störfum Dofra (gufuborsins), og raunar annara bora einnig, hefur verið við þetta miðuð.

Nú virðist sem tiltakt fé til borana á sumri komandi verði 150 Mkr. Eins og sjá má á ofangreindri átlun nágir það ekki til að ljúka sinni holu vegna þess að af upphæðinni hafa þegar verið keypt fóðurrör o.fl. í fimm holur. Til annara hluta Kröfluvirkjunar en gufuðflunarinnar mun vera ráðgert að verja 600 Mkr. Á yfirstandandi ári.

112

í þessu sambandi vill Orkustofnun leyfa sér að vísa til bréfs síns til hins háa ráðuneytis, dags. 14.03.75, þar sem radd var sú áhatta sem því óhjákvæmilega fylgir að hefja byggingu orkuvers og annara vinnslumannvirkja áður en vinnsluborunum er lokið og nægilegt gufumagn fengið upp á yfirborðið. Eins og þar kemur fram er vinnsluborunin í rauninni of seint á ferðinni miðað við tímaástlun Kröflunefndar, miðað við það sem eðlilegt og ekstilegt getur talist. Því hefur Orkustofnun áhyggjur af því, ef nú verður dregið úr vinnsluborunum frá því sem ráðgert var, sem getur leitt til að þessi áhetta verður enn meiri en áður.

Stofnuninni virðist auðsitt, að ef skera verður niður fé til Kröfluframkvæmda frá því sem ráðgert var, sé óhjákvæmilegt að endurskoða alla tímaástlun þeirra framkvæmda, þaði varðandi gufuöflunina og aðra hluta þeirra. Í þeirri endurskoðun þarf að samræma vinnsluborunina öllum framkvæmdapáttum út frá þeirri staðreynd að gufan er það sem allt mannvirkis byggist á og þarf því öflun hennar að njóta það mikils forgangs að ekki sé verið að taka óeðlilega áhættu. Að mati Orkustofnunar er það hreint neyðarúrrædi að bora farri holur en fimm á næsta sumri, jafnvel þótt upprunalegri tímaástlun seinki eitthvað af völdum niðurskurðar, vegna þess að í þeirri ástlun var þegar tekin áhetta varðandi gufuöflunina; meiri áhetta en tiðkast sumsstaðar erlendis við jarðgufuvirkjanir. Þessa áhæxtu má alls ekki auka.

Orkustofnun vill því leyfa sér að leggja til við hið háa ráðuneyti að það efni til fundar með fulltrúm hennar og Kröflunefndar um samræmda endurskoðun á tímaástlun Kröfluframkvæmda, hið allra fyrra.

Allra virðingarfyllst,

## Jarðhitadeild

113

Kröflunefnd  
c/o Jón Sólnes alþ.m.  
Alþingi, Rvk.

KR/sv

06.02.75

Vegna þeirrar ákvörðunar, sem Kröflunefnd þarf fljóttlega að taka í vali á túrbínum fyrir virkjun í Kröflu viljum við vekja athygli nefndarinnar á eftirfarandi.

Tvar gerðir túrbína koma til árita í þessu tilfelli, svokallaðar einþrýsti- og tvíþrýstítúrbínur.

Einþrýstítúrbínurnar eru tengdar jarðhitum á þann hátt, að jarðgufan er skilin frá borholuvatninu í skiljum, sem eru staðsettar við borholurnar, og gufan leidd þaðan í pípum að inntaki túrbínunnar með ákveðnum þrýstingi, sem ráðinn er eftir hitastigi og afli jarðitasvæðisins. Borholuvatnið, sem skilið er frá gufunni undir þrýstingi í skiljunni er hins vegar leitt til þess staðar þar sem því er fleygt.

Tvíþrýstítúrbínan er þannig tengd jarðhitum, að gufa er á sama hátt aðskilin frá borholuvatninu í skilju, en borholuvatnið, sem er undir þrýstingi við mettun, er skilið óþru sinni við lægri þrýsting frá þeirri gufu, sem þá hefur myndast. Þannig er gufan í tvennu ástandi tengd túrbínunni, þ.e. við hærri og lægri þrýsting.

Vegna þess, að orka úr borholuvatnu er í þessu tilfelli nýtt í meiri mali, verður heildarnýting orku úr jarðitasvæðinu u.p.b. 20% meiri með tvíþrýstikerfi en einþrýstikerfi og gæti gufuafstöðin því orðið lítillega ódýrari ef miðað er við að gufuþrýstingur á borholum sé sá sami í báðum tilfellum.

A hitt er þó að líta, að gufukerfi fyrir tvíþrýstítúrbínu, þ.e. gufuskiljur og gufulagnir, er nokkru flóknari en fyrir einþrýstítúrbínu. Sú aðferð, sem þykir álitlegust, vegna kostnaðar, við tvíþrýstikerfi, er að flytja vatn og gufu saman í einni pípu (two phase flow) frá borholu að rafstöð og hafa háþrýsti- og lágþrýstiskiljurnar staðsettar þar.

114

Bessi aðferð hefur þó þá annmarka, að þrýstifall í kerfinu verður mun meira en ef vatn og gufa eru flutt aðskilin, og þurfa þá borholurnar að vinna við meiri þrýsting en ella, þannig að afgjöf þeirra verður minni, en sem kunnugt er minnkar afl borhola mjög hratt við aukinn móþrýsting, eins og mjög ábreifanlega hefur komið í ljós í gufuveitunni við Námafjall.

Með þessu er reyndar höfðað til þess eiginleika jarðhitasvæða, þar sem form orkunnar er lágt hitastig og þrýstingur í samanburði við aðra orkugjafa.

Við aukinn móþrýsting á borholur falla afköst þeirra eins og áður greinir, og vinnur það mjög á móti betri orkunýtingu, í tvíþrýstítúbbínunni.

Þá er og þess að geta, að þegar lágþrýstigufan er skilin frá borholuvatninu í tvíþrýstikerfinu, gerist það við svo lágt hitastig á borholuvatninu, að komið er niður fyrir þau mörk hitastigs, þar sem kíslútfellingar byrja, og gætu útfellingarnar haft í för með sér verulega rekstrarörþugleika, en reynsla af kíslútfellingum hérlandis á ákveðnum stöðum er mjög bitur.

Við viljum benda á, að þótt tvíþrýstikerfið sé nú fyrirhugað á nokkrum stöðum í heiminum, þá eru allar jarðgufuafstöðvar, sem nú eru reknar í heiminum með einþrýstítúrbínum, þannig að meginreynslan af rekstri jarðgufuafstöðva miðast við það kerfi.

Að vísu er undantekning frá þessu á Nýja-Sjálandi, þar sem gufa frá sérstökum borholum með lágum þrýstingi er notuð í sjálftæðum túrbínum, sem einnig fá gufu frá túrbínunum, þar sem inntaksþrýstingurinn er hærri, en ekki er um að ráða, að borholuvatn sé tvísoðið með mismunandi þrýstingi.

Bví má segja, að nánast öll reynsla í þessum efnunum eigi við einþrýstikerfi, en forsendur fyrir rekstrar-þryggi tvíþrýstikerfa með jarðhita byggir ann einungis á tilraunum.

Virðingarfyllist,

---

Karl Ragnars

Guðmundur Pálason

Jakob Björnsson

Afrit: Iðnaðarráðuneytið.

115

Íðnaðarþáðuneytis

ARNAÐIVÖLI

E.

JB/ag

14.3.1975

Vefðar; Tímasetningu einstakra frankvanda  
við Kröfluvirkjun.

Orkustofnun vill með bréfi þessu áréttu skriflega þau sjónarmið, sem orkumálastjóri og fleiri starfsmenn ráktu munalega á fundi í samstarfanefnd Íðnaðarráðuneytisins og Náttúruverndarráðs hins J. þ.m., þar sem viðstaddir varu fulltrúar hins hér ráðuneytis og Kröflunefndar.

Í nýlegri skýrslu Orkustofnunar um rannsóknarboranir við Kröflu (frá febr. 1975) er meðt með, að vinnsluboranir verði hafnar þar næsta sumar. Í þeirri skýrslu, og raunari í aldri skýrslum Orkustofnunar um Kröfluvæðið, er látin í ljós bjartsýni 6, að svæðið geti staðið undir 50-60 MW raforkuveri og að stakkur þess sé möguleg síðar. Ekkert hefur komið í ljós við rannsóknarboranirnar, er dragi úr þeirri bjartsýni.

Ea alla stadar, þar sem orka er unnið úr jörðu með horunum, hvort heldur um er að ræða jarðvarma, eðju eða jarðgás, er þá fyrst viða um fánlegt orkumagn, þegar það er raunverulega komið upp á yfirborðið. Þetta er alkuna stöðreynd, og liggur í eðli máls. Allt fram að þessu stigi er um óvissu að ræða, þrátt fyrir alla bjartsýni.

Begar mikil fó er bundið í manavirkjum, er nýta skulu orku, sem fengin er úr jörðu með horunum, er því oft gerð sú krafra, að orkan sé fengin upp á yfirborðið, áður en lagt er í mikina kostnað við elik manavirkni. Sem dæmi um það má nefna, að Pacific Gas & Electric raforkufélagið, sem vinnur raforku úr jarðgufu í Geysers Valley í Kaliforníu, gerir þá fyrst bindandi samning um gufukeup við horunarfélagið á svæðinu, þegar gufan, sem hansk telur til, hefur verið fánleg úr borholum í 5 ár.

Orkustofnun er ekki þeirrar skoðunar, að svo mikillar varfarni sé þórf við Kröflu. Þún dregur heldur ekki í efa nauðsyn þess að hrada virkjun þar. Hins vegar telur Orkustofnun nauðsynlegt, að allir aðilar þessa máls geri sér ljóst, að því fylgir áhetta að hafja byggingu orkuvers og annarra vinnslumannvirkja, áður en vinnsluborunum er lokid og nágjanlegt gufumagn fengið upp á yfirborðið. Ef nauðsynlegt er talid að hrada virkjunarfrankvendum eins mikil og Kröflunefnd atlast til, er ekki um annad að gera en að taka slika áhettu. EKKI er unnt að leggja á það talnalegt

mat, hve miklar líkur eru á því, að vinnsluboranir sýni neikvæðan árangur. Orkustofnun telur þær líkur litlar, en ekki varí varlegt að kalla þær engar.

Stofnunin vill benda á, að hafa má nokkur áhrif á þá fjárhagslegu áhettu, sem bér er um að ræða, með því að tímasetja einstaka frakvæmdalici á þann veg, að fó þeð, er á gis er hættað í því mjög svo óliklega tilviki, að vinnsluboranirnar sýndu neikvæða niðurstöðu, verði sem linnst. Með þessu móti kann að verða að haga frakvæmdum með eitt hvad ó öruru móti en gart varí, ef jákvæður árangur vinnsluborana legi nú þegar fyrir. Þar er Krófluvirkjun er fjármeyjasfrek frakvæmd, eins og raforkuvirkjanir eru yfirlieitt, virðist sjálfsagt að reyna eins og het er að draga úr þeirri fjárhagslegu áhettu, sem óhjákvæmilega fylgir núverandi tímabréfum Króflunesfndar. Tilgangur orkumálastjóra með því að vekja mál að þessu á áðurnefndum fundi, var að vekja athygli Króflunesfndarmanna á snaðsyn þess að hafa þessar (litlu) áhettu í haga, er þeir tímasettu einstakar frakvæmdir. Af viðbrögum á fundinum mátti ráða, að sunnum nefndarmönnum kæmi á óvart, að um alika áhettu varí að ræða. Mjög mikilvægt verður að telja, að Króflunesfnd sé sér meðviticandi um hana, þennig að nefndin taki ódililegt tillit til horrar í skiptingu frakvæmda. Í þessum efnum má ekki koma á óvart.

Allra virðingasfyltar,

Jakob Björnsson

Afsítt: Króflunesfnd,  
a/c hr. Jón G. Sólnes, alþm., formatur,  
Akþingi.

Greinargerð um gos í holu 4,  
Kröflu, meðan á borun stóð  
KR/sq

14.09.75

*Kl 00<sup>30</sup>*

Borun holu 4 lauk fimmudagur 4/9 og hafði þá verið borað í 2003 m. Festifóring holunnar (9 5/8") náði í 595 m dýpi og var hún steypt föst. Var fyrirhugað að hengja í hana gataðan leiðara (7 5/8"), sem skyldi ná niður á botn holunnar. Skoltöp eða sðar í holunni höfðu komið fram í 700 m, 850 m, 1100 m, 1250 m og 1940 m, en í milli 1250 m og 1940 m virtist holan vera þétt. Að lokinni borun var vatni dælt í holuna um stangir í u.p.b. Í klst en skolvatnið hætti að koma upp úr holunni eftir u.p.b. 20 min.

Eftir einnar klst dælingu var hætt að dæla gegn um stangir og dæluslanga tengd á hliðarstút undir öryggisventli og haldíð áfram dælingu utan með stöngum. Jafnframt var byrjað að taka upp stangir og lauk því kl 12 4/9.

Þá var sinn standur (tvær stangir) hafður í öryggisventli og dælt á holuna (ca. 20 l/sek) utan með stönginni. Þannig var dælt til kl. 16 en þá er dæling stöðvuð og fyrirhugað að hitamæla holuna, til þess að þreifa eftir æðum fyrir fóðringu gataða leiðarans. Kl. 18<sup>30</sup> meðan verið var að undirbúa hitamælingu fór að renna vatn úr holunni. Rennslið jókst mjög örт og var þá öryggisventli þokað utan um stangir og 2" ventill settur í enda stangaripnar. Þá þegar var byrjað að dæla á holuna 20 l/sek vatni en þrýstingur jókst á méti dælingunni og var 25 kg/cm<sup>2</sup> um kvöldið. Dælt var óbreyttu magni alla nöttna og var þrýstingurinn kominn í 28 kg/cm<sup>2</sup> að morgni 5/9 og hafði þá náð jafnvægi.

Föstudaginn 5/9 var holan hitamæld við 28 kg/cm<sup>2</sup> þrýsting og með 20 l/sek dælingu.

#### Niðurst. hitamælingar:

600 m < 100°C	850 m 305°C
650 m < 100°C	900 m 306°C
700 m 303°C	950 m 306°C
750 m 304°C	1300 m 310°C
800 m 305°C	1400 m 311°C

118

Dælingu á köldu vatni var þá haldið áfram og laugardag 6/9 var dælt niður 10 pk af tréspæni en við það hækkaði þrýstingur úr  $28 \pm 32 \text{ kg/cm}^2$  en lækkaði síðan aftur í  $28 \text{ kg/cm}^2$ .

Astæðan fyrir þessum þrýstingi á holutoppinn er skýrð þannig að 300 til  $310^\circ\text{C}$  heitt vatn streymir inn í holuna í milli 1900 og 2000 m dýpi og vegna litillar eðlisþyngdar ( $0,7 \text{ kg/dm}^3$ ) streymir vatnið upp holuna og rennur út úr henni í 700 m dýpi. Suðurþrýstingur vatns með þessu hitastigi er 95 til 100  $\text{kg/cm}^2$  og þarf því það farg til að halda neðri suðu á 700 m dýpi. Þetta er í samræmi við þann þrýsting, sem er á holutoppi  $28 \text{ kg/cm}^2$  að viðbætri 700 m kaldrí vatnssúlu, sem gefur  $70 \text{ kg/cm}^2$  þrýsting.

Ventlar á holutoppi eru talið að neðan:

- 10" renniloki ser 600 gerður fyrir  $42 \text{ kg/cm}^2$  vinnslu-þrýsting
- þryggisloki tvískiptur, neðri lokur ventilsins eru tvær hálfmánalagaðar rennilokur með gummibéttum gerðar til að loka þegar engar stangir eru í holunni, efri lokurnar eru með hringlagi gati til að loka utanum borstangir ef þær standa niður í gegnum holutoppinn.
- efsti lokinn er útbúinn með gummistrokk, og ef þrýstilofti er hleypt á bak við strokkinn þenst hann að því, sem liggar í gegnum hann, þ.e. stangir, álagsstangir eða fóðurrör og á lokinn jafnvel að geta lokað um ekki neitt.

Gerð var áætlun um það hvernig mætti takast að fóðra holuna með raufuðum leiðara og var ætlunin að blanda fargefni (þungaleðju) með eðlisþyngd 1,7 til 2,0 og dæla í fóðurrörið alveg niður að 700 m æðinni. Þessi þyngd á að nægja til að pressa niður holutoppsþrýstinginn þar eo  $(1,7-1,0) \times 700 = 49 \text{ kg/cm}^2$ . Leðjuyfirborðið myndi þá siga niður holuna, leðja renna annaðhvort út í æðina í 700 m eða lengra niður holuna.

Ef þrýstingur heldist niðri átti að setja niður stangir niður á um 1500 m dýpi og dæla þar út meiri leðju og freista þess þannig að stifla millirennslíð. Þessa aðgerð átti að vera hægt að framkvæma með öryggi þar sem hægt var að loka með öryggisventli að stöngum á svipstundu, ef þess yrði vart að farið væri að flæða úr holunni. Dá átti að síðustu að setja stangir niður í botn holunnar og dæla köldu vatni út í þotni. Kl. 07 að morgni þriðjudags 9/9 var búið að blanda leðju í kerjó og hafði leðjan eðlisþyngdina  $1,79 \text{ kg/dm}^3$ . Kerjó var fullt og dugði það í 450 m af fóðringunni. Kl. 07 þannan morgun er blandað gel, en á meðan er ekki dælt á holuna. Þúbið er að blanda gelid kl.  $8^{15}$  og hafði þeprýstingur í holutoppi aukist úr  $28$  í  $38 \text{ kg/cm}^2$ . Dá er byrjað að dæla gelinu í holuna og svaraði magnið til  $60$  m í fóðurrörinu. Strax á eftir var leðjunni dælt og var dælt magni sem svarar til  $450$  m í fóðurröri.

Þrýstingur leðjusúlunnar umfram kalda vatnssúlu er ( $1,79 - 1,00$ )  $450 = 35 \text{ kg/cm}^2$  og féll þrýstingur í holutoppi alveg og kom sog í holuna, þegar 400 m hafði verið dælt niður. Hins vegar hafði komið í ljós, að vatnssúlan í holunni hafði hitnað svo á gúnum klukkutíma, að toppþrýstingur hafði aukist úr  $28$  í  $38 \text{ kg/cm}^2$ , en samkvæmt því var leðjusúlan ekki nógur löng til að halda þrýstingi niðri þegar leðjan hítнаði. Þegar lokið var að dæla leðjunni var öryggisventilinn opnaður til þess að láta síga þær tvær stangir, sem voru í og átti að mæla leðjuborð í gegnum stangirnar. 10 til 20 min eftir að dælingu lauk varð vart við að farið var að flæða úr holunni. Þar sem enginn stóð við rofa öryggisventilsins, tók nokkrar sekundur að komast þangað. Dá var gos u.p.b. að byrja og er ekki ljóst hvort rofinn stóð á sér augnablik, eða hvort gosið hafði peytt stönginni upp úr lokanum, þegar hann lokaði. Það síðar nefnda er þó liklegra.

Við það að þessi loki ekki dugði, þ.e. öryggislokinn með tungum, sem loka utan um stangir, þá var reynt að loka lokanum með gummistrokknum. Þetta tókst þó ekki, þar sem

þrýstiloft á kút var of lítið og einnig er talið óliklegt að lokinn geti lokað utan ekkert þegar gufugos er komið. Neðri tungur í öryggisventlinum, sem loka einsog renniloki, voru ekki tengdar lokunarbúnaðinum, og komu þær því ekki að gagni. Að nokkrum sekundum liðnum var komið fullt gos í holuna og má telja mestu mildi að ekki henti slys pá menn, sem voru að störfum uppi á borpallinum.

Eftir u.b.b. klukkustund var hafist handa við að loka 10<sup>“</sup> renniloka, sem notaður hafði verið sem borloki. Fyrst í stað gekk vel að skrúfa inn rennilokuna, en eftir því sem gatið þrengdist þyngdist lokan. Samtímis þurfti að herða bolta í flönsum, þar sem þrýstingurinn vildi þrengja sér í milli flansanna. Þegar eftir var að loka lokunni um 3 cm stóð hún alveg föst, enda var þá búið að slíta þóna í lokanum og reyna að þvinga lokuna inn með átaksþvingu. Jafnvel þótt þrýstingur í holutoppi sé mikill, sennilega um 70 kg/cm<sup>2</sup>, þá er borlokinn óeðlilega þungur, og er liklegt að fyrirstaða sé í lokanum t.d. steypa eða borsvarf. Þar sem það gat verið hættulegt að reyna meira við að loka lokapum, var ákveðið að flytja borinn af holunni og klæða nýjan loka yfir gufustrókinn.

25.11.75

KR/sg

121

## Íðnaðarráðuneytið

Amarhvoli

Reykjavík

Hjálagt sendum við ráðuneytinu samandregna kostnaðar-  
áætlun fyrir stofnkostnað borhola og gufuveitu í  
Kröfalu. Eins og yfirlitig ber með sér er áætlaður  
stofnkostnaður fyrir árin 1975, 1976 og síðar 253,4 Mkr.,  
680,0 Mkr. og 723,6 Mkr. samtals 1657 Mkr.

Á árinu 1975 hafa verið boraðar þrjár holur, en er þó  
áðeins ein þeirra fullgerð, holu 3.  
Ólokið er fóóringu annarrar, holu 4, sem er 2000 m djúp,  
og dýpkun þeirrar þriðju, holu 5, en hún er nú 1300 m  
djúp og verður dýpuð í a.m.k. 2000 m. Ástæðan til  
bess, að ekki reyndist unnt að ljúka holunum, var, að  
þryggistæki borsins voru ekki nágu óflug fyrir þann  
hita, sem kom í holu 4.

Fyrirkugað er að hefja boranir á árinu 1976 með JÖtni,  
strax og vedur leyfir og eftir að borun á Laugalandi  
í Eyjafirði lýkur. Miðað við að borun geti hafist í  
þyrjun mars er áætlað, að samtals 6 til 7 borholur  
verði fullbúnar í nóvember 1976.

Í næstu viku verður tilbúin greinargerð um árangur  
borana í ár ásamt áætlunum um boranir og byggingu gufu-  
veitu á næsta ári.

Virðingarfyllst,

122

20.11.75

Kostnaðaráætlun Kröflluveitu  
Borhölur og aðveisitukerfi gufu  
KR/sq

---

## Verk ársins 1975

	Mkr.
Boranir hola 3, 4 og 5	194,2
Hönnun aðveisitukerfis gufu	15,0
Fóðurrör í 2 holur (byrgðir)	44,2
	<hr/>
	253,4

## Verk ársins 1976

Boranir hola 6,7, 8 og 9	260,0
Fóðurrör í 1 holu (byrgðir)	20,0
Aðveisitukerfi gufu (1. áfangi)	400,0
	<hr/>
	680,0

## Verk ársins 1977 og 1978

Boranir 7 hola	412,9
Aðveisitukerfi og gufu (2. áfangi)	310,7
	<hr/>
	723,6

SAMTALS 1657 Mkr.

Ath. í ofangreindum tölum er ekki innifalinn neinn  
fjármagnskostnaður á byggingatíma né heldur  
er gert ráð fyrir verðbólgu kostnaði.

Öryggisbúnaður og framkvæmdaáætlun  
við boranir með Jötni í Kröflu 1976

eftir

Karl Ragnars

OS JHD 7614

Febr. '76.

Jarðhitasvæðið.

Nú hafa verið boraðar fimm holur við Kröflu, holur 1, 2, 3, 4 og 5.

Holur 1 og 2 voru boraðar með Wab**C**obor árið 1974 og holur 3, 4 og 5 voru boraðar með Gufubor árið 1975.

Ein þessara hola, hola 3, er fullfrágengin vinnsluhola og hola 5 var boruð í 1300 m og gert ráð fyrir að hún verði dýptuð síðar, enda hefur enn ekki verið framkvæmdur fullnaðarfrágangur á fóðringum holunnar.

Þótt svæðið sé langt frá því að vera fullkannað, hafa mikilvægar upplýsingar komið fram um vinnslueiginleika þess, einkum þó grynnri hlutann, sem nær niður á 1200 til 1600 m dýpi.

Boranir hafa sýnt, að eðlilegt er að skipta berggrunni svæðisins í þrjár aðalbergmyndanir. Efst er móbergsmundun niður á 800 m dýpi en þar tekur við hraunlagamundun. Bæðar þessar myndanir eru verulega ummyndaðar. Í þeim er nokkuð um innskotslög, sem eru mun ferskari. Neðan 1200 m dýpis eykst péttleiki innskotsлага mjög, og eru efri mörk þessarar innskotamyndunar sett við það dýpi. Verulegar vatnsæðar voru í holum 2, 3 og 4 í móbergsmunduninni og nokkrar í basaltmynduninni, en í innskotamynduninni, þ.e. neðan 1200 m, fundust engar vatnsæðar ofan 1600 m í holu 3 og 1900 m í holu 4, en lítil vatnsæð fannst í holu 3 á bilinu 1600 til 1650 og kröftug æð í holu 4 á 1940 m dýpi. Í holu 5 fundust engar teljandi vatnsæðar en hún er 1300 m djúp.

A grundvelli þessara niðurstaða er því ályktað, að borholur sem eru 1200 til 1600 m djúpar fái mesta innrennslíð ofan 1200 m, og innrennslishiti á því dýpi virðist vera talsvert minni en tilsvarandi hitastig á suðuferli, þannig að ekki er að vænta góðrar endingar á slíkum holum vegna þrýstifalls í svæðinu.

125

Niðurstöður borunar á holu 4 sýna, að hætta er á rennsli milli æða upp eftir holunni, ef hún lendir í vatnsæðum bæði fyrir ofan og neðan ferska bergið í innskotamynduninni neðan 1200 m. Þetta fyrirbæri veldur því, að suðuprýstingur vatnsins flyst upp eftir holunni, þannig að prýstingur á holutopp getur orðið stöðugur, þar sem þyngd kaldrar vatns-súlu ofan millirennslisins er þá ekki nógu mikil til að vega á móti suðuprýstingnum.

#### Öryggiskröfur við borun.

Engar sérstakar reglur eru til um styrkleika þeirra tækja, sem notuð eru við borun, en við boranir á háhitavæðum hér og viða erlendis hefur sú hefð verið í gildi, að öryggis-ventlar og borventlar séu gerðir fyrir prýsting, sem er hálfur sá prýstingur, sem mestur getur orðið í botni borholu þegar miðað er við suðuferil á tilsvarandi dýpi. Engin reikningsleg forsenda er til fyrir þessari hefð, en löng reynsla hefur sýnt, að prýstingur á holutopp hefur ekki orðið meiri en hálfur suðuprýstingur í botni holanna, þar sem kyrrstæð vatns-súla í holunni vegur að meiru en hálfu leyti á móti suðu-prýstingnum.

Ef hinsvegar millirennslu kemur fram í holum, vegna þess að "hydrostatiskur" prýstingur er hlutfallslega minni ofan til í holunni en neðan til, líkt og er í Kröflu, þá gildir þessi regla ekki lengur og er þá fyrst og fremst háð lengd fóðringar, hvað prýstingur á holutopp getur orðið mikill, þegar köldu vatni er dælt á holuna. Eins og áður segir, er ekki hægt að ganga út frá neinni ákveðinni reglu um það, hve búnaðurinn á að vera sterkur, annarri en þeirri, að öll hönnun holunnar og bortækjanna sé miðuð við þann prýsting, sem fræðilega getur orðið mestur miðað við ákveðið borddýpi, þ.e. að suðuprýstingur viðkomandi dýpis skili sér upp í holutoppinn.

Við ákvörðun á lengd fóðringa, er þá reiknað með, að prýstingur við enda fóðringar sé suðuprýstingurinn í botni holunnar.

126

Til þess að reikna þarna með mesta öryggi, þá má gera ráð fyrir að jarðög séu vöki með eðlisþyngdinni 2, og þrýstingur vökvans við enda fóðurrörs sé a.m.k. jafnmikill og suðuþrýstingur í botni holunnar.

Hér eru gefin dæmi um lengd fóðringa og styrkleika holutopps í samræmi við kröfurnar hér fyrir ofan og reiknað er með að 100 m séu á vatnsborð.

Holudýpi	Holutoppur Yfirborðsfóðring	Öryggisfóðring	Vinnslufóðring
	styrkleiki	18"	13 3/8"
			9 5/8"

1000 m	ASA 600 eða DIN 160	20 m	120 m	370 m
1500 m	ASA 900 eða DIN 160	45 m	185 m	530 m
2000 m	ASA 1500 eða DIN 250	70 m	250 m	700 m
2500 m	ASA 1500 eða DIN 320	95 m	310 m	840 m

Vinnslufóðringin 9 5/8", sem notuð er, er sambærileg styrkleika ASA 1500 eða DIN 250.

Lengd yfirborðs- og öryggisfóðringanna ákvarðast af því að hægt sé að bora í það dýpi, sem vinnslufóðringin nær til, miðað við að suðuþrýstingur þess dýpis geti orðið við holutopp.

Niðurstöður af borunum þeirra fimm hola, sem hafa verið boraðar í Kröflu benda þó til, að fráleitt sé að gera þessar ströngu kröfur til yfirborðs- og öryggisfóðringar.

Þær öryggiskröfur, sem hér hafa verið settar fram miðast við þær aðstæður, sem fræðilega geta orðið erfiðastar. Sem dæmi má nefna, að við 2000 m holu er gert ráð fyrir að þrýstingur á holutopp geti orðið  $145 \text{ kg/cm}^2$ , en í holu 4 mældist hann mestur  $90 \text{ kg/cm}^2$ .

Það verður þess vegna að vera mat á aðstæðum, með tilliti til þeirrar reynslu og þekkingar, sem fengist hefur á jarðhitasvæðinu. Hve mikil má víkja frá þessum ströngustu kröfum.

Þær holur, sem ráðgerðar eru í Kröflu þurfa væntanlega að vera 2000 til 2500 m djúpar til þess að skila þeim árangri, sem sôst er eftir.

Það er mat höfundar þessarar skýrslu, að miðað við þá reynslu og þekkingu, sem fengist hefur á svæðinu við Kröflu, sé kröfum um öryggi fullnægt ef holan er hönnuð á eftirfarandi hátt:

Yfirborðsfööring	18 5/8"	30 m
Öryggisfööring	13 3/8"	150 m
Vinnslufööring	9 5/8"	700 - 800 m
Öryggisventlar borsins		ASA 900
Borventill á 13 3/8" fööringu		ASA 300-400
" 9 5/8" "		ASA 900 eða ASA 1500
		ASA 900 í dýpi allt að 2200 m
Holulokar	ASA 900 eða DIN 160	í dýpi allt að 2200 m
	og ASA 1500 eða DIN 250	í dýpri holum

Að ofan hefur verið fjallað um styrkleika tækjanna með tilliti til öryggis. Ekki ber þó að líta svo á, að öryggi sé fullnægt eingöngu með því að velja styrkleika tækjanna nôgu mikinn. Í borun eru tækin undir miklu álagi vegna svarfs og steypu, sem um þau fara, og veltur því á miklu að hirða þeirra sé gð, þannig að gott ásigkomulag þeirra tryggi, að þau vinni eins og ætlast er til þegar á þeim þarf að halda.

Einnig veltur á miklu að starfsfólk, sem stjórnar tækjunum sé til þess þjálfað, þannig að viðbrögð séu rétt þegar á þarf á halda.

#### Efni og öryggistæki við borun í Kröflu 1976.

Föðurrör komin til Húsavíkur:

600 m H-40, 13 3/8" OD, 48 lb/ft, short threads and coupling  
 3000 m J-55, 9 5/8" OD, 36 lb/ft, buttress threads and coupling  
 7000 m J-55, 7 5/8" OD, 24 lb/ft, short threads and coupling

Föðurrör, birgðir frá 1975:

4000 m st 52, 7 5/8" OD, 8 mm veggþ., soðnir endar  
 600 m st 52, 9 5/8" OD, 8,8 " veggþ., soðnir endar

128

**Holulokar:**

Fyrir holulokar, 2 stk. DIN 160 og 1 stk. DIN 250 225/200 eru þegar fengnir og væntanlegt er tilboð í þrjá holuloka DIN 160 eða DIN 250 225/200, sem gætu komið í júní.

**Borventlar:**

Til er einn Hattersley 10" ASA 600 borloki sama gerð og notaður var við boranir 1975.

Pantaðir hafa verið tveir borlokar W-K-M 10" ASA 900 og ASA 1500 through conduit design, og hefur afgreiðslu þeirra verið lofað í ágúst 1976.

Akafar tilraunir hafa verið í gangi, að útvega þannig borloka með styttri afgreiðslu, en ekki er hægt að segja á þessu stigi, hvernig það tekst.

**Öryggisventlar, (Gosvarar):**

Notaðir verða öryggisventlar Jötuns. Eru þetta tveir Cameron ventlar 12" ASA 900, annar getur lokað utan um borstangir, en hinn lokar alveg.

Auk þeirra er einn Hydril ASA 900 gúmmistrokkloki. Allir þessir lokar takmarkast við það, að þeir pola ekki hærra hitastig en  $100^{\circ}\text{C}$ , og er það takmarkandi fyrir ventlana.

Þá er einnig fyrirhugað að útvega svokallaðan "roterandi" gosvara, sem beinir gufugosi frá borpallinum.

**Aætlun um boranir 1976.**

Boranir hefjist strax eftir að Jötunn hefur lokið við seinni holuna á Laugalandi.

Fyrstu tvær holurnar, holur 6 og 7, verði boraðar í 1500 til 1600 m dýpi. Höggborsholurnar verða 30 til 40 m djúpar, fóðraðar með 18 5/8" fóðringu í botn. Þá verður borað með 17 1/2" krónu niður á 150 m dýpi og það fóðrað með 13 3/8" fóðringu. Síðan verður borað með 12 1/4" krónu niður á 700 til 800 m og þangað fóðrað með 9 5/8" fóðringu.

Allar þessar fóðringar verða steyptar með þeiri kostgæfni, sem unnt er að viðhafa. Síðan verður borað með 8 3/4" eða 8 1/2" krónu niður á 1500 til 1600 m dýpi, en ekki verður að sinni settur leiðari í holurnar, til þess að möguleiki verði á að dýpka þær síðar.

Reynsla af borunum á jarðhitasvæðinu hefur sýnt, að hægt er að bora niður á þetta dýpi, með þeim tækjum sem til eru, með fullu öryggi.

A svæðinu hafa nú verið boraðar fimm holur og aðeins ein þeirra, hola 4 2003 m djúp, kom í gos af sjálfsdáðum. Öllum hinum holunum, sem eru 1100 til 1650 m djúpar hefur þurft að koma til með aðgerðum og má nefna sérstaklega holu 5, en borun hennar lauk í okt. 1975.

Þessi hola hefur ekki verið hvött í gos, og er vatnsborð í henni nú, fjórum mánuðum eftir að borun lauk, á 80 m dýpi, og mælist botnhiti hennar um  $300^{\circ}\text{C}$ .

Tilgangurinn með því að hefja borun á þennan hátt er einkum þrípættur:

1. Að útvega fyllri mynd af jarðhitasvæðinu niður á 1500 m dýpi, þannig að endanlega verði úr því skorið, hvort holur af þessari dýpt séu nothæfar til vinnslu.  
Reyndar bendir allt til þess nú að svo sé ekki, enda verða holurnar þannig frágengnar, að þær verður hægt að dýpka, og skoðast þetta dýpi þess vegna sem áfangi í dýpri borun.
2. Bortæknilega hefur reynst erfitt og jafnvel hættulegt að bora 2000 m djúpar holur, þótt viðhorf til slikrar borunar nú, séu að sjálfsögðu allt önnur, en áður en hola 4 var boruð.  
Það hlýtur þess vegna að teljast eðlilegt, að farið sé af stað með þeirri varkárni, sem unnt er að viðhafa, og ekki reyni á erfiðasta hluta framkvæmdarinnar strax í upphafi, enda hlyti það að teljast óvarlega að farið, ef fyrsta holan á þessu ári mistækist.
3. Vegna ýmissa atvika eins og mikilla umræðna á opinberum vettvangi um Kröflumálefni, eldgoss og skjálftavirkni og þeirra atburða, sem skeðu við holu 4 og holu 10 í Námafjalli virðist sem nokkurn kvíða hafi sett að starfsfólkini um framhald framkvæmdanna og er þessi kvíði túnkaður með ýmsu móti.

130

Má gera ráð fyrir að starfsfólkis öðlist sálarró og trú á verkefnið, ef framkvæmdaáætlunin í byrjun byggir á verkefni, sem þegar er fengin góð reynsla á.

Þegar borun fyrstu tveggja holanna er lokið á þennan hátt, sem greint er frá hér að ofan, kemur að því að taka þarf afstöðu til þess, hvað næst er gert. Valið verður þá að bora dýpra eða halda áfram að bora holur 1500 til 1600 djúpar. Seinni kosturinn er án tæknilegra erfiðleika og þarf ekki að fjölyrða um hann, en miklu líklegra er, að þörfin verði dýpri holur.

Eins og greint var frá hér að ofan er gert ráð fyrir að vinnsluföðringin verði 700 - 800 m djúp. Það má segja að æskilegt sé, að hún væri dýpri, nefndir hafa verið 840 m, en ef verulegt gagn ætti að vera af dýpri vinnsluföðringu, þá þyrfti hún að vera 1200 m til þess að komið yrði í veg fyrir millirennslíð.

Hinsvegar er okkar veikasta hlið bortæknilega að steypa föðringuna og verður að gera ráð fyrir, a.m.k. þar til annað kemur í ljós, að steyping á 700 til 800 m föðringu, sé það allra mesta, sem hægt er að framkvæma. Þess ber þó að geta, að enn hefur ekki slæmri steypingu á föðurrörum verið um að kenna þegar óhöpp hafa skeð.

Eins og áður ergreint frá, má til einföldunar við að gera sér grein fyrir hvað 700 m föðring dugir fyrir djúpa holu gefa sér eftirfarandi forsendur:

1. Eðlisþyngd jarðlaga er að meðaltali 2, þannig að jarðlagaþrýstingur við enda föðringar er  $140 \text{ kg/cm}^2$ . Ekki er reiknað með öðru en þessum þrýstingi til að varna upprennslu utan föðringar.
2. Hitastig á hverju dýpi fylgir suðuferlinum
3. Suðuþrýstingur svarandi til hitastigs í botni holunnar skilar sér að fullu upp í topp á holunni, p.e. reiknað er með að engin vatnssúla sé í holunni fyrir ofan þann stað, þar sem hitastig svarandi til suðuhita kemur fram.

Hitastig svarandi til  $140 \text{ kg/cm}^2$  prýstings er  $335^\circ\text{C}$  og tilsvarandi dýpi á suðuferlinum, þegar reiknað er með 100 m á vatnsborð, er 2000 m. Ætti þá fôöringarinnar vegna að vera óhætt að bora á það dýpi, en vitanlega eru þetta ystu og erfiðustu mörk, sem upp geta komið og fremur ólíklegt að þau komi fram í reynd. Þá mætti einnig spyrja, hve háan prýsting þurfi á holutopp til að vega á móti þyngd fôöringarinnar, þannig að hún gæti skriðið upp. Þessi prýstingur er fyrir  $9 \frac{5}{8}"$ , 36 lb/ft fôöringu  $91 \text{ kg/cm}^2$ , en ef fôöringin ekki sígur niður meðan holan er prýstingslaus, verður að reikna með að jafnmikið þurfi a.m.k. til að ýta henni upp, þannig að prýstingurinn væri þá orðinn  $182 \text{ kg/cm}^2$ .

Til þess að samræmi sé milli dýptar fôöringarinnar og annarra styrkleika virðist þess vegna ekki ástæða til að fôöringin sé dýpri en 700 til 800 m, þar sem af bortæknilegum ástæðum er ekki hægt að hafa hana svo djúpa, að tryggt sé, að millirennslí verði ekki. Öryggisventlar borsins, þ.e. renniloki með tungum sem loka um stangir og tungum sem loka alveg og gúmmistrokkloki eru ASA 900, en það þýðir að þeir geti tekið á móti  $150 \text{ kg/cm}^2$  prýstingi, ef hitastig fer ekki yfir  $100^\circ\text{C}$ , en allir lokarnir hafa gúmmíþettingar, þannig að vinnuhitastig þeirra takmarkast við  $100^\circ\text{C}$ .

Til er ASA 600 10" renniloki, samskonar og så, sem notaður var á holu 4, en hann á að þola  $80 \text{ kg/cm}^2$  prýsting við  $300^\circ\text{C}$ . Pantaðir hafa verið ASA 900 og ASA 1500 10" borventlar, sem þola  $120 \text{ kg/cm}^2$  og  $190 \text{ kg/cm}^2$  við  $300^\circ\text{C}$ . Afgreiðslu þessara ventla hefur verið lofað í ágúst, en reynt er að útvega samskonar ventla með styttri afgreiðslu.


Sem holuventlar hafa þegar verið útvegaðir tveir 225/200 DIN 160 og einn 225/200 DIN 250 en þeir þola við  $300^\circ\text{C}$   $125 \text{ kg/cm}^2$  og  $200 \text{ kg/cm}^2$  prýsting. Sá fjórði hefur verið pantaður og kemur í maí og góð von er um að hægt verði að útvega fimmta og sjötta ventilinn á sama tíma.

132

Þegar holurnar eru boraðar neðan áðurnefnds 1500 til 2000 m dýpis, er ekki ástæða til annars en að ætla, að það gangi vel meðan borað er og stöðugt dælt í holuna. Þegar borað hefur verið niður á það dýpi, sem ætlað er, þá verði dælt í holuna gegn um stangir niður á botn í einn sólarhring. Þá verði dælingu hætt án þess að holan sé opnuð og beðið eftir, hvort þrýstingur byggist upp. Þetta verður endurtekið þar til full vissa er fyrir því, að nægur tími líði, án þess að holan komi í þrýsting, þannig að hægt sé að fóðra hana með leiðara og ganga frá henni.

Dæling í botni holu 4 var í eina klukkustund og kom holan í þrýsting 4 til 5 klst seinna. Þegar hola 10 í Námafjalli var komin í  $88 \text{ kg/cm}^2$  þrýsting og orðin fullheit höfst á hana dæling og var dælt 15 l/sek í eina viku. Núna fimm vikum eftir að dælingu var hætt er holan enn ekki komin í þrýsting.

Það er ljóst að dæling á köldu vatni út í æðar holunnar hefur veruleg áhrif á þann tíma, sem það tekur holuna að koma upp, en jafnvel þótt aldrei fáist nægur tími til að fóðra, ætti ekki að vera hætta á að missa holuna óbeislaða í gos.



ORKUSTOFNUN	
Borvirk, röhrer og holdepipper	Vinnsluhöfur i Kráflu
Nr. 0102. 14 / Þeg. Tím. 114	Jötunn
Fnr. 1989	

134

1976-04-23

/es

Til Karls Ragnars, JHD,  
Sigurðar Benediktssonar, JBR,  
Stefáns Arnórssonar, JHD,

Frá Jakobi Björnssyni

Vardar: KRÖFLUBORANIR

Mikil og vandasöm verk eru nú framundan í gufuöflun fyrir Kröfluvirkjun. Til að tryggja, eftir því sem hægt er, að þau verði unnin á sem bestan hátt, vil ég biðja ykkur að taka sæti í nefnd til að fjalla um og taka ákvárdanir um framkvæmdaatriði borananna. Þar á ég sérstaklega við staðsetningu borhola, holudýpi, fóðringar, o.s.frv. Verksvið nefndarinnar er þó ekki bundið við þessi atriði, heldur hver sem er önnur, sem upp kunna að koma varðandi gufuöflunina til yfirborðs, en við holutopp tekur gufuveitan hins vegar við gufunni.

Í ákvörðunum sínum ber nefndinni jafnan að hafa það meginmarkmið i huga að afla á sem skjótastan hátt nothæfrar gufu til að virkjunin geti farið í gang sem fyrst.

Jardboranir munu eftir sem áður sjá um framkvæmd borana og JVR um gufuveituna.

Guðmundur Pálason mun taka þátt í störfum nefndarinnar, eftir því sem þarf er á.

Eskilegt er, að nefndin komist að sameiginlegri niðurstöðu um þær ákvárdanir, sem taka þarf. Verði ágreiningur, sem nefndin ekki getur leyst, er til þess atlast, að slikum málum verði vísað til míni.

  
Jakob Björnsson

135

STAÐARVAL BORHOLA Í KRÖFLU 1976

A jarðhitasvæðinu við Kröflu er einkum um að ræða þrjú svæði til borana, „efra svæði“, „neðra svæði“ og „suðurhlíð og Leirbotnar“, sem þó eru öll samtengd jarðfræðilega og teljast sama jarðhitasvæðið.

Borað hefur verið á efra (holur 2 og 4) og neðra svæði (holur 3 og 5), og á mörkum neðra svæðis og 3. svæðisins, Suðurhlíða-Leirbotna (hola 1). Niður á um 1200 m dýpi eru jarðmyndanir í holunum af svipaðri gerð. Eru þetta ummynduð, vel vatnsgeng berglög. Í þeim holum, sem dýpri eru en 1200 m, (holu 3, 4 og 5) kemur fram fersk innskotamyndun, til-tölulega þétt, af óþekktri þykkt. Hola 5 er 1300 m og nær rétt aðeins ofan í innskotamyndunina og hola 3 er 1720 m djúp. Dýpstá holan, hola 4, hitti á mjög öfluga æð i 1940 m, en í holu 3 voru ekki aflmiklar æðar í innskotamynduninni. Öfluga æðin í holu 4 var 310°C heit og olli þessi æð millirennslí í holunni, sem er bortæknilega mjög erfitt viðfangs, enda varð ekki holan hamin. Hætta er alltaf til staðar að millirennslí verði þegar borað er svo djúpt, en með nægilega djúpri, steyptri fóðringu má helst koma í veg fyrir það. Má geta þess, að samskonar tilvik og áttu sér stað í holu 4, hafa skeð bæði í Mexico og á Nýja-Sjálandi. Þegar borað er í svo hátt hitastig á jarðhitasvæði, reynir margfalt meira á efni í fóðringum og holutoppi, vegna mikils þrystings í holunni og þó ekki síður vegna þenslukrafta í fóðringum.

Allt frá því borunum lauk í fyrra hefur verið gert ráð fyrir að borað yrði á neðra svæði fyrir fyrsta áfanga Kröfluvirkjunar. Frá jarðfræðilegu sjónarmiði er þó talið, að horfur á gufuöflun séu bestar með borun 2000 metra hola í nágrenni holu 4. Hins vegar er þessi staður ekki álitlegur frá bortæknilegu sjónarmiði og hæpið að leggja út í borun á þessum stað, fyrr en betri reynsia hefur fengist í því að fóðra niður á meira dýpi en nú hefur verið gert.

136

Hér verða taldir upp kostir og gallar ofangreindra þriggja borsvæða, sem taka til ofangreindra sjónarmiða, svo og hagkvænnisjónarmiða vegna tengingar gufuveitu við borsvæðin.

„Efra svæði“.

Samkvæmt viðnámsmælingum og efnainnihaldi hveragass er þarna miðja jarðhitasvæðisins og er að vента, að þarna sé uppstreymi svæðisins, og er því að búast við óflugustu og heitustu æðunum á þessu svæði. Einnig er hér um að ræða mikla víðáttu lands, þar sem margar holur komast fyrir. Hverinn við holu 4 veldur truflun við mannvirkjagerð í nokkra fjarlægð frá uppstreyminu. Taka verður tillit til nálægðar mannvirkja við eldstöðvarnar í Leirhnúk við afmörkun á stærð „efra svæðis“. Samkvæmt reynslunni og eins og að ofan greinir er tæknilega erfitt að bora djúpt á þessu svæði, vegna mikils hita og millirennslis og má gera ráð fyrir, að alltaf sé tekin einhver áhætta við boranir þarna. Reyndar verður að hafa í huga, að sú áhætta kann að vera jafnmikil á öllum svæðunum.

Vegna fyrsta áfanga gufuveitunnar er staðsetning borhola á efra svæðinu óhentug, þar sem gert var ráð fyrir í hönnun og efnispöntunum, að fyrsti áfanginn yrði frá holum á neðra svæði.

Hugsanlegt er þó að tengja borholur á efra svæði til bráðabirgða við gufuveitu á neðra svæði.

„Neðra svæði“.

Að neðra svæði hafa verið boraðar tvær holur, sem eru 1300 (holu 5) og 1720 m (holu 3) djúpar. Bárðar þessar holur nái niður í péttu innskotamyndunina og hafa botnhita um 300° og 260°C. Í holu 3 eru helstu vatnsæðarnar ofan 1000 m dýpis. Hinsvegar virðast þær fáu æðar, sem eru neðar, þ.e. í innskotamynduninni, svo afllitlar, að niðurrennslí úr æð á 700 m dýpi er ráðandi í holu 3 og rennsli úr henni kemur af þessu dýpi, þar sem vatnið er ekki nema 220°C til 250°C. Auk þess virðist vatnsforði og þrýstingur á þessu dýpi lítill og ekki á byggjandi. Í holu 5 er engin teljandi æð. Sá möguleiki er vissulega fyrir hendi, að djúpar holur á neðra svæði séu jafn aflmiklar og á efra svæði.

Neðra svæðið er mun þrengra en eftir svæði og er ekki með góðu móti hægt að koma þar fyrir fleiri holum en 4 til 6, þótt að visu sé hægt að auka svæðið til þær vesturs og suð-austurs, en miðað við vinnslu úr grunnum holum og tiltölulega strjálar æðar er tæpast að vænta þess, að æskileg fjarlægð náiist milli holanna. Til þessa hafa boranir fyrir fyrsta áfanga gufuveitunnar verið ráðgerðar á þessu svæði, þannig að hönnun og efnisútvegur hefur miðast við það.

#### „Suðurhlíð og Leirbotnar“.

Eina holan, sem hér hefur verið boruð, er á mörkum neðra svæðis og suðurhlíðar. Þessi hola (hola 1) hefur  $300^{\circ}\text{C}$  hita í tæplega 1200 m dýpi, en nær ekki niður í innskotamyndunina, þannig að ekki er vitað, hvort innskotamyndunin nái svo langt til suðurs og liggi undir Leirbotnum og „suðurhlíð“. Þessi hluti jarðhitasvæðisins þarf ekki að vera lakari til vinnslu en hinir, þó er óljóst, hvort hér séu aðstæður til borana betri, þ.e. hvort innskotamyndunarinnar gæti hér minna vegna aukinnar fjarlægðar frá miðju svæðisins, og hvort hér sé komið út í jaðar jarðhitasvæðisins þannig að hitastig sé lægra og boranir því auðveldari og öruggari. Reynist þetta svæði hagkvæmt til vinnslu, hentar það vel vegna nálægðar við stöðvarhús, lagningu gufuveitu og eldgosahættu. Gætu boranir þá farið fram af mun meira öryggi, sem leiðir til hraðvirkari og ódýrari borunar.

Með tilliti til gufuveitu er þetta svæði u.p.b. tvöfalt nær stöðvarhúsi en neðra svæði, auk þess sem lágþrýstiskiljur yrðu í þessu tilfelli staðsettar við hlið háþrýstiskilja, en það minnkar verulega erfiðleika í rekstri vegna útfellinga, ef þær reyndust vandamál.

Þetta svæði er minnst kannað og aðeins hefur verið boruð ein hola á mörkum þess og neðra svæðis (hola 1). Borun á þessu svæði felur því í sér hættu á, að gufuöflun seinki. Einnig er tekin fjárhagsleg áhætta, ef svo tækist til að holur á þessu svæði reyndust afllitlar eða jafnvel alveg þurrar.

Nú er tilbúið eitt borstæði á neðra svæði og önnur höggborshola hefur verið boruð þar. Þar sem enn hefur ekki tekist að fá fram endanlega ákvörðun um staðsetningu borhola, sem eiga að borast í summar, hafa tvær holur verið staðsettar til viðbótar fyrir höggbor, ein á eftir svæði og önnur í Leirbotnum. Höggborun þeirra er þegar

138

hafin til þess að skortur á borplönum hamli ekki frjálsri ákvörðun um staðarval borunar, þegar þar að kemur.

Okkur undirrituðum þykir, að vandlega yfirveguðu máli, skynsamlegt og eðlilegt, að fyrsta holan verði boruð í Leirbotnum, þar sem svo mikill ávinnungur er af því, ef vel tekst til.

Þetta er þó eins og áður segir ákvörðun, sem felur í sér áhættu um gufuöflun á þessu ári og þarf tvímaðalaust að taka hana í samráði við alla aðila, sem hafa með Kröfluvirkjun að gera.

Ceykja-ólk 7 maí 1976

Karl Þorsteinsson

Stefán Þórðarsson

Sigurdur Þorsteinsdóttir

JI Fyrsta hola Jötunns (KJ 6) er borað á síðunni á Leirbotnum.

Hún hefur þegar verið fót með 1" í 150 m. Næsta fóðring 9" er áætluð í ca. 600 m, en eðan í g lengd ræðst af bergenú. Ekki er talið þorandi að bora dýptu fyrir þessari 9" fóðringu, þar sem búast má við ca. 240°C hita í 700 m, og fullt öryggi þarf að vera á að hægt sé að kæfa holuna. Áætluð bordýpt þessarar holu er 1500 - 1600 m. Ræðst sú dýpt af 9" fóðringu.

Beita verður ströngustu öryggiskröfum við hönnun og borun þessarar holu vegna þess að holan er nálægt stöðvarhúsinu. Af þessum sökum kemur ekki til greina að "teflgja" holuna niður fyrir 1600 m.

JII Önnur hola Jötunns verði á neðra svæðinu. Áætluð holudýpt 2000 - 2200 m. Tilgangur holnnar er að kanna hversu mikla gufu hægt er að vinna á miklu dýpi á neðra svæðinu. Fóðring holunnar verði þannig:

50-60 m	13" fóðring
300 m	13" " "
800-900 m	9" " "

Stefnt verði að því að 300 m 13" fóðringin verði "akkerisfóðring" með 150 m þykkum rörum og 160 m vanalegum fóðurrörum. Aðalventill verði á þessari 13" fóðringu.

Ef þykku 13" fóðurrörin verða ekki komin til landsins þegar kemur að fóðringu holunnar má fóðra holuna með vanalegum 13" fóðurrörum. Aðalventill verður þá settur á 9" fóðringuna. Þessi valkostur er mun verri en sá sem rakinn er að ofan, og tryggja verður að allar mögulegar og ómögulegar ráðstafanir verði gerðar til þess að fá þykku 13" fóðurrörin nægilega snemma.

140

JIII Briðja hola Jötunns. Tvö svæði koma til greina:

- a) á sléttunni nálægt KJ 6
- b) á efra svæði nálægt holu 4

Ekki er talið ráðlegt að bora strax aftur á neðra svæðinu heldur biða eftir árangri af annarri holu Jötunns (JII). Ef árangur af JI (KJ 6) verður talinn jákvæður verði þessi hola JIII boruð á sléttunni. Ef árangurinn verður talinn neikvæður verði þessi hola boruð á efra svæðinu. Óháð því hvor staðurinn verður valinn verði holan 2000 - 2500 m djúp. Fóðringar verði eins og í JII eða:

60 m	18"	öryggisfóðring
300 m	13"	akkerisfóðring
800-900 m	9"	millirennslisfóðring

Aðalventill verði settur á 13" akkerisfóðringu.

JIV Fjórða hola Jötunns. Þar sem bæði JI og JII eru grynnri en gert er ráð fyrir í áætlun Sig. Ben. er ekki útilokað að tími verði til að bora fjórðu holu Jötunns. Reiknað er með að áður en ákveða þarf holustæðið endanlega verði komin ákvörðun um endanlegt vinnslusvæði virkjunarinnar og verði því þessi hola boruð þar.

GI Fyrsta hola Gufubors verði boruð á efra svæðinu. Holudýpt 1200 - 1500 m. Tilgangur þessarar holu er að ná því vatni sem nú kemur inn í holu 4 á 700 m dýpi. Holan verði hönnuð þannig:

30 m	18"	öryggisfóðring
150-200 m	13"	fóðring
550-650 m	9"	" "

Talið er útilokað að þykku 13" fóðurrörin verði fyrir hendi þegar fóðra á þessa holu. Reynsla er fyrir hendi að ekki er hægt að nýta bæði efra (700 m) og neðra (2000 m) vatnskerfi á þessum stað í einni og sömu holu.

Rætt hefur verið um að láta Gufubor byrja á því að dýpka holu 5. Þann möguleika tel ég ekki skynsamlegan af eftirfarandi ástæðum:

Hola 5 er fóðruð með 9" í 650 m. Hitastig í botni holunnar 1300 m er mjög nálægt 300°C. Lengd fóðurrörs ákveður því að ekki er hægt að dýpka holuna með öruggi nema í ca. 1600 m. Sú dýpkun gæfi ekki meiri upplýsingar um jarðlög og vatnsæðar en nú er fyrir hendi í holu 3. Dýpkun holu 5 niður í 2000 m tel ég of mikil áhættuspíl á þessu stigi málsins. Hins vegar gæti borun JII niður á 2000-2200 m gefið þær upplýsingar að það væri talið þorandi að dýpka holu 5 niður í 2000 m.

Af ofangreindum ástæðum tel ég að eini möguleikinn á því að nota Gufubor á skynsamlegan hátt í Kröflu í ágústmánuði sé að bora þessa 1200 - 1500 m holu á efra svæðinu. Núverandi vitneskja um Kröflusvæðið bendir einnig til að miklar líkur séu á að þessi hola beri jákvæðan árangur.

#### GII Önnur hola Gufubors verði boruð á efra svæðinu. Holudýpt 2000 m.

Holan verði undantekningarálaust fóðruð þannig:

60 m 18" fóðring

300-350 m 13" akkerisfóðring með þykkum fóðurrörum

800-900 m 9" fóðring

Aðalventill sem bolir a.m.k.  $150 \text{ kg/cm}^2$  við 300°C verði settur á 13" akkerisfóðringu.

Tilgangur þessarar holu er að sækja þá háþrystigufu sem kemur inn í holu 4 á tæplega 2000 m dýpi. Miðað við núverandi vitneskju um Kröflusvæðið eru mestar líkur á að fá aflmiklar holur á pennan hátt.

#### GIII Þriðja hola Gufubors.

Áður en taka þarf fullnaðarákvörðun um staðsetningu GIII er reiknað með að betri vitneskja liggi fyrir um það hvort aðalvinnslusvæðið verður ofan eðan neðan við brekkuna. Ef sýnt þykir að aðalvinnslu-

142

svæðið verður neðan brekku, og ef JII gefur til kynna að það sé  
í lagi að dýpka holu 5 skal það gert. Í annan stað verður árangur  
JI, JII og GI að ákvarða staðsetningu GIII:

---

Að lokum:

Í þessari áætlun um staðsetningu borhola í Kröflu er einungis tekið  
mið af núverandi vitneskju um Kröflusvæðið, en ekki tekið tillit til  
hvort áætlunin stangast á við fyrri yfirlýsingar Orkustofnunar um  
boranir í Kröflu.

Áætlunin miðar að því að fá sem fyrst ákvörðun um aðalvinnslusvæði  
virkjunarnar þar sem öll þrjú svæðin koma til greina í byrjun.

Greinargerð til iðnaðarráðherra  
um stöðu framkvæmda við Kröfluvirkjun  
7. febr. 1977

Að þessari greinargerð standa: Páll Flygenring, ráðuneytisstjóri, Árni Snævarr, fyrrv. ráðuneytisstjóri, Kristmundur Halldórsson, deildarstjóri, Guðmundur Einarsson, verkfræðingur, Jakob Björnsson, orkumálastjóri, Guðmundur Pálmason, jarðeðlisfræðingur Orkustofnunar, Kristján Jónsson rafmagnsveitustjóri ríkisins, Einar Tjörvi Eliasson, yfirverkfræðingur Kröflunefndar.

### I. Verkefni Orkustofnunar.

#### 1. Gufuöflun.

Alls hafa verið boraðar 11 holur, þar af 9 vinnsluholur. Á árinu 1974 voru boraðar 2 rannsóknarholur, tölusettar sem hola 1 og hola 2. Gufa úr holu 1 hefur verið notuð til upphitunar vinnubúða o.fl.

Á árinu 1975 voru boraðar 3 vinnsluholur. Hola 3 gaf upphaflega 5 MW en varð svo til óvirk eftir gosið í des. 1975 Hola 4 var í byrjun mjög aflikkil en ekki tókst að hafa taumhald á henni og breyttist hún í gufuhver. Hola 5 var ekki boruð í fulla dýpt á árinu 1975. Var síðar áformað að dýpka hana, en fóðurrör hafði skekkst svo að dýpkun varð ekki möguleg og er holan óvirk.

A s.l. ári voru boraðar 6 holur, sem tölusettar eru 6 til 11. Af þeim gefa holur 6, 7 og 10 nægjanlega gufu til að tengja þær við gufuveituna. Holur 9 og 11 byrjuðu að blása um mánaðamót janúar-febrúar en ekki er fullljóst hvaða árangri þær skila, en talið er óvíst hvort hola 8 muni gefa nægilega gufu til að borgi sig að virkja hana.

Samkv. þeim upplýsingum sem fyrir liggja er búist við að holur 6, 7 og 10 geti gefið 9-11 MW gufu sem svarar til 3-4 MW inn á raforkukerfið, þar sem 6-7 MW af gufu fara í

144

töp og eiginnotkun af fyrstu gufu inn á vélina. Öll viðbótargufa skilar sér til raforkuöflunar svo til að fullu úr því, og þar að auki verulegur hluti af fyrstu töpum þegar aukið gufumagn verður fyrir hendi.

Gert er ráð fyrir að bora 5 holur á komandi sumri. Verið er að vinna að staðsetningu borholanna. Miðað við hinn takmarkaða árangur af borunum 1976 má ætla að þær geti gefið a.m.k. 10-20 MW til viðbótar þeim, sem nú eru boraðar.

## 2. Gufuveita.

Samkvæmt tímaáætlun er nú gert ráð fyrir að tengingu holu 6 verði lokið um mánaðarmótin febrúar-mars, holu 7, 9 og 11 1. viku í mars og holu 10 í apríl.

Af framansögðu og þegar athugaðar eru allar aðstæður, má, að dómi Orkustofnunar, draga eftirfarandi fram:

- A. "Ljóst er nú þegar, að árangur vinnsluborana 1976 er lakari en ónir stóðu til, bæði varðandi magn tiltækrað gufu og gæði hennar (gasinnihald; tæringaráhrif á gufukerfi). Heildarniðurstöður borananna liggja þó enn ekki fyrir, þar eð mælingum er ekki lokið á tveimur síðustu holunum sem boraðar voru.
- B. Talið er fullvist að tæringaráhrifin og gasinnihald gufunnar orsakist af eldsumbrotum við Kröflu. Vinnuhópur sérfræðinga starfar nú að því að kanna þau áhrif og finna leiðir til úrbóta. Hugsanlegt er einnig að eldsumbrotin hafi haft áhrif til rýrnunar á rennsli úr borholum.
- C. Það kom fyrst í ljós við boranirnar 1976 að áhrif umbrotanna urðu svo viðtæk á fyrirhuguðu borsvæði, sem raun ber vitni. Þetta vinnslusvæði er hins yegar aðeins hluti af jarðhitasvæðinu við Kröflu. Ekki var unnt að segja fyrir um hversu viðtæk eða varanleg áhrifin yrðu, enda ekki við sambærilega reynslu annars staðar að styðjast.

- D. Um það verður ekki sagt að svo stöddu hversu stórt það svæði er, sem áhrif umbrotanna ná til; hvort þau nái til jarðhitasvæðisins alls eða þess hluta einungis, sem borað var í á síðasta sumri. Úr þessu verður ekki skorið nema með frekari borunum.
- E. Ekki er heldur unnt að segja um það á þessu stigi máls hve lengi muni gæta þeirra áhrifa eldsumbrotanna á vinnslueiginleika, sem í ljós komu á þeim hluta jarðhitasvæðisins við Kröflu þar sem borað var 1976. Allar tölur um slikt, sem fram hafa komið í fjölmíðlum undanfarið verða að skoðast sem persónulegt mat viðkomandi. Reynslan ein getur skorið úr um þetta atriði.
- F. Ætla má, að áhrif eldsumbrotanna við Kröflu verði fremur til að tefja gufuöflun til virkjunarinnar og gera hana dýrari en að tefla henni í tvísýnu til frambúðar.
- G. Við þessar aðstæður télur Orkustofnun rétt að gera eftirfarandi:
- G.1. Halda áfram nú á þessu ári vinnsluborunum í því skyni að afla meiri gufu handa Kröfluvirkjun. Verið er að athuga hvar ráðlegast sé að halda borunum áfram. Ýmsir kostir koma þar til álita og þarf að bera þá saman. Að því verður unnið nú á næstunni.
- G.2. Halda áfram framkvæmdum við stöðvarhús og gufuveitu að því marki sem nauðsynlegt er til að geta komið stöðinni í gang með þeirri gufu sem nú er tiltæk. Fyrst yrði stöðin rekin í tilraunarekstri meðan ýmiskónar prófanir færðu fram og byrjunarörðuleikar í sjálfum rekstrinum væru yfirunnir. Er þýðingarmikið að geta notað tímann í því skyni meðan unnið er að frekari gufuöflun, svo að ekki verði frátafir af þeim sökum þegar hún er fengin."

146

### II. Verkefni Kröflunefndar.

Stöðvarhússbyggingu er nú langt til lokið. Rétt er að taka fram að þrátt fyrir það landris og landsig, sem átt hefur sér stað á Leirhnjúkssvæðinu hafa engar skemmdir eða sprungur orðið á stöðvarhúsínu, enda hefur hæðarmunur suður og norðurenda hússins, sem er um 70 m langt, aldrei orðið meiri en 1 cm. Vinnu við kæliturna, niðursetningu vélá- og rafbúnaðar svo og tengivirkri er langt komið vegna fyrri vélasamstæðu.

Áætlað er að þeim verkþáttum sem nauðsynlegir eru vegna gangsetningar fyrri vélar verði lokið 31. mars. Gangsetning vélá með álagi gæti þá orðið um miðjan apríl.

### III. Verkefni Rafmagnsveitna ríkisins.

Lagningu háspennulínu frá Kröfluvirkjun til Akureyrar mun væntanlega ljúka um mánaðamótin febr.-mars. Gerð tengivirkis á Akureyri er nærfellt lokið. Hægt verður að taka línuna í notkun í byrjun mars.

### IV. Kostnaður.

Skv. braðabirgðayfirliti nemur kostnaður við Kröfluvirkjun í árslok 1976 eftirfarandi:

Framkvæmdir á vegum Kröflunefndar	4.552
Framkvæmdir á vegum Orkustofnunar	
Boranir	931
Gufuveita	400
Háspennulína Krafla-Akureyri	530
Samtals	6.413

Áætlað til framkvæmda '77.

Kröflunefnd	688
Orkust. boranir, gufuveita	662
Háspennulína	30
	1.380
	7.793

V. Staða verksins.

Við könnun á verkstöðu framkvæmda er augljóst að meginhluti kostnaðar fram að gangsetningu fyrri vélasamstæðu er vinnulaun um 2ja mánaða skeið, til að nýta árangur borana, sem lokið var, á árinu 1976.

Viðbótarfjárfesting til nýtingar á fyrri vélasamstæðu til raforkuöflunar er fyrst og fremst tengd gufuöflun á árinu 1977 og allur árangur slikrar fjárfestingar skilar sér því í auknum afköstum fyrri vélasamstæðu til raforkusölu og þar með til nýtingar heildarfjárfestingar Kröfluvirkjunar.

Á það skal bent, að hér er um brautryðjendastarf að ræða við virkjun háhitasvæða landsins, til raforkuframleiðslu. Sambærilegar aðstæður með tilliti til áhrifa gosvirkni hafa ekki komið fram annars staðar í heiminum.

Miðað við stöðu verksins og þá reynslu, sem nú þegar hefur fengist við þessa virkjun og hinn mikla orkuskort á Norðurlandi svo og það fjármagn, sem nú þegar er búið að binda, væri óraunhæft að fresta framkvæmdum um óákveðinn tíma. Ennfremur gæti slikt haft í för með sér ófyrirséðar afleiðingar og gæti stöðvað um langa framtíð framkvæmdir til nýtingar á jarðgufu háhitasvæða landsins til orkuöflunar.

VI. Niðurstöður.

1. Haldið verði áfram nú á þessu ári vinnsluborunum til áframhaldandi gufuöflunar fyrir Kröfluvirkjun.
2. Haldið verði áfram framkvæmdum við stöðvarhús og gufuveitu að því marki, sem nauðsynlegt er til þess að geta tekið fyrri vélasamstæðu stöðvarinnar í notkun.
3. Lokið verði við lagningu háspennulínu frá Kröfluvirkjun til Akureyrar.

148

77 03 22

JB/GP/eg

## Íðnadráðuneytið

ARNARHVOLI

Vardar: Kröfluboranir 1977

Með bréfi passu er atlunin að gera hinu háa ráðuneyti grein fyrir tillögum Orkustofnunar um boranir fyrir Kröfluvirkjun sumarið 1977.

Eins og ráðuneytinu hefur áður verið skýrt frá (t.d. í bréfi 77 02 04) báru boranir 1976 ekki þann árangur, sem vonast var eftir, af ástæðum sem ekki eru að öllu leyti kunnar. Niðurstöður banda til 1-2 MW borárangurs á hverja holu á því svæði, sem borað var á 1976, og verður sá árangur að teljast lélegur. Að auki virðist vinnsluprýstingur flestra borholanna vera of lágur fyrir háþrystibrep gufuhverflanna til raforkuframeiðslu með fullri nýtni.

Alyktunin, sem Orkustofnun dragur af borárangrinum 1976 er sú, að borásvæðið 1976 sé ekki fullnefjandi sem vinnslusvæði fyrir Kröfluvirkjun, a.m.k. um nokkurt árabil. Til að standa undir 60-70 MW raforkuvinnslu þarf því að leita á nýju vinnslusvæði (eða svæðum).

Sú gufu, sem fékkst 1976 yrði hóu sjálfsögðu nýtt; fyrst í stað á þessi prýstibrep fyrra gufuhverfilsins; síðar meir e.t.v. einvörðungu á lágþrystibrep hverflanna.

Í framkvæmd Kröfluvirkjunar hefur verið lögð á það höfuðáharsla að koma virkjunninni sem fyrst í rekstur til að bæta úr raforkuástandinu á Norðurlandi. Nú hýllir undir að fyrri vélín fari í gang, en með miklum mun minni afkostum en vanst var, sem þar að auki leikur væfi á, hva mikil megi reiða sig á til frambúðar vegna óstöðugleika borholans.

Degar ljóst varð að valt er að reiða sig á afkost borhola frá 1976 og að leita þyrti að nýju vinnslusvæði, sem tekur tíma, lagði Orkustofnun til við ráðuneytið í áðurgreindu bréfi frá 77 02 04 að kannan yrði til hlítar, hvort flýta mætti lagningu Hvalfjardarlinu og syðsta hluta Byggðalinu þannig að Byggðalina næði fullti flutningssetu í lok þessa árs, og að ákvörðun yrði tekin um að gera það, ef slik flýting reyndist möguleg. Nú virðast horfur á að þetta megi takast. Þatnar þá mjög ástandið í rafmagnamálum Norðurlands og ný viðhorf skapast varðandi Kröfluframkvæmdir.

Sú staðreynd að leita þarf að nýju vinnslusvæði fyrir Kröfluvirkjun gerir það nauðsynlegt að skipuleggja gufuöflunina framvegis á annan hátt en gert var meðan talið var, að vinnslusvæðið veri þegar fundið, enda gefur tilkoma fullrar flutningsgetu Byggðalinu jafnframt meira rásrúm í því efni.

Nauðsynlegt er að gera sér grein fyrir því, hva mikil svigrúmið er án þess að vandræðaástand skapist að nýju þrátt fyrir fulla flutningsgetu Byggðalinu. Ber þá að hafa í huga að á þessu ári hefst lagning línu frá Kröflu til Austurlands.

Sankvant nýgerðri orkuspá fyrir landið allt verður Sigölduvirkjun full-nýtt að orku 1979 og Sigalda + Krafla báðar 1982. Kröfluvirkjun þarf því að geta skilað verulegum afköftum í lok árs 1979, sem táknað, að þá þarf að vera búið að vinna samsvarandi gufu og leida hana til orkuvernsins. Að reikna með meira svigrúmi í þessu efni er mjög óvarlegt að mati Orkustofnunar, og býður beinlinnis heim hættunni á orkusakorti.

Undanfarnar vikur hefur það verið til ítarlegrar athugunar á Orkustofnun, hvar vanlegast sé að leita nýrra vinnslusvæða. Niðurstaða þessara athugana er sú, að þar komi þrjú svæði til greina (sjá meðfylgjandi kort):

1. Sudurhlíðar Kröflu (austur af virkjuninni)
2. Hvithólasvæði (þáðar Kröfluöskjunnar til suðurs)
3. Námafjall

Öruggasti kosturinn af þessum þremur er talinn Námafjall, sem þó er engan veginn fullviss. Honum fylgir hins vegar miklu harri flutningskostnaður gufunnar til virkjunarinnar en frá hinum svæðunum. Hvithólasvæðið er minna jarðhitasvæði en hin tvö eftir því sem best er vitað nú. Staðsetning þess er hins vegar heppileg, m.e. liggur það rétt við gufuleiðslu milli Námafjalls og Kröflu.

Reynt hefur verið að gera upp á milli svæðanna á grundvelli núverandi þekkingar á þeim. Hefur m.a. verið reynt að beita svonefndri EMV-ákvárdanagrainingu til að velja á milli sudurhlíða Kröflu og Námafjalls sem vinnslusvæðis. (EMV = Expected Monetary Value) Með þeiri aðferð er tekið fullt tillit til mismunandi flutningskostnaðar. Þar þá útkoman eftir því, hver er liklegasti borárangur (MW/holu) á hvoru svæði um sig. Er niðurstaðan sú, að ekki sé fyrirfram efni til að meta liklegasta borárangur svo mismunandi á þessum tveim svæðum að þessi samanburðaráðferð geri upp á milli þeirra svo mark sé takandi á. Að sömu niðurstöðu hnigur almennt mat sérfræðinga stofnunarinnar á svæðunum. Áður en gert er upp á milli þeirra, þarf því að fást betri vitneskja um hvert um sig en nú liggur fyrir. Þeirrar vitneskju verður einungis aflað með borunum. Verður því að bora á öllum þremur svæðunum áður en valið er á milli þeirra.

Námafjall er það af þessum þremur hugsanlegum vinnslusvæðum, sem lengstans tíma tekur að virkja, vegna flutningsleiðslunnar. Til þess að hafa valið fyrir neðan sig, ber því að skipuleggja leit að vinnslusvæði, vinnsluborun og virkjun út frá þeiri forsendu, að Námafjall verði valið. Hin svæðin gefa rýmri tíma.

Sé nú gengið út frá því, að Námafjall verði valið og að leiðsla þaðan að Kröflu þurfi að geta byrjað gufuflutning í lok árs 1979 þarf að taka lokaákvörðun um lagningu hennar ári fyrr háð minnsta, þ.e. í lok 1978.

Af hagkvænniástæðum yrði slik leiðsla að vera gerð fyrir flutning á a.m.k. allri háþrystigufu á báðar vélarnar (48 MW). Vegna þess hve leiðslan er dýr (Nál. 1100 Mkr) er ekki ráðlegt að ákvæða lagningu hennar endanlega nema fenginn sé upp á yfirborðið verulegur hluti þeirrar gufu er flytja skal; og sýnist 30 MW í gufu vera hafilegt í því tilliti. Þarf þá að vera búið að bora nægilega mikil við Námafjall fyrir árslok 1978 til þess að tryggja þetta, ef Námafjallssvæðið verður fyrir valinu. Til þess getur mætavel þurft 7-8 holur.

A yfirstandandi ári og því næsta þarf því að bora nægilega til að

1. Velja vinnslusvæðið
2. Hafa allt að 7-8 holur tiltaðar í lok 1978 á því svæði, sem valið verður til vinnslu.

Til að ná þessu þarf að leggja megináhersluna á eitt svæði, vinnslusvæðið, í borunum ársins 1978, sem táknað aftur, að vali vinnslusvæðis þarf að vera í meginþráttum lokið í árslok 1977. Við þetta þurfa boranir ársins i ár að miðast.

Reynt hefur verið að meta, hve miklar boranir þurfi til að velja vinnslusvæðið. Slikt mat er erfitt. Meiri boranir gefa að óóru jöfnu öruggari grundvöll undir valið, en sökum þess, hve dýrar þær eru, mega þær halst ekki vera langt umfram lágmarksþörf. Niðurstóðan er sú, að lágmarkið sé 4-5 holur. Hugsanlegt er að komast megi af 4 ef árangur er mjög missunandi eftir svæðum, en annars veitir ekki af 5.

I samræmi við þetta leyfir Orkustofnun sér að leggja til við hið hér réðuneyti að

1. Boradar verði allt að 5 holur samtals í suðurhlíðum Kröflu, á Hvithólasvæði og við Námafjall. Fimmtu holunni verði þó sleppt af farið bykix (þorsvæði þessi sjást á meðfylgjandi korti).
2. Íónadarréðuneytið óski, nú þegar heimildar Náttúruverndaráðs til borunar á þessum þrem svæðum.

Ráðgert er að borun hefjist í byrjun mai.

Um fjármál borfrankvæða við Kröflu 1977 mun Orkustofnun ríta hinu hér réðuneyti sérstaklega. Það þarf að útvega verulegt fjármagn til viðbótar því sem nú er tiltakt, svo sem þær verður nánar rakið. Megin-niðurstöðurnar varðandi fjármálin eru þessar:

	Fjárar holur	Fimm holur
Heildarkostnaður, Mkr.	528,9	619,6
Fjárþörf umfram tiltakt fjármagn, Mkr.	424,3	515,0

Allra virðingarfyllst,

Jakob Björnsson

Guðmundur Pálsson



Fsk, 14

ÍÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

ARNARHVOLI, REYKJAVÍK

151

Orkustofnun  
c/o Jakob Björnsson  
Laugavegi 116

ORKUSTOFNUN  
MÁLASAFN  
112 6

REYKJAVÍK

TILV. RÁÐUNEYTIS

DAGE.

I/435.0

14.04.1977

Hjálagt sendir ráðuneytið til athugunar skýrslu  
J.T. Kuwada frá Rogers Engineering um ferð hans til Íslands  
3.-8. mars s.l., vegna gufuöflunar til Kröfluvirkjunar.

F. h. r.

e. u.

Kristmundur Hauksdóttir

152

Minnisblað

Hér verður getið nokkurra atriða, sem fram komu í ferð til Bandaríkianna 9.-15. maí 1976.

1. Gunnar Böðvarsson, Guðmundur Einarsson, Karl Ragnars og Valgarður Stefánsson heimsóttu Haliburton í Duncan, Oklahoma 12. maí 1976. Við ræddum við marga starfsmenn Haliburton, og er ástæða að nefna Homer Pitch, sem var gestgjafi okkar og Dr. Al Daneshy, sem er Senior Research Engineer í Fracturing Section hjá Haliburton Services.

Aðalumræðuefni okkar var möguleikar á að sprengja út berg í borholum, með vatnsþrýstingi (hydrolic fraction). Við lýstum aðstæðum á Kröflusvæðinu, og lögðum fram að auka rennsli úr holum í Kröflu með því að nota "hydrolic fracturing" aðferð á holurnar. Helstu sjónarmið þeirra Haliburton manna voru

- a) Rennsli úr holum í Kröflu er miklu meira en það rennsli sem venjulega skapast við "hydrolic fracturing". Þess vegna yrði um hltfallslega lítinn ávinnig að ræða, þó aðgerðin tækist vel.
- b) Tæknilegir erfiðleikar eru mjög miklir við framkvæmd "hydrolic fracturing" í "open hole", þ.e.a.s. þar sem fóðurrör er ekki steypt fast, og töldu þeir Haliburton menn að ekki yrði hægt að búa til sprungur í bergið nema með því að hafa steypt fóðurrör bæði fyrir ofan og neðan þann stað í holunni sem á að sprengja út. Hér er rétt að benda á mismun í skilgreiningu á því sem Haliburton menn kalla "hydrolic fracturing", og því sem hér á Íslandi er kallað "pökkun". "Hydrolic fracturing" þýðir að notaður er svo hárr þrýstingur að sprungur myndast í bergið við holuna. Þessum sprungum er svo haldið opnum með sérstökum sandi, sem er dælt niður með þeim vökva sem notaður er við aðgerðina. Komið hefur í ljós að æskilegt er að nota vökva með mikilli seigju til þess að mynda sprungur í berg. Sú aðferð, sem lengi hefur tilkast hér á landi, að dæla vatni með háum þrýstingi undir pakkara vilja þeir hjá Haliburton ekki kalla "hydrolic fracturing" heldur vilja þeir kalla það "clean up". Hins vegar mæltu þeir með því að áfram yrði haldið með pakkanir (clean up),

þar sem það væri mun handhægari aðferð en "hydrolic fracturing"  
auk þess sem þessi aðferð (pókkun) hefði sýnt sig að bera árangur  
við íslenskar aðstæður.

Gunnar benti á að land við Kröflu væri að gliðna, og myndu þær að-  
stæður léttu fyrir að sprengja út bergið með vatnsþrýstingi.

Menn voru sammála um að ef berg yrði sprengt út í Kröflu yrðu sprungur-  
nar lóðréttar.

Það kom greinilega fram í viðræðum við starfsmenn Haliburton að tækja-  
kostur á Íslandi er alls ófullnægjandi, bæði til steypinga í holum  
og til þess að gera "hydrolic fracturing". Viss hjálp væri í að  
kaupa hingað dælusamstæðu, sem nota mætti bæði til djúpra steypinga  
og til að pakka holur. Ef mið er tekið af því að nú eru fóðurrör  
steyppt niður í 800 m dýpi í Kröflu, kemur það mjög til álita hvort  
ekki skuli stefnt að því að kaupa dælur til þessara framkvæmda. Búast  
má við að kostnaður við kaup á slíkum dælum sé US \$ 150000 - 250000.  
Öll tæki til þess að gera "hydrolic fracturing" myndu líklega kosta  
um US \$ 500000.

Haliburton er fús til að taka að sér að framkvæma "hydrolic fracturing"  
aðgerðir á Íslandi ef við óskum þess. Kostnaður við hverja aðgerð  
er ca. 250000 bandaríkja dalir.

2. Guðmundur Einarsson, Karl Ragnars og Valgarður Stefánsson áttu langt  
samtal 11. maí 1977 við J.I. Kuwada, sem er vicepresident hjá Rogers  
Engineering. Til umræðu var einkum skýrla Kuwaša um heimsókn hans  
til Íslands 3.-8. mars 1977. Það kom fram í viðræðum við Kuwada að  
skýrslu hans hafði ekki verið dreift innan Rogers Engineering, og  
Kuwada sendi eitt eintak til formanns Kröflunefndar

Allmikill tími fór í umræðu um jarðhitakerfið við Kröflu. Þau atriði  
í skýrslu Kuwada sem fjalla um jarðhitakerfið eru byggð á munnlegum  
uppslýsingum frá sérfræðingum jarðhitadeildar. Nokkur atriði, svo sem  
þykkt jarðhitakerfa og aðgerðir til mælinga á borholum voru skýrð nánar  
og leiðrétt ef með þurfti.

Kuwada virtist ekki trúður á að fyrir hendi væri tveggja fasa streymi í bergi í Kröflu, heldur væri tveggja fasa streymið staðbundið við holurnar. Við nánari umræðu kom í ljós að það er aðeins stigsmunur á hugmyndum Kuwada og þeirri mynd sem sérfræðingar JHD aðhyllast. Kuwada telur að suða sé í berginu á litlu bili, en að holurnar nái niður í vatn. Valgarður telur hins vegar að hið mikla magn af  $\text{CO}_2$  geri það að verkum að suða sé í bergi niður á 2,5 km og jafnvel dýpra.

Rætt var við Kuwada um raufun fóðurröra, og kom í ljós, að nokkuð misjafnt er hve stór og hve mörg göt eru räufuð. Þannig eru raufanir í Kröflu meiri en í Cerro Prieto, en minni en Kuwada þekkti til. Raufanir í Kröflu eru samkvæmt reglum sem notaðar hafa verið á Nýja Sjálandi. Fundarmenn voru sammála um að erfitt væri að skilgreina hvað væri venja í þessum málum, en vel gæti verið ástæða að athuga hvort aukin raufun mundi auka rennsli úr holum.

Stærð á skiljum kom einnig til umræðu. Karl Ragnars benti á að um væri að ræða hversu mikil umframafköst skiljurnar væru hannaðar fyrir. Skiljur í Kröflu væru hannaðar fyrir 50% umframafköst, en japanir hönnuðu sínar skiljur oft fyrir 100-300% umframafköst. Kuwada taldi að það væri fyrst og fremst vidd skiljanna, sem skipti máli, en að hæðin skipti minna máli.

Auk þessara atriða benti Kuwada á að honum litist ekki á stjórnkerfi gufuveitu, og taldi að mjög erfitt væri að starta stöðinni með óbreyttri hönnun stjórnkerfis.

3. Í San Diego fengum við tækifæri að ræða við Dr. Edward Page og L.J. Katz hjá Seismic Exploration Inc. um titringsmælingar. Kom í ljós við þær viðræður, að ef reyna ætti þessa aðferð í Kröflu væri einfaldast að láta bandarískra fyrirtækið annast upptöku og úrvinnslu gagna. Allmikið var rætt um hvaða áhrif blásandi borholur hefðu á slikar mælingar, og taldi L.J. Katz að truflun vegna þeirra gæti vel verið það mikil að ekki væri hægt að heita þessari aðferð í Kröflu. Menn urðu sammála um að ekki fengist úr þessu skorið nema með því að gera tilraun til upptöku á svæðinu.

um

4. Valgarður átti ýtarlegt samtal við Gunnar Böðvarsson "Stytta tillögur Gunnars Böðvarssonar um framhald rannsókna og borana á Kröflusvæði..." dags. 26.4.77. Þar kom fram:

varðandi (1) að Gunnar reiknar með 50-100 m neti í þyngdar- og segulmælingum - að Gunnari er ljóst að erfitt geti reynst að gera nákvæmt þyngdarkort af svæðinu vegna breytinga á þyngdarsviði með tíma.

varðandi (2) - að Gunnar telur hæfilega fjarlægð borholu við Hvithóla vera ca. 200 m frá Öskjurima.

varðandi (3) - að Gunnar vildi ekki benda á neitt sérstakt í skýrslu Kuwada sem hafa átti hliðsjón af, heldur "bara að við læsum skýrsluna".

varðandi (4) - að Gunnar ætlaði að breyta þessum kafla.

5. Guðmundur Einarsson, Gunnar Böðvarsson, Karl Ragnars og Valgarður Stefánsson ræddu stöðu mála 12. maí 1977 eftir heimsókn til Haliburton. Menn voru sammála um að ekki væri að vænta mikils af hydrolic fracturing að svo stöddu a.m.k.

Nokkuð var rætt hvort til væru aðgerðir til rennslisaukningar á þeim holum sem þegar eru fyrir hendi. Sjálfsagt þótti að gera tilraun að taka upp liner í heinhverjum holum. Voru einkum nefndar hola 6 og hola 10 í þessu sambandi. Þá var einnig talin ástæða að reyna að dæla miklu magni undir háum þrýstingi á holur. Menn voru sammála um að ekki væri hægt að segja fyrifram um hvort slik aðgerð bæri árangur. Einig voru menn sammála um að æskilegt væri að dæla ca. 100-150 l/s í þær holur sem þetta yrði reynt við.

Allmiklar umræður urðu um það hvort ástæða væri til að bora í Leirbotnum sumarið 1977.

Guðm. taldi að mikið rennsli úr holu 11 réttlætti borun annarrar holu við hliðina á holu 11.

Valgarður benti á að óstöðugleiki í holu 11 vegna samspils beggja kerfa gerði það að verkum að ekki væri eins æskilegt að búa til aðra slika holu eins og, ef eingöngu væri litið á rennsli úr holunni. Taldi Valgarður

156

að æskilegt væri að bora holur þannig að efra kerfið væri fóðrað af. Ef borað yrði í Leirbotnum þýddi það liklega 1200-1500 m steypta fóðringu, og það er dýpra en hægt er að steypa með núverandi tækjakosti jarðboranna. Hins vegar vonuðust menn til að þykkt efra kerfisins í suðurhlíðum Kröflu væri þynnri en í Leirbotnum, svo likur væru á að 800 m fóðring þar nægði til að fóðra af efra kerfið.

Karl taldi að ef miðað væri við jarðhitafræði eingöngu ætti ekki að bora í Leirbotnum: á komandi sumri. Hins vegar gætu verið fyrir hendi aðrar ástæður, sem gætu réttlætt slika aðgerð. Taldi Karl að ef til þess kæmi væri skynsamlegast að dýpka holu 9, vegna þess að þar væri til hálf hola, og fjarlægðin frá holu 11 skipti ekki megin máli.

Gunnar sagði að réttast væri að bora ekki neitt fyrr en frekari rannsókn hefði farið fram á svæðinu. Hann sagði að ef menn vildu bora í Leirbotnum væri verið að taka mikla áhættu, og ef aðstæður við Kröflu væru slikein að það rétlætti það að taka þessa áhættu mætti auðvitað gera það.

Gunnar sagðist leggja til borun í suðurhlíðum Kröflu, vegna þess að þar virtust vera jarðfræðilegar aðstæður sem hann væri að sækjast eftir (prungur, innskot). Ástæðan fyrir því að Gunnar leggur einnig til borun við Hvithóla er að með því er farið út af virkasta svæðinu.

Gunnar, Karl og Valgarður voru sammála um að frá jarðhita sjónarmiði, væri ekki hægt að ráðleggja borun í Leirbotnum 1977.

Guðmundur og Gunnar töldu að æskilegar framkvæmdair við Kröflu á næstunni væru:

- a) Borun í suðurhlíðum Kröflu og við Hvithóla.
- b) Hreinsum á fyrirliggjandi holum.
- c) Borun í Leirbotnum nálægt holu 11.

Karl og Valgarður voru sammála pkt. a og b en ekki pkt. c.



## ÍÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

ARNARHVOLI, REYKJAVÍK

157

Orkustofnun  
Laugavegi 116

REYKJAVÍK

TILV. RÁÐUNEYTIS

DAGS.

I/435.0

6. maí 1977

Ráðuneytið vísar til bréfs yðar dags. 22.3.1977 um Kröfluboranir 1977 svo og viðræðna um þessi mál að undanförnu.

Ráðuneytið fellst hér með á að í sumar verði borað á svæði 1 (Suðurhlíðar Kröflu) og svæði 2 (Hvílhólkif). Óskað er eftir því að Orkustofnun geri tillögur að staðsettningum hola á ofangreindum svæðum. Um svæði 3 (Námafjall) vill ráðuneytið taka fram að það tekur á þessu stigi máls ekki afstöðu til borunar þar í sumar og telur eðlilegt að fullreynt verði um öflun gufu á Kröflusvæðinu þar sem ein grundvallarástæðan fyrir því að Kröflusvæðið var valið fram yfir Námafjallssvæðið var sú skoðun Orkustofnunar að það svæði þ.e. Kröflusvæðið væri miklu öflugra jarðhitasvæði en Námafjallssvæðið. Þar að auki hafa í síðustu jarðskjálftahrinum myndast sprungur í austanverðu Námafjalli á því svæði, sem rætt hefur verið um að bora í. Þessar sprungumyndanir hafa orðið eftir að bréf Orkustofnunar, sem vitnað er í, barst ráðuneytinu. Ráðuneytið telur því að ekki skuli verja fjármagni í undirbúning borunar á svæði 3 að svo stöddu.

Þá óskar ráðuneytið eftir því að Orkustofnun geri tillögur um hvernig auka megi nýtni í þeim borholum, sem þegar er búið að bora á Kröflusvæðinu. Er hér vitnað í umræður um þessi mál að undanförnu svo og skýrslu eftir Kuwada frá Rogers Engineering frá mars 1977.

Ráðuneytið óskar eftir tillögum frá Orkustofnun um hvaða aðgerðir séu nauðsynlegar í sumar, ef það mark væri sett, að a.m.k. 10 MW afl verði til ráðstöfunar frá Kröfluvirkjun fyrir n.k. vetrarálag. Slikt afl verður að teljast mjög æskilegt bæði sem aukið öryggi fyrir Norðurland og einnig til þess að öölást sem fyrst rekstrarreynslu fyrir virkjunina. Í þessu sambandi telur ráðuneytið það koma til athugunar að fyrsta holan í sumar verði boruð á svæði sem næst skiljuhúsi og holu 11, sem virðist vera öflugasta

158

holu svæðisins. Einnig kæmi til greina að hefja borun á núverandi ónotuðum borpalli, sem er austan við skiljuhús, til þess að hægt væri að hefja borun án undirbúningstafa. Óskast upplýst hvenær ráðgert er að flytja Jötunn frá Laugalandi að Kröflu og hvenær vænta megi að boranir hefjist við Kröflu.

Að lokum óskar ráðuneytið eftir því að Orkustofnun sendi ráðuneytinu kort yfir allar núverandi borholur á Kröflusvæðinu ásamt væntanlegum tveim borsvæðum helst á sama blaði til þess að auðveldara sé að átta sig á fjarlægðum. Ef borholur þær, sem Orkustofnun hyggst gera tillögur um að bora á svæði 1 og svæði 2 eru nú þegar ákveðnar skal einnig merkja þær inn á kortið.

F. h. r.





## ÍSLANDSÐARRÁÐUNEYTÍÐ

ARNAÐIÐ V. 12, REYKJAVÍK

159

Orkustofnun  
Laugavegi 116

REYKJAVÍK

ORKUSTOFNUN  
MÁLASAFN  
1135

TILV. RÁÐUNEYTIS

DAGS.

I/435.0

23.06.1977

I framhaldi af bréfi ráðuneytisins frá 6. maí s.l.,  
varðandi Kröfluboranir 1977, telur ráðuneytið rétt að flytja  
jarðborinn Jötunn til Kröflu þegar lokið er við borholu að  
Laugalandi fyrir Hitaveitu Akureyrar.

F. h. r.  
e. u.

*Kristjánur Hallgrímsson*


**ORKUSTOFNUN**
*160*

Dags. 1977-07-18

Tilv. vorJB/áa

Dags.

Tilv. yðar

...  
**Iðnaðarráðuneytið  
Arnarrhvoli**

Vardar: Breyttar tillögur um Kröfluboranir 1977

Með bréfi dags. 1977.03.22 sendi Orkustofnun hinu háa ráðuneyti tillögur sínar um boranir við Kröflu 1977.

Þær tillögur gerðu ráð fyrir borun á 5 holum á yfirstandandi ári á þremur borsvæðum.

Með bréfi frá 1977.05.06 félst ráðuneytið á borun á tveimur af þessum þremur svæðum.

Með bréfi frá 1977.06.23 óskaði ráðuneytið eftir að Jötunn yrði fluttur að Kröflu að lokinni borun á Laugalandi. Sú ósk hefur verið framkvæmd.

Enn hefur ekki leystst úr fjárlunaryvandanum í sambandi við Kröfluboranir 1977. Nú er orðið það áliðið sumars að hæpið er að upphafleg áætlun sé framkvæmanleg héðan af. Enn fremur liggja nú fyrir meiri upplýsingar um rennsli í borholur frá 1976 en lágu fyrir þegar tillögurnar voru gerðar. Allar þessar viðbótarupplýsingar eru á þá lund að rennslið í holurnar er óstöðugra og minna en vænst var. Því telur Orkustofnun æskilegt að kanna nánar hvað valdið geti þessari hegðun borholanna frá 1976.

Bæði þessi atríði gefa að dómi Orkustofnunar tilefni til að breyta þeim tillögum um Kröfluboranir sem settar voru fram í áðurnefndu bréfi frá 1977.03.22. Fylgja hinar breyttu tillögur hjálagt. Meginatriði þeirra eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að boraðar verði tver holur í ár í suðurhlíðum Kröflu, í stað fimm hola alls í suðurhlíðum Kröflu, á Hvítálasvæði og við Námafjall.
2. Gerðar eru tillögur um aðgerðir á holum sem boraðar voru í fyrra.

161

3. Lagðar eru til, í ljósi reynslunnar frá því síðustu tillögur voru gerðar umfangsmeiri mælingar á yfirborði á jarðhitasvæðinu við Kröflu en áður var gert ráð fyrir. Mælingar þessar, sem eru einkum jarðeðlisfræðilegs eðlis, taka ekki einungis til borsvæðisins frá 1976, heldur meginhluta jarðhitasvæðisins við Kröflu í heild. Þessar mælingar eru að hluta til þegar hafnar.

Tilgangur aðgerðanna í 2. og 3. lið er sá, að reyna að varpa ljósi á orsakir þess að borholurnar frá 1976 hegða sér á þann hátt sem raun ber vitni um, og bæta staðsetningar borhola í framtíðinni. Það er hugsanlegt að aðgerðirnar í 2. lið, þ.e. á borholunum frá í fyrra hafi það jafnframt í fór með sér að afköst holanna aukist, a.m.k. um tíma. Á það ber hinsvegar að leggja áherslu, að með öllu er óvist að svo verði eða hve varanleg hugsanleg afkastaukning verður ef hún verður einhver. En hvort heldur um slika aukningu verður að ræða eða ekki getur niðurstaðan samt gefið mikilvægar vísbindingar um orsakir hins lélega borárangurs 1976. Sú vitneskja getur komið að góðum notum síðar.

Kostnaðaráætlun um hinan breyttu borunartillögur fylgja einnig hér með. Samkvæmt þeim lækkar umframfjárþörf umfram fjárlög og framkvæmdaáætlun úr 683 Mkr í 629 Mkr við breytinguna, eins og nánar kemur fram á yfirlitinu.

I bréfi ráðuneytisins frá 1977.05.06 er m.a. vikið að greinar-gerð Kuwada frá Rogers Engmeering. Enn fremur hefur ráðuneytið síðan spurtst munnlega fyrir um viðbrögð Orkustofnunar við skýrslu dr. Gunnars Böðvarssonar er hann samdi eftir heimsókn sína hingað á þessu vori. Báðar þessar skýrslur hafa verið teknar til rækilegrar umfjöllunar hjá Orkustofnun, og hefur verið tekið fullt tillit til þeirra við mótu þeirra breyttu tillagna sem hér liggja fyrir.

Allrar virðingarfyllst,

Jakob Björnsson  
Jakob Björnsson

Guðmundur Pálason  
Guðmundur Pálason

*162*

77-7-15

BREYTT ÁÆTLUN UM  
KRÖFLUBOKANIR 1977  
JB/GP/KR/mó

1. Boraðar verði tvar holur í suðurhlíðum Kröflu 1977.
2. Gerð verði tilraun til að draga upp "liner" úr KJ-7 eða KJ-6 eða KG-10 sem boraðar voru í fyrra. Hver holan verður fyrir valinu ræðst af því í hverri aðgerðin þykir líklegust til að heppnast að undangenginni forathugun. Tilgangurinn er að kanna hvaða áhrif "liner" hefur á rennsli inn í holuna.
3. Höla KJ-9 verði dýpkuð í 2000 m úr ca 1100 m sem hún nú er í. Ekki verði settur "liner" í hana og henni hleypt upp án hans.
4. Gerðar verði yfirborðsmælingar og mælingar í borholum eftir áætlun sem sýnd er á meðfylgjandi plöggum. Sumar þessar mælinga eru þegar hafnar.

163

A. HOLUR BORADAR FYRIR 1977.

- A-1 Efnafræði. Fylgst verður með efnasamsetningu borholuvökva á svipaðan hátt og verið hefur. Auk þess verður mælt Ra, Hg og As í vissum sýnum.
- A-2 Aflmælingar. Fylgst verður með afli í holum á svipaðan hátt og verið hefur og aðstæður leyfa. Stefnt er að því að koma upp búnaði á holur í Námafjalli, svo hægt sé að fylgjast með afli í holum þar.
- A-3 Hita- og þrýstimælingar. Fylgst verður með hitastigi og þrýstingi bæði í Kröflu og á Námafjallssvæði. Tvar holur í Námafjalli (hola 3 og 9) þarf að útbúa sem mælingaholur.
- A-4 Þrýstiáhrif milli hola. Mælingar á vökvafremðilegum eiginleikum Kröflusvæðisins verður gerð með því að athuga þrýstiáhrif milli borhola þegar breytingar eru gerðar á rennsli holanna.

B. BORHOLUR BORADAR 1977.

- B-1 Jarðfræði. Fylgst verður með borsvarfi á svipaðan hátt og 1976. Í athugun er að freista þess að mæla varmaleiðni svarfsins.
- B-2 Hita- og þrýstimælingar verða gerðar á svipaðan hátt og áður.
- B-3 Viðnámsmælingar verða gerðar í borholunum fyrir hverja fóóringu.
- B-4 SP (sjálfspenna) verður mæld í lok borunar þegar vatni er dælt á holu. Sp gefur vitneskju um æðar í borholu.
- B-5 Prepadælingar verða framkvæmdar við lok hverrar borunar.
- B-6 Ef tækjabúnaður verður fyrir hendi verður reynt að mæla eðlisþyngd borholuveggjanna með gamma-gamma mælingum.

1. Þéttar þyngdarmælingar verða gerðar innan öskjunnar. Byrjað verði á að þéttá núverandi þyngdarmælinganet. Gunnar Johnsen annast þessar mælingar og úrvinnslu þeirra í samvinnu við Sven Sigurðsson og Guðmund Pálason.
2. Verið er að mæla þétt segulkort með 10-20 m mòskva. Segulfrávik, sem fundist hafa nálgæt holu 3 verða rakin. Auk þess verður segulsvið mælt í suðurhlíðum Kröflu. Mælingar og frumtúlkun annast mælingaflokkur undir stjórn Guðmundar Bjarnasonar. Yfirumsjón með verkinu hefur Axel Björnsson.
3. Jarðspenna verður mæld á Kröflusvæðinu í sumar. Mælt verður eftir línum yfir helstu vinnslusvæðin. Aætlað er að fjarlægð milli mælingapunkta verði ca 10-20 m. Mælingaflokkur mun annast þessar mælingar. Yfirumsjón með verkinu hefur Axel Björnsson.
4. Schlumbergermælingar og tvípólsmælingar verða fyrst og fremst framkvæmdar á Námafjallssvæðinu, þar sem mikill fjöldi mælinga liggar fyrir á Kröflusvæði. Ragna Karlsdóttir og Axel Björnsson sjá um þetta verk. Kannað hefur verið að fá erlenda aðila til að framkvæma AMT og MT mælingar á Kröflusvæðinu. Aætlaður kostnaður við súlikar mælingar er ca 20 Mkr. Lagt er til að súlikar mælingar verði gerðar í sumar.
5. Í samvinnu við Egil Hauksson og Lamont verða framkvæmdar mælingar á radon úr borholum í Kröflu og Námafjalli.
6. Í samvinnu við Jón Ólafsson á Hafrannsóknarstofnun er í ráði að mæla kvíkasilfur og arsen úr borholum í Kröflu og Námafjalli.
7. JHD mun gera nokkrar tilraunir á mælitækni á Kröflusvæðinu í sumar. Má þar nefna MT, Tellurik og titring. Þá er einnig ráðgert að fá til landsins mælitæki sem mæla kvíkasilfur í jarðvegi.
8. Reglubundinni gosvakt verður haldið áfram á sama hátt og áður. Einkum verður fylgst með skjálfavirkni, hæðar- og hallbreytingu lands og sprunguhreyfingum. Yfirumsjón með gosvakt hefur Axel Björnsson.

ORKUSTOFNUN

1977 07 14

ÁETLUN UM VIÐBÓTARFJÁRDÖRF UMFRAM  
FJÁRLÖG OG LÁNSFJÁRÁETLUN VIÐ  
BREYTTA ÁETLUN UM KRÖFLUBORANIR  
1977  
JB, GP, KR/es

166

Áætlun apríl

1977	+ 15%
Mkr	Mkr

Borun á 5 holum	735,2	845,5
" " 4 "	635,1	730,4
Viðbótarcostnaður pr. holu 1)	100,1	115,1

Borun á 5 holum	735,2	845,5
Gufuveita '77	71,7	82,5
"Hali" frá '76	371,9	371,9
	1178,8	1299,9

Hækjun vegna verðlagsbreytinga apríl '77-júlí '77 121,1

Viðbótarfjárdörf sambærmt breyttri áætlun:

Viðbótarfjárdörf skv. áætlun frá apríl '77	683 Mkr
+ verðlagsbreytingar	+ 121 -
- niðurfelling á 3 borholum (3 x 115)	- 345 -
+ aðgerð á KJ7 eða KJ6 eða KG10	+ 40 -
+ dýpkun á KJ9	+ 60 -
+ viðbótarcostnaður JHD vegna aukinna yfirborðsmælinga o.fl.	+ 40 -
+ biðtimi jötuns við Kröflu ca.	+ 30 -
	Viðbótarfjárdörf, breytt áætlun 629 Mkr

- 1) Viðbótarcostnaðurinn felur ekki í sér kostnað við fóðurrör,  
þar eð þegar hafa verið keypt rör í 5 holur.



166

## IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

AHNARHOLI, REYKJAVÍK

Orkustofnun  
Laugavegi 116

105 REYKJAVÍK

TILV. RÁÐUNEYTIS

DAGS.

I/435.3

77-07-27

Ráðuneytinu hefur borist bréf frá fjármálaráðuneytinu þar sem segir m.a.:

"Ráðuneytið skírskotar til samþykktar ríkisstjórnarinnar 19.þ.m., þar sem samþykkt var allt að 100 mkr. aukning á lánsfé til Orkustofnunar umfram lánsfjáráætlun 1977 til að kanna og endurvinna borholur þær, sem gerðar hafa verið á Kröflusvæðinu. Vill ráðuneytið staðfesta, að ráðstafunir hafa verið gerðar til að þetta fjármagn verði til reiðu.

I samræmi við umræður á nefndum ríkisstjórnarfundi og til undirbúnings frekari ákvörðunum um fjármagn til virkjunarfamkvæmda við Kröflu, óskar ráðuneytið þess, að iðnaðarráðuneytið láti í té eftir-talin gögn:

Aætlun um þer framkvæmdir, sem ætlað er að vinna að á næsta ári, þannig að séð verði hvernig hagkvæmt er að ljúka framkvæmdum við Kröflu.

Þá var samþykkt í ríkisstjórninni á áðurnefndum fundi, að Orkustofnun sé óheimilt að ganga í nokkrar nýjar skuldbindingar fyrr en ríkisstjórnin hefur tekið beiðni iðnaðarráðuneytisins um fjármagn umfram lánsfjáráætlunar til athugunar að nýju. Fer ráðuneytið þess á leit, að iðnaðarráðuneytið tilkynni Orkustofnun þessa ákvörðun til að tryggja virka framkvæmd hennar."

Ráðuneytið óskar hér með eftir því að Orkustofnun geri áætlunar um framkvæmdir á næsta ári.

Jafnframt ítrekar ráðuneytið að Orkustofnun er óheimilt að ganga í nokkrar nýjar skuldbindingar vegna framkvæmda við Kröflu þar til öðruvísi verður ákveðið.

F. h. r.

Pál Þygeson  
Láknabruason

## IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Orkustofnun  
Laugavegi 116

REYKJAVÍK

167

I/031.2

77.07.20

Ákveðið er að skipa nefnd til að samræma aðgerðir og taka ákvörðun um meiri háttar framkvæmdir við Kröflu.

Óskar ráðuneytið hér með stæðfestingar tilnefndingar Orkustofnunar á Karli Ragnars, deildarstjóra, í umrædda nefnd.

Aðrir nefndarmenn verða:

Páll Flygenring, iðnaðarráðuneyti, formaður  
og  
Einar Tjörvi Eliasson, Kröflunefnd.

Svo sem verið hefur mun Karl Ragnars stjóraa framkvæmdum Orkustofnunnar á staðnum og Einar Tjörvi Eliasson, framkvæmdum Kröflunefndar.

The image shows two handwritten signatures. The top signature, "Karl", is written in cursive script above the name "Ragnars". The bottom signature, "Einar", is written in a similar cursive script above the name "Tjörvi Eliasson". Both signatures are placed directly above their respective printed names.

innfært 21. júlí 1977

168

Kröflunefnd  
c/o Jón G. Sólnes ,  
Fossthólf 5,  
Akureyri.

I/031.2      21. júlí 1977

Ráðuneytið hefur ákveðið að skipa nefnd til að samræma  
aðgerðir og taka ákvörðun um meiri háttar framkvæmdir við  
Kröflu.

Nefndarmenn eru:

Páll Flygenring, iðnaðarráðuneyti, formaður.  
Karl Ragnars, Orkustofnun.  
Einar Tjörvi Eliasson, Kröflunefnd.

Svomsem verið hefur mun Karl Ragnars stjórna framkvæendum  
á staðnum og Einar Tjörvi framkvæendum Kröflunefndar.

Ráðuneytið gerir ráð fyrir að Kröflunefnd geri ekki  
athugasemdir við þessa nefndarákipun, enda breytist á  
engan hátt verksvið Kröflunefndar.

F. h. r.



afrit: Ingvar Gíslason  
varaformaður Kröflunefndar.

Innfært 22. júlí 19

169

1977-08-02

JB/6a

REGLANDA IL KARLI

REGLANDA RITUSSU

Iðnaðarráðuneytið  
Arnarhvöli  
101 Reykjavík

Varðar: Bréf hins háa ráðuneytis frá 1977 07 22 um  
nefndarskipun vegna Kröflufrankvenda.

Eftir óak hins háa ráðuneytis á ofangreindu bréfi hefur  
Orkustofnum tilnefnt mann af sinni hálfu í nefnd þessa,  
Karl Ragnar ðeildarstjóra. Fylgir hjálagt afruit af orð-  
sendingu undirritaðs til Karla um þetta.

Jafnframt vill Orkustofnum vekja athygli hins háa ráðuneytis  
á því sem takið er fram í orðsendinguinni varðandi skilning  
stofnumarinnar á nefndarskipun þessari. Hún litar svo á að  
fyrirmali ráðuneytisins til hennar í bréfi frá 1974 06 21  
sem fylgir hjálagt í ljósriti séu ann i fullu gildi, þrátt  
fyrir nefndarskipun þessa, en af þessum fyrirmalum leitir, nema  
á dómi Orkustofnunar, að allar ákvárdanir varðandi þann  
hluta Kröflufrankvanda sem samkvæmt bréfi þessu frá 1974  
06 21 er í höndum Orkustofnunar verða að hljóta samþykki  
yfirmanna hennar, orkumálastjóra, til að ólast gildi, hvæð  
sem nefndin kann að ákveða.

Ég leyfi mér að venta þess að ráðuneytið sé samþykkt þessum  
skilningi minum varðandi nefndarskipunina.

Allra vörðingarfyllist,

Jakob Björnsson

ORKUSTOFNUN

/70

ORÐSENDING TIL KARLS RAGNARS  
FRÁ UNDIRRITUÐUM

1977 08 02 JB/áa

Iðnaðarráðuneytið hefur ákveðið að skipa þriggja manna nefnd "til að samræma aðgerðir og taka ákvörðun um meiri háttar framkvæmdir við Kröflu", eins og segir í bréfi ráðuneytisins til Orkustofnuðar um þetta mál.

Þú ert hér með tilnefndur til að taka sæti í nefnd þessari af hálfu Orkustofnuðar.

Aðrir nefndarmenn verða:

Páll Flygenring, ráðuneytisstjóri, sem verður formaður nefndarinnar, og  
Einar Tjörvi Eliasson, yfirverkfræðingur  
Kröflunefndar

Í bréfinu er tekið fram að "svo sem verið hefur mun Karl Ragnars stjórna framkvæmdum Orkustofnuðar á staðnum og Einar Tjörvi Eliasson framkvæmdum Kröflunefndar".

Út af orðalaginu "og taka ákvörðun um meiri háttar framkvæmdir við Kröflu" vil ég sérstaklega taka fram, að ég lít svo á að fyrirmæli Iðnaðarráðuneytisins í bréfi þess til Orkustofnuðar frá 1974 06 21 (sem hér fylgir með í ljósriti) séu enn í fullu gildi, þrátt fyrir ofangreinda nefndaskipun. En af því bréfi leiðir að allar ákvarðanir varðandi þann hluta Kröflumannvirkja sem Orkustofnun er fálin framkvæmd á með bréfinu, eru endanlega í höndum Orkustofnuðar og á hennar ábyrgð- og þurfa þar með staðfestingu orkumálastjóra til að öðlast gildi en ekki nefndarinnar.

Tilnefning þín í nefndina er cerð með fyrirvara um þetta atriði, og er þér falið að starfa í netnuinni í samræmi við framangreindan skilning á þessu atriði.



Jakob Björnsson

Afrít: Iðnaðarráðuneytið



**IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ**  
ARNARHVOLI REYKJAVÍK

171

1135

Orkustofnun  
Laugavegi 116

REYKJAVÍK

TILV. HÁÐUNEYTIS

I/435.2

DAGS.

21.06. '74

Iðnaðarráðuneytið felur hér með Orkustofnun, að undirbúa mannvirki til vinnslu jarðgufu handa jarðgufuafsstöð við Kröflu eða Námafjall, sbr. lög nr. 31 10. apríl 1974 um jarðgufuvirkjun við Kröflu eða við Námafjall í Suður-Þingeyjarsýslu.

Undirbúningurinn skal taka til allra þeirra mannvirkja sem nauðsynleg eru til vinnslu jarðgufunnar, og afhendingu hennar til aflstöðvarinnar í því ástandi að hún sé nothæf beint á hverflana. Ennfremur til þeirra mannvirkja er kunna að reynast nauðsynleg til að draga úr hugsanlegum áhrifum virkjunarinnar á lífríki Mývatns, svo sem frekast er kostur, sbr. 2. gr. fyrrnefndra laga.

Um þessi síðasttöldu mannvirki skal Orkustofnun hafa samráð við Náttúruverndarráð; um önnur mannvirki skulu höfð samráð, eftir því sem nauðsyn krefur, við nefnd þá er iðnaðarráðherra skipaði til að undirbúa jarðgufuvirkjun við Kröflu. Formaður þeirrar nefndar er Páll Lúðvíksson, verkfræðingur, Álfheimum 25, Reykjavík.

Undirbúningur þessi skal unninn í samráði við ráðuneytið eftir nánari ákvörðun þess.

þingvallavirkjun

Finn Þorvaldsson

172

1977 12 12

JB/sg

## Íðnaðarráðuneytið

ARNARHVOLI

Varðar: Kröfluboranir og gufuveituframkvæmdir 1978

Með bréfi þessu er stlunin að gera hinu hérá ráðuneyti grein fyrir tillögum Orkustofnunar um boranir fyrir Kröfluvirkjun 1978, og rannsóknir þeim tengdum svo og framkvæmdir við gufuveitu og mannvirki til að losna við afgangsvatn.

Orkustofnun leyfir sér að leggja til við hið hérá ráðuneyti að á árinu 1978 verði

1. Starfrakt gufuveita og borholur sem nú þegar eru í rekstri.
2. Gerðar mælingar og rannsóknir í tengslum við holur I-II.
3. Haldið uppi gosvakt við Kröflu í svipuðum mali og á árinu 1977.
4. Gerðar yfirborðsrannsóknir á jarðhitasvæðinu við Kröflu.
5. Boraðar fjórar holur í suðurhlíðum Kröflu.
6. Gerðar mælingar og rannsóknir í tengslum við þær boranir.
7. Haldið uppi staðarvörslu og birgðavörslu í tengslum við þær aðgerðir sem þessar tillögur fjalla um.
8. Lagðar safnadar frá núverandi skiljustöð frá einni eða tveimur af þeim fjórum borholmum sem lagt er til að boraðar verði, ef borárangur gefur tilefni til, samtals allt að 800 m.
9. Reist hús yfir núverandi skiljustöð og lokið frá gangsvinnu við gufuveitu sem lögð var 1976-1977.
10. Gerð kmilón fyrir afgangsvatn virkjunarinnar og boraðar þrjár borholur með höggþor eða óðrum samþarilegum bor til að fylgjast með afdrígum vatnsins aftir að því hefur verið sleppt niður í hraun. Þetta verk er uppfylling á skilyrðum sem Náttúruverndarráð setti fyrir að leyfa virkjunina.
11. Keypt ný sementsdæla til að endurbesta steypingar á fóðurrrörum á miklu dýpi við hátt hitastig.

Á meðfylgjandi kostnaðaryfirliti er nánar rakinn kostnaður við þessar tillögur. Í heildartölunni er meðtalin 156 verðhakkun og 56 lántökukostnaður. Áð þessu meðtöldu verður niðurstöðutala kostnaðarámtlunarinnar 1560 Mkr. Þar af eru 689 Mkr. vegna sjálfra borananna á holunum fjórum.

Fjárvöntun 1977, 228 Mkr., er hér ekki meðtalin, en fyrir henni var gerð ítarleg grein í bréfi Orkustofnunar til ráðuneytisins 1977 12 10. Eins og þar kemur fram miðast talan um þessa fjárvöntun, 228 Mkr, við það, að hola 10 verði ekki tengd á þessu ári og að heimild fáist til að nota það fé, 63 Mkr., sem tenging hennar er talin kosta og þegar hefur verið veitt til að grynnka á skuldum nú í ár. Áð óðrum kosti hækkar fjárvöntunin sem þessari fjárhæð kemur.

EKKI eru gerðar tillögur um að hola 10 verði tengd á árinu 1978, þar eð reynslan af henni og nýlegri hreinsun hennar, þykir ekki gefa tilefni til þess.

Hér skal farið nokkrum orðum um einstaka líti tillagnanna.

#### 1. Starfraksal borhola og gufuveitu í rekstri

Undir þessum lífi er talin sú starfsemi, sem beinlinis leiðir af því, að borholurnar og gufuveitan, sem nú eru í rekstri, verður starfrakt á árinu 1978. Kostnaðarlega séð, skiptir það ekki höfuðmáli, hve mikla örku virkjunin framleiðir, veitan þarf gmulu og eftirlit nánast óháð því, ýmsar lagfæringar þarf að gera o.s.frv. Kostnaðurinn samastendur af starfsmannakostnaði, rekstrarvörum og varahlutum.

Hreinsun útfellinga í borholmum er þó ekki reiknuð með í reksturskostnaði. EKKI er gerð tillaga um að hreinsa útfellingar úr holum á árinu 1978.

#### 2. Mælingar og rannsóknir samfara rekstri hola 1-11

Hér er um að raða hita- og þrýstimmelingar, sýnatöku og efna-greiningar í svipuðum mæli og verið hefur. Jafnframt er gert ráð fyrir að afmælingar á holum verði gerðar reglubundið.

#### 3. Gosvakt

Hér er um að raða samskonar eða svipaða starfsemi og haldið hefur verið uppi á árinu 1977. Meðan umbrot halda áfram við Kröflu er nauðsynlegt að halda þessari starfsemi áfram í sama mæli og verið hefur.

#### 4. Yfirborðsrannsóknir jarðhitasvæðis

Hér er um að raða margvislegar jarðbeðlisfræðilegar mælingar sem ráðgert er að gera á yfirborði jarðhitasvæðisins alls við Kröflu.

174

### 5. Borun

Í bréfi Orkustofnunar til ráðuneytisins frá 77 03 22 um Kröflu-botanir 1977 segir svo:

"Ályktunin sem Orkustofnun dregur af borárangrinum 1976 er sú, að borsvæðið 1976 sé ekki fullnægjandi sem vinnslusvæði fyrir Kröfluvirkjun, a.m.k. um nokkurt árabil. Til að standa undir 60-70 MW raforkuvinnslu því að leita á nýju vinnslusvæði (eða svæðum)".

Í tillögnum er síðan lagt til að borað verði á þessur nýggum borsvæðum 1977, þ.e. suðurhlíðum Kröflu, Hvítólasvæði og við Námafjall, 5 holur alls. Ráðuneytið félst á tillögur um borun á tveimur fyrrnefndu svæðunum, en af borun í ár varð ekki sökum fjárskorts.

Aðgerðir þar, sem framkvæmdar voru í ár á borholunum frá 1976 hafa m.a. aukið talsvert þekkingu manna á jardhitaaðstæðum á Kröflusvæðinu. Þar hafa staðfest ýmsar þær hugmyndir sem sérfræðingar Orkustofnunar gerðu sér um jardhitakerfin tvö á þessum slóðum og innbyrðis afstöðu þeirra. Þetta er nánar rakið í Holubréfi 7 sem ráðuneytinu hefur verið sent. Skýrsla um árangur aðgerðanna á borholum fram til þessa hefur verið samin og verður send ráðuneytinu alveg á næstunni. Endanlegs mats á árangrinum er þó ekki að vanta fyrr en eftir nokkra mánuði, þegar í ljós kemur hvernig langtímahegðun holanna er.

Í óburgreindu bréfi Orkustofnunar frá 1977 03 22, þar sem settar eru fram boranartillögur fyrir 1977, er greint frá rökum þeim er að baki þeim lágu og frá tilraunum til að gera fyrirfram upp á milli líkindanna á árangri borunar á svæðunum þessur, þ.e. suðurhlíðum Kröflu, Hvítólasvæði og Námafjalli. Var komist að þeirri niðurstöður, að á þáverandi stigi þetti ekki efni til að gera upp á milli heirra varðandi líklegan borárangur svo að mark veri á takandi. Yrði því að bora á þeim öllum.

Í sama bréfi er skýrt frá því, að samkvæmt orkusþá purfi Krafla að gera skilað verulegum afköstum í lok 1979. Í tillögnum fyrir 1977 gekk Orkustofnun út frá þessu og versta tilviki varðandi það, hvar vinnslusvæði endanlega yrði, n.fl. að það yrði við Námafjall, svo sem nánar er rakið í bréfinu. Sýnt var fram á að miðað við þessar forsendur veitti ekki af að bora fimm holur 1977, og að vali vinnslusvæðis byrfti í meginindráttum að vera lokið 1977.

Svo var ekki gert. Um það er því ekki að ræða lengur að ná örugglega þessu marki ef svo illa takst til að velja verður Námafjall sem vinnslusvæði. Dekking sú sem fékkat í sumar hefur aukið líkurnar á árangri af borunum í suðurhlíðum Kröflu. Þetta gerir það að verkum að rétt bykir að leggja nú meiri áherslu en áður á suðurhlíðar Kröflu, sem er það af borsvæðunum þessur, sem næst liggar orkuverinu, en nokkru minni á Hvítólasvæðið, og mun minni á Námafjall. Þess vegna er legt til að 1978 verði aðeins borað í suðurhlíðum Kröflu.

175

Staðsetning briggja hola af fjórum er sýnd á meðfylgjandi yfirlitskorti. Staðsetning hinnar fjórðu verður ákvæðin síðar, þegar nánari vitneskja liggur fyrir um langtimahagðun holu KJ9, vantanlega með vorinu. Rökin fyrir þessum staðsetningum eru nánar rakin í fylgiskjali með bréfi þessu.

Astæða er til að leggja áherslu á þá tímasetningu sem að ofan er rakin, að Kröfluvirkjun verði farin að skila verulegri orku í lok árs 1979. Samkvæmt orkuspá reynir á vinnslugetu virkjunarinnar strax eftir 1979 og hún er fullnýtt (báðar samstæður) 1982. Geti virkjunin ekki gegnt hlutverki sínu á þessum árum má búast við orkuskorti. Reyna verður með öllum ráðum að koma í veg fyrir slikt. Fram til ársloka 1979 eru aðeins tvar borvertiðir. Þær kunna að naga en það má lítið útaf bera til að þær nagi ekki. Borvertiðin 1978 má því ekki glatast.

Hér verður að minna á, að langsamlega starsta vandamál Kröfluvirkjunar er gufuðflunin. Er unnt að finna nægjanlega gufu á næstu tveimur sumarum til þess að virkjunin geti gegnt hlutverki sínu á sinum stað í virkjanaröðinni, þ.e. milli Sigoldu og Brauneyjafoss. Þetta er sú spurning sem mest er um vert að svara.

Byðing óvissunnar um gufuðflunina verður hér eftir að hafa algeran forgang fram yfir aðrar framkvæmdir við Kröflu.

Meginóvissan við Kröflu liggur ekki í því, hvort vélarnar snúist ef þær fá gufu, né heldur í því, hvort þær skila tilákilinni nýtni við tiltekið álag, þótt slikt sé vissulega mikilvagt. Því síður liggur hún í því, hvort unnt er að leiða gufuna til stöðvarinnar. Ekki skiptir neinu höfuðmáli a.m.k. út árið 1978, hvenær fundin gufa er leidd til stöðarhússins. Að visu er nauðsynlegt að hafa fengið reynslu af rekstrinum áður en fyrir alvöru er þörf fyrir virkjunina á raforkumarkaðinn, til þess að tóm gefist til lagfaringa á ýmsu, sem betur má fara. En þetta eru þó smámunir hjá gufuðtlunarvandanum. Raunar gera kostnaðarástlanir þær sem fylgja tillögum þessum ráð fyrir að eina eða tvar af fjórum holum megi tengja núverandi skiljustöð á næsta ári.

Hér verður að hafa í huga að ekki er lengur um raforkuskort á Norðurlandi að meða eins og þegar hafist var handa um virkjunina. Að visu er óryggi rafmagnsnotenda ann ekki eins mikið og eskilegt vari, en þó miklum mun betra en var til skamms tíma, og ekki lækara en svo að við má una fyrst um sinn. Að finna meiri gufu er og forsenda þess að Krafla geti aukið óryggið.

Orkustofnun vill því leggja á það áherslu að ekki má til þess koma að ekki verði boraðar nýjar holur við Kröflu 1978. Þær á að bora þær sem jarðhitasérfræðingar telja næsta von um árangur.

176

#### 6. Mælingar og rannsóknir samfara borun

Undir þessum lið eru hita- og þrýstingsmælingar í nýum borholum, sýnataka úr þeim og efnagreiningar og afmælingar á holunum. Auk þess eru undir þessum lið kaup á "cement bond tools", takjum til að mæla steypu á bak við fóðurrök og á hallamæli til að mæla halla á bhrholum.

#### 7. Staðarvarlsa, býrgaðvarsla og almennur kostnaður

Hér er nánst um að ráða sameiginlegt heiti á kostnaðarliðum, sem ekki verða með bóðu móti felldir undir aðra töluliði í þessari upptalningu, svo sem ýmsar rekstrarvörur, flutningar á efni, starfsmannakostnaður, aðkeypt bjónusta ýmisskonar, auk almanns kostnaðar svo sem vegna síma, teknipjónustu erlendis frá o.s.frv.

#### 8. Safnaðar frá nýjum borholum

Ein eða tvar hinna fjögurra hola í suðurhlíðum Kröflu eru staðsettar þannig að tenging þeirra við núverandi skiljustöð er möguleg eða a.m.k. hugsanleg á næsta ári, ef borárangur verður góður, og er hún því tekin með í þessa ámtlun. Gert er ráð fyrir leiðslum sem samanlagt eru allt að 800 m. Lagt er til að þessi tenging verði því aðeins gerð 1978 að unnt sé að vinna verkjó áður en vetur gengur í gard. Að öðrum kosti getur kostnaður við það orðið miklu harri en hér er ámtlað, og ekki er tilefni til að leggja í hann.

#### 9. Frágangsvinna við gufuveitu sem lögð var 1977

Hér er um að ráða smiði húsa yfir skiljustöðina og ýmis minni verk, þar á meðal lagfæringu og snyrtingu á umhverfi veitunnar. Það er verk sem Nátturuverndarráð leggur mikla áherslu á.

#### 10. Kmlilón fyrir afgangsvatn o.fl.

Hér er um að ráða ráðstöfun til að losna við afgangsvatn virkjunarinnar á þann hátt að það skaði ekki umhverfið að dómi Nátturuverndarráðs, sem hefur full umrás yfir öllu virkjunarvæðinu samkvæmt lögum. Gerð þessara mannvirkja er eitt af skilyrðum ráðsins fyrir leyfi þess til að reisa virkjunina og verður af þeim sökum ekki lengi undan smiði þeirra víkist.

#### 11. Kaup á cementsdælu frá Haliburton

Hér er um það að ráða að bæta tekjakost Jarðborana ríkisins til að steypa festifööringu á miklu dýpi við hátt hitastig. Slikra djúpfööringa verður þörf til að loka af efra kerfið við Kröflu. Nokkur óvissa er hvenær dælan getur komið til landsins vegna þess hva afgreiðslufrestur er langur, og eru jafnvel áhöld um hvort hún nær borvertið 1978. En það er þó ekki vonlaust. Einmitt hinn langi afgreiðslufrestur gerir nauðsynlegt að ákveða kaupin sem fyrst.

177

Nokkurt álitamál getur verið hvort telja eigi þessi kaup til Kröfluvirkjunar eða hvort Jarðboranir ríkisins eru að kaupa ðæluna á eigin spýtur. Það geta þær því aðeins gert að leigu-tekjur af henni geti staðið undir kostnaði við kaupin. Jarðborunum byrfti og að útvega fé til kaupanna, svo að sá vandi yrði hinn sami þótt þær keyptu ðæluna.

---

Að endingu vill Orkustofnun ítreka það sjónarmið, að gufuðflunin er megin vandinn við Kröfluvirkjun, og að lausn hans verður að hennar dómi að hafa algeran forgang umfram önnur verk tilhreyrandi virkjuninni.

Í virkjunarmálum Kröflu verður nú orðið oft vart uppgjafarsjónarmiða. Öllu skuli slagið á frest um óákvæðinn tíma. Orkustofnum tekur ekki undir þau sjónarmið. Í ljós hafa komið óvantir erfiðleikar við gufuðflun fyrir virkjunina, sem að hluta má sjálfsgað rekja til umbrota. Jarðhitakerfin við Kröflu virðast óvenjulega flókin. Tilhneiginga hefur gatt til að setja fram einfaldaðar skýrslanir og lausnir á erfiðleikunum. Þessi viðleitni er skiljanleg, en lítt venleg til árangurs. Lausnin verður aðeins fundin með því að við beitum þekkingu farstu manna og fylgjum ráðum þeirra. Að sjálf-sögðu kostar hún mikil fé. En það er líka til mikils að vinna þar sem virkjunin biður óstarfsmæf.

Orkustofnun leyfir sér að vanta þess, að hið háa ráðuneyti fallist á framangreindar tillögur og beiti áhrifum sínum til hins ítrasta til að fjármagn fáist á lánsfjáræstlun 1978 til að framkvæma þar.

Allra virðingarfyllst,

---

Jakob Björnsson

---

Guðmundur Pálsson

*178*

Orkustofnun

1977 12 12

Tillögur Orkustofnunar um boranir  
og gufuveituframkvæmdir við Kröflu  
1978. Kostnaðaryfirlit.  
Verðlag í nóv. 1977  
KR/sg

	Mkr.
1. Starfræksla gufuveitu og borhola sem þegar eru í rekstri	25
2. Mælingar og rannsóknir samfara rekstri hola 1-11	49
3. Gosvakt, í svipuðum mæli og 1977	23
4. Yfirborðsrannsóknir á jarðhitasvæðinu	40
5. Borun á fjórum nýjum holum	689
6. Mælingar og rannsóknir samfara borun	47
7. Staðarvarsla, birgðavarsla og annar alm. kostn.	55
8. Safnæðar (800 m)	129
9. Skiljuhús og frágangur gufuveitu	51
10. Kælilón og höggborsholur vegna afgangsvatns	69
11. Borholu- og sementsdæla frá Haliburton	<u>140</u>
	1317
12. Verðhækkanir, 25%	<u>329</u>
	1646
13. Lántökugjöld, 5%	<u>82</u>
	1728

Orkustofnun  
Jarðhitadeild  
77-12-14

Greinargerð um jarðhitalegt mat  
á Leirbotnum og suðurhlíðum  
Kröflu  
VS/sg

Í þessari greinargerð verður fjallað um jarðhitalegt mat á núverandi borsvæði og borsvæði í suðurhlíðum Kröflu.

#### JARDHITALÍKAN

Þegar borholur þær, sem boraðar voru í Kröflu á árinu 1976 fóru að blása kom í ljós að innri gerð jarðhitasvæðisins var mun flóknari en menn höfðu reiknað með áður. Í janúar 1977 var sett fram ný mynd (líkan) af svæðinu. Það líkan studdist við niðurstöður úr þeim holum sem þá voru nýboraðar auk niðurstaðna úr öðrum holum. Þessu líkani af jarðhitalegum eiginleikum Kröflusvæðisins er lýst í Holubréfi nr. 7. Sú þekkingaraaukning sem orðið hefur á árinu 1977 hefur orðið til þess að styrkja megin drætti likansins en einnig fyllt í eyður.

Líkan þetta byggir á niðurstöðum fjölda athugana og mælinga, sem spenna yfir mörg fræðisvið (jarðfræði, jarðefnafræði, jarðeðlisfræði). Þegar hægt er að þjappa saman svo margbreytilegum, óskyldum og óháðum niðurstöðum í eina einfalda mynd er kominn grundvöllur að nota líkanið til ákváðanatöku. Þetta var gert bæði við móttun tillagna um boranir 1977, en í enn ríkara mæli við gerð tillagna um boranir 1978.

Við mat á jarðhitalegri stöðu á núverandi borsvæði kemur eftirfarandi í ljós. - Fyrir hendi er jarðhitakerfi sem er flóknara að innri gerð en önnur þekkt jarðhitasvæði í heiminum. Tvö kerfi eru til staðar. Efra kerfi um  $220^{\circ}\text{C}$  heitt og neðra kerfi  $320-340^{\circ}\text{C}$  heitt.

- Neðra kerfið er í suður.
- Í efra kerfinu koma fram kalkútfellingar sem gera nýtingu þess erfiða.
- Hitastig neðra kerfis er með því hæsta sem mælst hefur á jarðhitasvæðum.
- Vegna hins háa hita er komið út fyrir þekkingarmörk jarðefnafræðilegra eiginleika jarðhitavökvans.
- Áður óþekktar útfellingar af járn og kísilsamböndum hafa stiflað góðar gufuholur á skömmum tíma.

Þegar litið er á ofangreinda upptalningu má ljóst vera að um verulega tæknilega og þekkingarlega örðugleika er við að etja við nýtingu jarðhitans á þessu svæði.

Í þessari stöðu, og með tilliti til þess að rafstöðin er nú tilbúin að taka á móti gufu er lagt til að leita frekar að borsvæðum með betri vinnslueiginleikum en þeim sem fyrir hendi eru á núverandi borsvæði.

Fyrirliggjandi líkan af Kröflusvæðinu bendir til að líkur séu á betri vinnslueiginleikum austan við núverandi borsvæði. Er þetta rakið nánar í Holubréfi nr. 7. Er þar bent á að grynnst sé á neðra kerfið nálægt náttúrulegu varmauppstreymi. Viss atriði benda til að jarðhitakerfin tvö sem kortlögð hafa verið á núverandi borsvæði renni saman í Hveragili eða suðurhlíðum Kröflu.

Af þessum ástæðum er lagt til að fyrstu borholur í suðurhlíð verði í eða mjög nálægt náttúrulegu varmaútstreymi.

Varmaútstreymi í suðurhlíðum Kröflu er að mestu innan geira sem takmarkast af tveim misgengjum (sprungum) sem hreyfðust veturninn 1975-76 (sjá kort). Ástæða er að ætla að þessar tvær sprungur stjórni einhverju um rennsli jarðhitavökva á miklu dýpi. Þess vegna er lagt til að borholur í suðurhlíð séu á milli þessarra sprunga.

Til þess að geta lagt mat á suðurhlíðar Kröflu sem vinnlusvæði þarf að bora a.m.k. tvær holur í mismunandi fjarlægð frá núverandi borsvæði. Að meðfylgjandi korti eru sýndar staðsetningar þriggja borhola í suðurhlíðum Kröflu.